Þegar fyllingu er lokið skal fara fram úttekt á yfirborði þannig að fulltrúi verktaka og eftirlitsmaður verkkaupa mæla yfirborðið. Frávik á einstökum mælistöðum má ekki vera meira en 30 mm. Meðalfyllingarhæð má ekki hafa meira frávik en +/- 20 mm frá réttri hæð.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Fyrir bögglabergsfyllingu í götu og gangstéttar greiðist ákveðið verð á rúmmetra fullþjappaðrar fyllingar skv. mælingu og greiðslumörkum.*

*Innifalið í einingarverði skal m.a. vera flutningur, jöfnun og þjöppun og allur annar kostnaður við að fullgera verkið skv. ofangreindri lýsingu.*

*Innifalið í tilboði skal vera allur kostnaður, efni og vinna þ.m.t. vegna plötuprófs/prófa og rannsókna á kornadreifingu og mat á lekt.*

### **2.2.4 Púkkmulningur**

Setja skal púkkmulning undir hellulögð götu- og gangstéttarstæði í samræmi við snið og önnur gögn.

Púkkmulningur er hér notað sem samheiti fyrir gropið gosefni sem bæði er laust og fast í náttúrunni. Efnið sem nota á skal vera bólstraberg, bögglaberg, kubbaberg eða mulið þétt hraun. Efnið má ekki vera rakaviðkvæmt, þ.e.a.s. burðarþol skal vera lítið háð raka. Efnið skal forunnið í námu með forbrjóti eða hörpun. Efnið skal vera til haugsett í námu í nægjanlegu magni fyrir hvern verkáfanga í gatnagerð. Sýnataka fer fram í námu og við losun á verkstað.

Allir fletir efniskorna skulu vera brotflétir. Sáldurferill púkkmulnings skal liggja innan markalína samkvæmt töflu og mynd hér á eftir. Sáldurferillinn skal vera sem mest samsíða markalínunum og grófleikatalan  $Cu = D60 / D10 > 10$ . Sáldurferlar miðast við efni í námu eftir vinnslu. Sé sýni tekið eftir völtun má markalína fyrir fínefnainnihald hliðrast lóðrétt upp um 2 % að hámarki ( dæmi 10 % verða 12 %) miðað við sýni tekið í námu.

Síukröfur milli fyllingarefnis og púkkmulnings skulu ætíð uppfylltar.

Í upphafi verks skal verktaki leggja fram 2 **nýjar** kornastærðarferla fyrir púkkmulning sem áformað er að nota. Fyrir hverja 1000 m<sup>3</sup> af efni skal leggja fram nýja kornakúrfu.

Til að forðast aðskilnað við útlögn og til að hægt sé að leggja malbik beint á púkkmulninginn skal miða við unnið efni 0 – 63 mm og ekki gera ráð fyrir lagfæringum á yfirborði með fínni mulning. Heimilt er að efnið sé forunnið 0 – 100 mm, en reynist þá yfirborð púkkmulnings ójafnt eða opið skal fínjafna yfirborð með lagi af mulningi 0

25mm, sem skal vera eins þunnt og kostur er (efniskröfur sbr. línurit í kafla 0) og valta yfir með hámark 3 yfirferðum með léttum valta (minni en 5 tonn).

Miðað er við að efnið sé frostþolið ef hlutfall efniskorna minni en 0,075 mm er lægra en 6,5 % af þurri þyngd. Sé sýni tekið úr vegi eftir völtun hækka mörkin um 2 %. Niðurstöðum úr athugun á sáldurferli skal skila á línuriti eins og sýnt er á meðfylgjandi mynd.

Eins og áður segir skal efni uppfylla kröfur til sáldurferla og liggja sem næst samsíða markalínunum. Þó má samþykkja notkun efnisins sem hefur sáldurferil sem ekki liggur nægilega samsíða markalínunum ef E2 mælt með plötuprófi í stórum stálhólki mælist hærra en 220 MPa.

Ef vafi er á um að efni sé þúkkmulningur skal athugað hvort efnið brotni niður í frosthættulegt efni við völtun, að viðnámshorn á þjöppuðu efni sé hærra en 45° við 1,0 MPa álag og lekt efnisins eftir þjöppun sé minnst 10-2 cm/sek.

Fyrir niðurlögn á þúkkmulningi skal sléttun og þjöppun á fyllingu lokið samkvæmt kröfum verklýsingar.

Þúkkmulningi skal jafnað út í 200 mm þykkt lag samkvæmt þversniðsteikningum. Þykktin er meðalþykkt með fráviki á yfirborði +/-20 mm og á undirfyllingu +/- 20 mm, en þó skal þykkt ekki fara undir 170 mm. Þúkkmulningur skal ná 500 mm út fyrir kantlínur götu. Að þjöppun lokinni má ekki muna meiru en +/- 20 mm frá hönnunarhæðum mælt á plötu sem er 300 mm á kant. Frávik frá 4 m réttsskeið má mest vera 10 mm. Þar sem lengdarhalli er minni en 10 ‰ skal frávik frá lengdarhalla ekki vera meiri en 1 ‰ á 4 m réttsskeið. Mesta frávik frá hönnuðum þverhalla má vera +/- 4 ‰.

Við þjöppun skal nota 5-8 tonna titurvaltara og fjöldi yfirferða skal vera minnst 4. Plötupróf með 300m plötu á þúkkmulningslag skal ná: E2 > 120 MPa og E2/E1 < 2,5.

Umferð á þúkkmulningi skal takmörkuð við útlögn og jöfnun og skal haldið í algjöru lágmarki.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er fyrir fermetra af útlögðum þúkkmulningi samkvæmt mælingu og teikningum. Innifalið í einingarverði er m.a. efni, flutningur, niðurlögn og þjöppun í rétta hæð.*

## 2.3 SNJÓBRÆÐSLA

### 2.3.0 Almennt

Verkið felst í að leggja snjóbræðslulögn og snjóbræðslustofna niður Laugarveg milli Snorrabrautar og Hlemmhallar. Verkið skal unnið samkvæmt uppdráttum VSÓ Ráðgjafar og verklýsingu.

Snjóbræðslukerfið er opið kerfi, upphitun kerfis er með bakrás hitaveitu frá nær hverfi og innspýtingu framrásar hitaveitu.

Koma skal fyrir lagnastokki og tengja frárennsli frá þeim í regnvatnsræsi, sjóða öll söðultengi og loka á greinstofna, koma fyrir plast kúlulokum og staðsetja greinistofna í lagnastokkum. Ganga frá slöngum fullkláruðum inn á greinistofna og steypujárnslokum í endanlega landhæð.

Leggja skal allar slöngur ofan á slétt og steinalaust yfirborð, tengja við söðultengi á greinistofnum, hylja slöngur með ílagnarsandi og þjappa á fullnægjandi hátt.

Verktaki leggur allt efni til verksins og alla vinnu til að fullgera snjóbræðslukerfið, eins og hér er lýst, að meðtöldum steypujárnslokum á lagnastokka.

Vakin er sérstök athygli á því að allt snjóbræðsluefni er Polypropylen efni. Efnið er ekki lagervara og þarf að panta efni með góðum fyrirvara.

### 2.3.1 Jarðvinna fyrir snjóbræðslukerfi

#### 2.3.1.1 Efni, gegndræpur ílagnasandur með snjóbræðslu

Verktaki skal setja steinefni fyrir gegndræpt ílagnarlag umhverfis stofna og slöngur snjóbræðslu. Gegndræpt ílagnarlag tekur við álagi og vatni frá gegndræpu hellulögninni og er lagið ígildi burðarlags og dreifir álagi frá hellulögninni og tilfallandi bílaumferð, ofan á gegndræpa styrktarlagið. Lagið er því bæði ílagnarsandur fyrir snjóbræðslurör sem liggja neðst í því og fyrir hellur.

Eftirfarandi síukröfur á milli efnislaga úr flokkuðu eða einskorna efni eins og hér um ræðir, þar sem gildir að  $dP60\% \leq 3 \times dP10\%$ , skulu vera uppfylltar sem hér segir, þar sem  $d$  (mm) táknar korna- eða möskvastærð,  $P$  táknar sáldur (%), gróft táknar grófasta hluta grófgerðara efnisins og smátt táknar fínasta hluta smágerðara efnisins:

$$d(\text{gróft})P15\% \leq 5 \times d(\text{smátt})P85\%$$

Aðrar kröfur gilda fyrir óflokkuð eða dreifkorna efni sbr. kafla 3.2.2 um fyllingu.

Um þjöppun gegndræpa ílagnarlagsins gilda sambærilegar reglur og tilteknar eru undir kafla 2.3.1.4 um jarðvinnu snjóbræðslulagna.

Æskilegum gegndræpum ílagnarsandi í gegndræpt ílagnarlag eða til annarra áþekkra nota má lýsa þannig:


- Basaltískt, flokkað steinefni í gegndræpt ílagnarlag, af stærðinni 2/5 og stærðardreifingu GC80-20 og GTC25/15.

Kornastærðardreifing sandsins er sýnd á mynd 4-1.

Heildar kröfulýsing gegndræpa ílagnarsandsins og gegndræpa styrktarlagsefnisins er birt í töflu 4-1. Við kröfulýsinguna er fylgt vörulýsingarstaðlinum ÍST EN 13242:2002+A1:2007, Óbundin fylliefni og fylliefni bundin með vatnshverfum bindiefnum til notkunar í mannvirki og vegagerð, og einnig íslenska fylgistaðlinum ÍST

76:2013, Framleiðsla á steinefnum, auk annarra reglna sem falla að þeim. Í þessum stöðlum kemur fram hvaða prófunaraðferðum á að fylgja, en beita má öðrum aðferðum en hefðbundnum í vissum tilvikum, ef samband milli aðferða er þekkt.

Verktaki verður alltaf að sýna fram á að sandurinn sem hann hyggst nota uppfylli allar þær kröfur sem til sandsins eru gerðar. Verktaki skal leggja fram gögn um nýlegar rannsóknir á sandinum. Ef ekki liggja fyrir nýlegar rannsóknir á sandinum skal verktaki í viðurvist eftirlitsmanns taka sýni af því efni, er hann hyggst nota og láta rannsaka það hjá viðurkenndri rannsóknarstofu.



Mynd 4-1 Kornastærðardreifing gegndræps ílagnarsands og gegndræps styrktarlags.

Tafla 4-1 Heildar kröfulýsing gegndræpa ílagnarsandsins og gegndræpa styrktarlags-efnisins. Við kröfulýsinguna er fylgt vörulýsingarstaðlinum ÍST EN 13242 og einnig íslenska fylgistaðlinum ÍST 76 og annarra reglna sem falla að þeim.

Nafn eiginleika	Tákn (og stærðir til prófunar þar sem d táknar neðri og D efri flokkunar- eða móskestærð í mm)	Eining (og aukastafir)	Basaltískt, flokkað steinefni í gegndræpt ílagnarlag, af stærðinni 2/5 og stærðardreifingu G <sub>c</sub> 80-20 og GT <sub>c</sub> 25/15	Basaltískt, flokkað steinefni í gegndræpt styrktarlag, af stærðinni 4/20 og stærðardreifingu G <sub>c</sub> 85-15 og GT <sub>c</sub> 20/17,5
			Nothæfiskröfur eða nothæfiskröfuflokkur	Nothæfiskröfur eða nothæfiskröfuflokkur
Flokkunarstærð steinefnisins	d/D	(mm, en ekki getið) (að næstu heiltölu)	2/5	4/20
Kornastærðarflokkur	G	Á ekki við	G <sub>c</sub> 80-20	G <sub>c</sub> 85-15
Kornastærðarmörk	GT	Á ekki við	GT <sub>c</sub> 25/15	GT <sub>c</sub> 20/17,5
Kleyfnistuðull	FI (d/D = ≥ 4/≤ 80)	% (af massa) (að næstu heiltölu)	Á ekki við	FI <sub>20</sub>
Brothlutfall	C <sub>tc</sub> (d/D = ≥ 4/≤ 63) C <sub>c</sub> (d/D = ≥ 4/≤ 63) C <sub>tr</sub> (d/D = ≥ 4/≤ 63) C <sub>r</sub> (d/D = ≥ 4/≤ 63)	% (af massa) (að næstu heiltölu)	Á ekki við	C <sub>50/30</sub>
Finefnamagn	f	% (af massa) (að næsta 1/10)	f <sub>4</sub>	f <sub>4</sub>
Niðurbrotsþol, Los Angeles stuðull	LA (10/14)	% (af massa) (að næstu heiltölu)	Á ekki við	LA <sub>30</sub>
Kornarúmpýngd	(A) rho(ssd) (0,063/4) (B) rho(ssd) (4/D)	Mg/m <sup>3</sup> (að næsta 1/100)	≥ 2,70	≥ 2,70
Mettivatn	(A) WA(24) (0,063/D) (B) WA(24) (4/D)	% (af massa) (að næsta 1/10)	≤ 5,0	≤ 5,0
Rúmpýngd (b); náttúrulega rakt (m); laust (l) & þjappað (c)	(A) rho(b, m, l) (d/D) (B) rho(b, m, c) (d/D)	Mg/m <sup>3</sup> (að næsta 1/100)	> 1,5	> 1,7
Lífræn efni	H (d/4)	"Organic Plate No.": 0 - engar jarðvegssýrur; 1 og 2 - þolanlegur styrkur; 3 og 4 - óhæfur styrkur (heiltala)	≤ 2	≤ 2
Bergbrigði	bergtegund eða steind - ummyndunarstig -þéttleikastig) (d/D; t.d. (d=D/1,4)/D)	% (af fjölda alls, fyrir hvert bergbrigði) (að næstu heiltölu)	Bergtegundin basalt > 50 %	Bergtegundin basalt > 50 %
Leiðbeinandi gæðaflokkun steinefnisins með tilliti til notkunar í burðar- eða styrktarlag	Gfl(burðarlag) 1/2/3 (d/D; /D; t.d. (d=D/1,4)/D)	% (af fjölda mola alls, fyrir hvern þriggja gæðaflokka) (að næstu heiltölu)	Gfl(burðarlag): 1. flokkur ≥ 40 % 3. flokkur ≤ 10 %	Gfl(burðarlag): 1. flokkur ≥ 40 % 3. flokkur ≤ 10 %

**Magntölur og uppgjör:**

Ekki sérstakur greiðsluliður, kostnað skal innifela í viðkomandi tilboðslið.

### 2.3.1.2 Upprif á snjóbræðslulögnum

Fjarlægja skal allar gamlar snjóbræðslulagnir sem eru í gangstéttum.

Snjóbræðslukerfi er á vegum Reykjavíkurborgar. Slöngurnar liggja frá laugavegi 116-118 og eru  $\varnothing 25$  PP og lagðar með 25 cm millibili. Áður en aftenging slangna og vinna við kerfi hefst skal hafa samband við umsjónarmann snjóbræðslukerfa hjá Reykjavíkurborg og í samráði við hann loka fyrir þær lagnir sem þarf að rjúfa. Taka þarf upp eldri snjóbræðslu. **Hafa skal samráð við umsjónarmann snjóbræðslukerfa hjá Reykjavíkurborgar áður en vinna hefst.**

Áður en upprif eða aftenging snjóbræðslulagna hefst skal grafa niður að slöngum á verkmörkum og aftengja slöngur sem ný slöngulögn verður síðar tengd við. Loka skal endum tryggilega til að ekki fari óhreinindi inn í slöngurnar, merkja þá og verja þá síðan með ílagnarsandi og hellum á meðan á framkvæmdum stendur. **Aldrei má grafa í slöngur eða slíta fyrr en búið er að ganga frá endum og verja.**

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Fyrir að fjarlægja og farga gömlum snjóbræðsluslöngum er greitt ákveðið verð á fermetra. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort slöngur eru  $\varnothing 25$  eða  $\varnothing 32$ . Gert er ráð fyrir að slöngur hafi verið lagðar með 200-250 mm millibili.*

*Fyrir að loka fyrir og aftengja gömul kerfi í samráði við eigendur og pípulagningamenn þeirra er greitt heildarverð fyrir öll kerfin á svæðinu.*

### 2.3.1.3 Snjóbræðslustofnar, jarðvinna

Grafa skal fyrir stofnum í það dýpi, sem uppdrættir sýna. Breidd skurðar skal vera hæfileg til þess að þægilegt sé að vinna við pípulögn og önnur verk sem framkvæma þarf.

Jafna skal og sanda skurðbotn áður en pípur eru lagðar niður. Hreinsa skal vandlega upp alla steina og rusl, sem kunna að hrynja í skurðinn, áður en fyllt er yfir lagnir með ílagnarsandi. Þykkt sandlags umhverfis stofnleiðslur pípur skal vera 150 mm. Greinistofnar liggja að jafnaði ofar en aðalstofnar.

Ef ein stofnleiðsla þarf að þvera aðra skal ávallt þvera undir þannig að lágpunktur myndist en ekki hápunktur.

Eftir að stofnar hafa verið lagðir og þeir þrýstiprófaðir skal moka sandi yfir þá og þjappa vel eins og sérmyndir sýna.

2,5 bar vatnsþrýstingur skal vera á stofnum meðan sandur er settur yfir stofna og hann þjappaður.

Vatn má ekki vera á stofnum ef hætta er á frosti.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Fyrir gröft, söndun og fyllingu umhverfis stofnleiðslur er greitt einingarverð. Magntala er m, mælt af teikningu án álags.*

*Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við jarðvinnu þar með talinn gröftur allt að 150 mm undir pípu, brottflutningur og aðflutningur efnis, jöfnun undir, fylling að og yfir pípu, öryggisráðstafanir og frágangvinna, nema hún sé sérstaklega greidd undir öðrum tilboðsliðum.*

### **2.3.1.4 Snjóbræðsluslöngur, jarðvinna**

Slöngur eru lagðar í gegndræpan ílagnasand. Eftir að búið er að þjappa og ganga frá burðarlagi í rétta hæð, skal ganga úr skugga um að yfirborð sé slétt og steinalaust. Mjög mikilvægt er að efsti hluti burðarlagsins hafi verið vel blandaður, þannig að hvergi séu í honum hreiður eða oddhvassir steinar uppi við yfirborð hans. Ef slíkt kemur í ljós skal fylla í yfirborð burðarlagsins með ílagnarsandi, bleyta hann og þjappa vel, þannig að slöngur leggist á slétt og steinalaust yfirborð í réttri hæð. Síðan eru slöngur lagðar. Sjá: Pípulögn fyrir snjóbræðslukerfi - Snjóbræðsluslöngur.

Slöngur eru síðan huldar í 70-80 mm ílagnarsandlagi. Snjóbræðsluslöngur eru Ø25 mm í ytra þvermál og skal sandþekjulag undir lögnum vera 0-10 mm og sandþekjulag yfir lögnum 35-45 mm.

Jafna skal sandinn út í rétta þykkt og þjappa án titrunar eina yfirferð. Síðan skal þjappað í endanlegra þykkt með 5-7 tonna sjálfkeyrandi tromluvaltara eða sambærilegu tæki. Fara skal a.m.k 4 yfirferðir. Fyrstu tvær yfirferðir skulu farnar án titrunar, en aðrar yfirferðir með lágmarks titrun. Hraði valtara skal vera 1,5 - 2 m/s. Valtari má aldrei vera með titrun á í kyrrstöðu. Við þjöppun skal raki sandsins og ofaníbúðarins vera sem næst hagstæðasta raka, W-opt skv. Proctor prófi.

Vatnsþrýstingur skal vera á slöngum, 2,5 bar meðan slöngur eru huldar ílagnarsandi og hann þjappaður. Meðan malbikað er og meðan malbik er að kólna skal kalt vatn streyma um slöngur með minnst 2,5 bar þrýstingi. Verktaki þarf sjálfur að verða sér út um vatn og fylla á slöngur og stofna eftir því sem við á.

Eftir að búið er að leggja pípur, en eftir er að hylja þær sandi þarf að verja þær skemmdum. Vatn má ekki vera á slöngum ef hætta er á frosti.

Hæð þjappaðs yfirborðs má ekki víkja meira en 10 mm frá hönnunarhæð þess og frávik frá 3ja m réttsskeið má vera mest 5 mm.

**Eftir að snjóbræðsluslöngur hafa verið lagðar og áður en þær eru huldar með ílagnarsandi skulu þær teknar út og myndaðar af eftirlitsmanni.**

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Gegndræpur ílagnarsandur og öll jarðvinna og söndun umhverfis snjóbræðsluslöngur á aksturssvæðum og undir hellur á hellulögðum svæðum tilheyrir þessum lið. Fyrir gegndræpan ílagnarsand umhverfis snjóbræðsluslöngur og undir hellur er greitt ákveðið verð á fermetra. Magntala er m<sup>2</sup> þess flatar sem snjóbræðsluslöngur liggja á mælt af teikningu án álags.*

### **2.3.2 Pípulögn fyrir snjóbræðslukerfi**

#### **2.3.2.1 Efni og vinna**

Verktaki skal leggja til allt pípuefni, einangrun, loka, söðultengi og allt annað efni sem til þarf til að fullgera snjóbræðslukerfið. Allt efni til verksins skal vera nýtt og fyrsta flokks. Leita skal samþykkis eftirlitsmanns og hönnuðar um allt efni sem verktaki hyggst nota áður en það er pantað.

Efni í snjóbræðslustofnum, snjóbræðsluslöngum, tengistykkjum og lokum er polypropylen randomcopolymer plast. Pípur og tengistykki skulu þola a.m.k. 60°C við 5 bar þrýsting í 50 ár með brotöryggi 1,5 (PN 10-staðall). Efnisþykkt skal þó ekki vera minni en 2,0 mm.

Allir lokar í lagnastokkum eru PP plastkúlulokar PN 10.

Pípulögn skal öll unnin af fagmönnum með tilskilin réttindi.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Ekki sérstakur greiðsluliður. Kostnað skal innifela í viðkomandi tilboðsliðum.*

#### **2.3.2.2 Snjóbræðslustofnar**

Framrennslisstofnar skulu vera foreinangraðir með úrethan-einangrun í polyethylene hlífðarkápu. Þykkt einangrunarlags skal vera minnst 30 mm. Áður en suða hefst skal smeygja þéttihólk úr plasti og þéttimúffum upp á rörenda.

Eftir að þrýstiprófun á stofnum er lokið skal verktaki ganga frá samskeytum á hlífðarkápu. Ganga skal frá öllum samskeytum með þéttihólkum með tvöfaldri þéttingu, endum og greiningum með krumpmúffum og frauða í samskeyti með viðurkenndu frauði. Fara skal eftir leiðbeiningum framleiðanda um stærðir frauðskammta. Einnig má nota einangrunarskálar undir þéttihólka á samskeytum í stað þess að frauða.

Öll samskeyti hlífðarkápu skulu vera 100% vatnspétt. Við alla vinnu við pípulagnir skal þess gætt að vatn komist aldrei inn í einangrun pípna og mega ófrágengin samskeyti á pípum aldrei liggja niðri í skurðbotni og allir pípuendar skulu vera lokaðir með plathettum.

Bakrennslisstofna, bakrennslisgreinistofna og styttri framrennslisgreinistofna þarf ekki að einangra.

Greinistofnar skulu vera með ásoðnum söðultengjum lóðrétt upp úr pípu. Við söðultengi skal sjóða hné og loka. Loki skal vera kúluloki og við hann soðin lofttæminig sem er þannig að hægt er að skúfa spindil úr henni til að lofttæma snjóbræðsluslöngr. Viðmið við hönnun er AQUATHERM tengi og lokar.

Tveir stopplokur (kúlulokar) skulu vera á öllum greinistofnum í lagnastokkum þannig að hægt sé að loka fyrir alla greinistofna. Tveir tæmilokar (kúlulokar) skulu einnig vera á endum allra greinistofna þannig að hægt sé að tæma vatn af þeim eða hreinsa út óhreinindi, sérstaklega þegar pípulögn er lokið.

Greinistofnar eru lagðir frá  $\varnothing 110$  PP stofnum að steiptum lagnastokkum eins og sýnt er á teikningum. Tenging við stofn skal vera með T-stykki og vísi grein  $45^\circ$  upp á við ef lagnastokkur er sömu megin götu og aðalstofnar. Ef þvera þarf götu með greinistofni er hann tekin út undir  $45^\circ$  horni niður á við til að tryggja nægjanlega dýpt ofan á pípu vegna umferðarpunga og einnig að hæsti punktur kerfis verði ávallt í lagnastokkum og engir staðbundnir hápunktar í kerfinu. Við té er svo soðin  $45^\circ$  hálfbeygja.

Greinistofnar eru lagðir í steipta lagnastokka og skal festa stofna þannig að þeir geti aðeins færst í lengdarstefnu sína. Allar festingar skal heitsinkhúða.

Allar pípusamsetningar skulu vera suðusamsetningar, spegilsuða (buttweld) eða múfusuða (socket weld). Þurfi að setja stofna saman á flöngsum skulu boltar og rær vera úr A4 stáli og samskeyti vafin með 0,2 mm þykku plasti.

Sjóða skal söðultengi með loka á greinistofna. Tengja skal slöngubút við alla loka og út fyrir lagnastokk þó svo að slanga verði ekki tengd við hann í þessu verki. Merkja skal ónotaða loka í lagnastokki.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Fyrir lagningu snjóbræðslustofna er greitt einingarverð. Magntölur stofna og greini- stofna eru lengdarmetrar mældir upp af teikningum án álags.*



*Beygjur og té eru magntekin sem stk.*

*Ásoðin söðultengi, með hné og loka, á greinistofnum eru magntekin sem stk. Innifalið í söðultengi skal ávallt vera; hné, loki og pípúbútur sem nær frá tengi og 500 mm út fyrir lagnastokk og lok á hann þar, ef hann tengist ekki slöngu í þessu verki.*

*Kúlulokar á greinistofnum eru magnteknir sem stk.*

*Innifalið í einingarverðum skal vera allur kostnaður vegna pípuefnis og vinnu við pípulagnir, festingar við stokkbotn í lagnastokk og annað samkvæmt teikningum og ákvæðum í verklýsingu.*

### **2.3.2.3 Snjóbræðsluslöngur**

Snjóbræðslulagnir skulu vera úr suðuhæfu PPr-plasti, þrýstiflokkur Pn10, SDR11. Lagnir skulu a.m.k. þola vinnuþrýsting 1200 kPa við 20°C, 900 kPa við 40°C og 600 kPa við 60°C miðað við 50 ára endingartíma og öryggisstuðul 1,5.

Snjóbræðsluslöngur eru lagðar að öllu jöfnu með 250 mm millibili undir hellur. Slöngur eru lagðar í ílagnarsand fyrir gengdræp burðarlög. Slöngulengdir eru að jafnaði um 260 til 280 m langar. Verktaki skal forðast samsetningar á slöngum. Þar sem þarf að tengja saman slöngur skal það gert með suðu. Setja má slöngur saman með múffusamsetningum úr sama efni og slöngur (socket weld).

Snjóbræðslulagnir í forsteyptum þrepum eru  $\varnothing 20 \times 2$  mm PEX lagnir í rör í rör barka.

Við niðurlagningu slangna skal gæta þess að fara eftir ákvæðum röraframleiðanda um beygjuradius.

Festa þarf pípur með spennum til að fá rétt bil á milli þeirra og einnig skal festa þær niður með viðeigandi festingum.

Sveigja skal slöngur framhjá trjám, staurum, niðurföllum, skolpbrunnum, pollum og öðru þess háttar, þó það sé ekki sýnt á teikningum.

**Eftir að snjóbræðsluslögur hafa verið lagðar og áður en þær eru huldar með ílagnarsandi skulu þær teknar út og myndaðar af eftirlitsmanni.**

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Fyrir lagningu snjóbræðsluslangna er greitt einingarverð. Magntölur slangna eru lengdarmetrar teknir upp af teikningum án álags.*

*Innifalinn í einingarverðum skal vera allur kostnaður vegna pípuefnis og vinnu við lagningu slanganna samkvæmt teikningum og ákvæðum í verklýsingu. Ennfremur skal innifela allar samsetningar á slöngum sem gerðar eru með suðumúffum. Ef þörf er á að skipta verkinu í áfanga skal innifela allar aukamúffur vegna þess í slönguverði.*

### **2.3.2.4 Útskolun, lofttæming og þrýstiprófun**

Verktaki skal skola út allar lagnir áður en þær eru vatnsfylltar og lofttæmdar.

Snjóbræðsluslöngur og snjóbræðslustofna skal þrýstiprófa með 4 bar vatnsþrýstingi og skal þrýstingur vera á í 12 klukkustundir án þess að falla. Pípulögn í stjórnstöð skal þrýstiprófa með 10 bar vatnsþrýstingi og skal þrýstingur vera á í 2 klukkustundir án þess að falla. Eftirlitsmaður verkkaupa skal yfirfara allar pípur áður en þær eru huldar. Ef leki finnst skal verktaki lagfæra lekann og endurtaka þrýstiprófun á sama hátt og áður er lýst. Gera skal við pípur með suðu. Óski verktaki eftir að nota þar til gerð tengistykki til að gera við slöngur, verður hann fá samþykki verkkaupa til þess. Þegar

pípur eru vatnsfylltar skal athuga vel að lagnir séu fullkomlega lofttæmdar. Gott er að gera það með því að lofttæma eina og eina slöngu með lokum á greinistofnum.

Verktaki þarf að gera ráð fyrir að þrýstiprófa þurfi slöngur og stofna í áföngum samkvæmt áfangaskiptum í verkinu.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Ekki sérstakur greiðsluliður. Kostnaður við alla þrýstiprófun og lofttæmingar skal vera innifalinn í einingarverðum fyrir pípur og stofna. Gera skal ráð fyrir að þrýstiprófa þurfi slöngur og stofna í nokkrum áföngum í samræmi við áfangaskiptingu í verkinu. Óhagræði vegna þess skal því einnig innifela í einingarverðum.*

### **2.3.3 Steyptir lagnastokkar**

Greinistofnar eru lagðir í steyptra lagnastokka eins og teikning sýnir.

#### **Steypumót**

Öll mót og mótasmíði skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar og ÍST EN 13670:2009 með þeim breytingum og viðbótum sem hér verður getið.

Mót skulu vera það traust að hreyfing eða svignun, sem á sér stað þegar steyp er, sé ekki meiri en 1/500 af fjarlægð milli fastpunkta. Taka skal tillit til þess að alla steypu skal titra.

Nákvæmniskröfur í steypuvinnu eru sem hér segir, nema annað sé tekið fram á teikningum.

Stærð og staðsetning steyptra undirstaða: ± 15 mm

Stærð annarra steyptra hluta: ± 5 mm

Staðsetning innsteyptra hluta: ± 5 mm

Staðsetning annarra hluta: ± 20 mm

Yfirborð botns í stokki: ± 5 mm

Aðrir hæðarkótar: ± 10 mm

Frávik frá 3 m réttsskeið, sem lögð er á

steyptran flöt, má mest vera: ± 5 mm

Verktaki skal setja í steypuvirkið allar slífar, raufar og öll nauðsynleg göt sem sýnd eru á teikningum.

Öll mót skal hreinsa áður en steypuvinna hefst. Fjarlægja skal alla timburkubba, spæni, sag og annað sem safnast hefur í mótin.

Ekki eru gerðar sérstakar kröfur til yfirborðsáferðar, nema hvað slétta skal vel stokkbotn og tryggja vatnshalla að niðurfalli í miðju stokks. Stútur út úr stokkbotni skal vísa þannig að einfalt sé að tengja frárennsli í regnvatnsræsi eða inn á sandfang nærliggjandi niðurfalls.

#### **Járnabinding**

Bendistál og bending skal vera samkvæmt ákvæðum ÍST EN 13670:2009. Á byggingastað skal geyma allt bendistál á trjám til að verja það óhreinindum. Járnlögn sé vel af hendi leyst og teikningum fylgt nákvæmlega.

Lágmarksþykkt steypulags utan á bendingu, sem næst liggur yfirborði steypunnar, skal vera 30 mm í veggjum. Þykkt steypulags undir neðstu bendingu í undirstöðu skal vera minnst 50 mm. Frávik frá nefndum stærðum skulu vera minni en + 10 mm og - 5 mm.

Áríðandi er, að járnagrindur haggist ekki þegar steipt er í mót. Járn skal binda með 1,5 mm bindivír í minnst öðrum hverjum krosspunkti. Lausir endar á bindivír skulu beygðir þannig að þeir vísi inn í steypu.

Kambstál skal uppfylla kröfur ÍST EN 10080:2005 og ÍST NS 3576-3:2005 varðandi mál og eiginleika, þar með seiglu- og styrkleikaflokk B500NC.

## **Steypuvinna**

### ***Almennt um steinsteypu:***

Nota skal kísilrykblandað sement í verkið.

Nota skal steypuefni frá viðurkenndri steypustöð.

### ***Steypugæði og blöndunarhlutföll***

Lágmarkskröfur til steypu skulu vera skv. eftirfarandi töflu:

Styrkleikaflokkur	C30
Loftinnihald	6%
Sementsmagn	>350 kg/m <sup>3</sup>
Kornastærð steypuefnis	<32 mm
Vatnssementstala (v/s)	< 0,45
Loftdreifing	Yfirboð loftbóla >25 mm <sup>-1</sup> Fjarlægðarstuðull <0,2

Alla steypu skal titra.

### ***Hörðnun steypu***

Niðurlögð steypa skal varin gegn veðrun (úrkomu og sól) með yfirbreiðslum eða á annan hátt. Steypu skal haldið stöðugt rakri í minnst sjö sólarhringa eftir að steypu lýkur.

### ***Frágangur steypuyfirborðs***

Komi í ljós steypusár eða steypuhreiður þegar mót eru rifin, skal verktaki þegar í stað gera við slíka galla. Almennt skal gera við slíka galla á eftirfarandi hátt. Höggva skal upp steypu og fylla síðan í holuna með þurri múrlöggun blandaðri semplastí eða öðru samsvarandi þéttiefni.

Mótateina skal höggva 20 mm inn í steypu og holufylla með ofangreindri múrlöggun. Öll steypa skal vera áferðarfalleg.

### ***Vinkilrammi fyrir steypujárnslok***

Smíða skal og setja vinkilramma fyrir steypujárnslok á stokkinn við yfirborð. Mikilvægt er að smíða ramman nákvæmlega og sannreyna stærð hans með þeim lokum sem notuð verða á stokkinn.

Borað skal fyrir festingum fyrir vinkilrammann eftir götunum á honum og steypuryk hreinsað úr holum. Múrtöppum og skrúfum er komið fyrir og ramminn stilltur af með því að setja skinnur undir hann við götin og herða skrúfurnar þannig að hann leggist

að skinnunum. Skrufurnar skulu vera ryðfríar úr A-4 stáli, undirsinkaðar þannig að þær standi ekki upp í steypujárnslokin. Þegar ramminn er orðinn réttur skal hann innsteyptur eins og myndir sýna. Leyfilegt er að hafa á rammanum ásoðna teina sem sinkhúðast með honum og innsteypast. Þegar borað er fyrir festingum skal staðsetning ídráttarröra fyrir snjóbræðslulagnir í veggjum höfð í huga og þess gætt að bora ekki í þær.

### **Frárennislögn**

Grafa skal fyrir, sanda 150 mm og leggja frárennislögn, DN100, frá niðurfalli lagna-stokks inn á stofnlögn. Ath. að innsteypt DN100 niðurfall er vinkilniðurfall úr steypujárni og þarf það að vera frekar nett til að komast í stokkbotn. Niðurfall skal vera með lausum vatnslás og rottuheldri rist.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Steyptir lagnastokkar eru magnteknir sem stykki, skv. teikningu. Innifalinn í einingarverðum skal vera allur kostnaður vegna stokkanna, efni, jarðvinna svo sem afrétting og þjöppun yfirborðs undir stokk, mót, járn, steypa, niðurföll og steypujárnslok, samkvæmt teikningum og ákvæðum í verklýsingu.*

*Lagnastokkar eru flokkaðir eftir lengdum, 1 - 6 loka sem þýðir hversu mörg ferköntuð steypujárnslok hylja lokastokkinn.*

*Fyrir frárennislagnir frá niðurföllum stokka og jarðvinnu vegna þeirra er greitt skv. viðeigandi liðum í kafla 3.*

#### **2.3.4 Lagna og dæluskápur**

Skápurinn er opnanlegur með tveimur hurðum að framan. Skápur skal vera gerður úr galvaniseruðu stáli og duft lakkaður, skápur skal vera útiskápur.

Mál skápsins: hæð:1500mm, breidd:1700mm til 1900mm og dúpt:430mm.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Lagna og dæluskápur er magntekin í stykki, skv. teikningu. Innifalinn í einingarverðum skal vera allur kostnaður vegna uppsetningu skáps, efni, og vinna.*

#### **2.3.5 Snjóbræðslu tengigrind (bráðarbirgða)**

Dæla skal vera miðflottaafldsælur með inn- og útrennsli í beinni línu, gerð fyrir hitakerfi með vatni, hitastig 0-80 °C. Afköst samkvæmt teikningum. Dæla skal vera með húsi og dæluhjólum úr steypujárni GG-25 eða samsvarandi. Öxull skal vera úr ryðfríu stáli og öxulpétti af vandaðri gerð í samræmi við notkun. Lágmarksnýtni miðað við uppgefin afköst er 60%. Dælumótor skal vera sambyggður dælu 3x400 V, gerðir fyrir hraðastýringu með tíðnibreyti, þéttleikaflokkur a.m.k. IP 44. með innbyggðri yfirhitavörn.

Slaufuloki skulu vera sjálfvirkir með stillisvið í samræmi við notkun. Þrýstistýring skal vera stöðug á vinnusviði loka. Lokar skulu vera með húsi úr bronsi eða steypujárni GG-25, grunnmálað, eða samsvarandi, lokur og spindlar úr ryðfríu stáli. Tengingar skrúfaðar eða flangsar. Þrýstiflokkur a.m.k Pn16

Stillilokar skulu vera með mælistútum og kvarða og hægt að nota þá sem stopploka.

Mótorlokar skulu vera af viðurkenndri gerð, stærð samkvæmt teikningum.

Hitanemar skulu vera samhæfðir stjórnstöð settir upp með brunni inn vatnsrás.

Öryggislokar skulu vera af viðurkenndri gerð, affall skal framlengja með röri að gólfi.

**Magntölur og uppgjör:**

*Magntölur eru stykki fyrir búnað og heild fyrir prófun og stillingu. Innifalinn er allur kostnaður við fullnaðarfrágang að undanskilinni raftengingu.*

## 2.4 YFIRBORÐSFRÁGANGUR

### 2.4.0 Almennt

Gert er ráð fyrir staðbundinni malbikun milli núverandi yfirborðs og nýja yfirborðsins við Snorrabraut og Hlemmtorg. Malbikið skal innihalda 25% endurunnið malbik.

### 2.4.1 Malbikun

Verktaki skal malbika alla þá fleti sem malbika á í verkinu. Nánari skilgreining á umfangi og útfærslu malbikunar er skýrð í kafla 2.4.0 og endanlegir fletir skulu ákveðast í samráði við eftirlitsmann.

Verktaki skal merkja fyrir útbrúnum malbiks (snúra). Verktaki skal nota til þess snúru í áberandi lit og negla hana niður í púkkmulninginn eftir þjöppun með 7" galvaniseruðum nöglum eins þétt og þurfa þykir til þess að mynda boga þannig að þeir standist þolvik útboðsgagna.

Ásamt þeim kröfum sem fram koma í verklýsingu þessari um framleiðslu og útlögn malbiks skal fylgja verklýsingu gatnamálastjórans í Reykjavík, „Malbikun“ frá febrúar 2002 sem er að finna í viðauka USK.

Steinefni í malbik skulu uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í verklýsingu gatnamálastjóra, auk eftirfarandi:

Slitþol steinefnis í yfirlagsmalbik í götum skal vera með kvarnargildi <10 skv. Kúlnukvarnarprófi gert skv. ÍST EN 1097-9:1998. Í yfirlagsmalbiki skal að minnsta kosti 70 % af þyngd korna stærri en 4 mm vera með a.m.k. einn brotinn flöt. Styrkleikapróf gert með Los Angeles aðferðinni (ASTM C-131) skal gefa gildi sem er <15 %. Frostþolspróf skal framkvæma samkvæmt aðferð Steinefnanefndar. Miða skal við að niðurstöður uppfylli eftirfarandi skilyrði:

efni sem er 9,5-12,5 mm hafi niðurbrot < 5 %

efni sem er 2,4-4,75 mm hafi niðurbrot < 8 %.

Hitastig malbiks við útlögn, mælt í skúffu útlagningarvél, skal vera hærra en 130°C fyrir B180 stungubik, en hærra en 140 °C fyrir B85 stungubik. Útlögn í götustæði skal hagað þannig að lagt sé með einni vél sem nær yfir fulla breidd tveggja akreina, eða þá með tveimur samhliða vélum. Valta skal malbikið strax eftir útlögn. Fyrst skal valta með 6-7 tonna stáltromluvaltara, eina yfirferð án titrunar og síðan 3 yfirferðir með titrun. Því næst skal valta malbikið 8 yfirferðir með gúmmíhjólavaltara, og síðan 2 yfirferðir með 6-7 tonna stáltromluvaltara með eða án titrunar. Þegar malbikið hefur kólnað hæfilega skal síðan valta nokkrar yfirferðir með stáltromluvaltara án titrunar til að slétta yfirborð malbiksins og ná út öllum valtaraförum. Krafa er gerð um að holrýmd í borkjarna sé ≤ 4 %.

Mesta leyfilega frávik frá hannaðri lagþykkt er ±10 %, og frávik í hliðarhalla skal vera minna en ±2,5 ‰ miðað við 2 m réttsskeið. Mestu ójöfnur mældar á 4 m réttsskeið skulu vera innan við 5 mm.

Gerð er krafa um að holrýmd sé ≤ 3 %.

Asfaltprósenta skal vera 6,7-7,2 %.

Hiti malbiks komið á bíl 150-170 °C.

Flytja skal malbik á bílum búnum yfirbreiðslum.

Útbrúnir malbiks skulu vera vel beinar og eru leyfileg hámarksfrávik frá kantlínu 30 mm. Ef meiri frávik koma fram skal verktaki lagfæra útbrún malbiksins með sögun eða malbikun á eigin kostnað.

Öll samskeyti við eldra malbik skulu vera söguð eða fræst. Kantar skulu vera lóðréttir og skarpir. Límbera skal kanta með bikpeytu. Þar sem lagt er yfir eldra malbik, eða undirlagsmalbik, skal hreinsa yfirborð vandlega og límbera með bikpeytu.

Verktaki skal merkja fyrir útbrúnum malbiks (snúra). Verktaki skal nota til þess snúru í áberandi lit og negla hana niður í jöfnunarlagið eftir þjöppun með 7“ galvaniseruðum nöglum eins þétt og þurfa þykir til þess að mynda boga þannig að þeir standist þolvik útboðsgagna. Nákvæmni í legu kantlínu að opnu landi (stígar) skal vera -10mm og +50mm. Saga skal kanta sé kröfunum ekki náð. Um er að ræða mikilægt útlitsatriði þar sem malbikskantar verða vel sýnilegir að framkvæmd lokinni.

Jaðar malbiks sem leggst að steypum stígpverunum lóðartenginga skal saga með +/- 10mm nákvæmni.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið verð á fermetra fyrir malbik eftir gerð samkvæmt málsetningum á uppdráttum og uppmælingu. Innifalið skal vera m.a. allt efni og öll vinna sem til verksins þarf þ.m.t. snúrun. Í tilboðsskrá er gerður greinarmunur á malbikuðum svæðum.*

## 2.5 BURÐARVIRKI

### 2.5.0 Almenn atriði

Eftirfylgjandi greinar heyra undir almenn atriði sem um verkið gilda.

#### 2.5.0.1 Verksvið

Til kafla 2.5.0, Staðsteyptar undirstöður fyrir stálvirki heyrir gerð burðarvirkja steypu undirstaðanna. Verklýsingar og teikningar lýsa umfangi verks sem verktaki skal hafa kynnt sér vandlega áður en framkvæmdir hefjast. Um verkið gilda auk þess íslenskir þjóðarviðaukar við evrópska þolhönnunarstaðla, gildandi staðlar og reglugerðir, þ.m.t. byggingarreglugerð. Alltaf er miðað við nýjustu gildandi útgáfur staðla, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þegar unnið er við burðarvirki skal verktaki hafa kynnt sér ýmsa aðra verkþætti sem hafa áhrif á útfærslu þess og lýst er annars staðar, s.s. í verklýsingum og teikningum arkitekta og lagnahönnuða.

Þegar verktaki hefur lokið eigin eftirliti og úttektum skal hann tímanlega boða eftirlitsmann verkkaupa til úttekta á einstökum verkhlutum. T.d. skulu öll mót og járnalögn tekin út af eftirlitsmanni verkkaupa og er óheimilt að hefja steypuvinnu fyrr en að fengnu samþykki hans og að lokinni úttekt byggingarfulltrúa. Eftirlit fulltrúa verkkaupa kemur ekki í stað úttektar byggingarfulltrúa. Vísað er til úttektarskyldra verkáfanga skv. byggingarreglugerð.

Kafli 2.5.1 skiptist í eftirfarandi undirkafli:

2.5.0 Almenn atriði

2.5.1



## Steypumót

2.5.2 Steypustyrktarjárn

2.5.3 Steinsteypa

### **2.5.0.2 Uppdrættir**

Burðarvirki skal byggja samkvæmt uppdráttum VSÓ Ráðgjafar og arkitektateikningum frá Landslag. Í flestum tilfellum koma málsetningar og kótar á byggingarhlutum eingöngu fram á teikningum arkitekta, ásamt upplýsingum um heildaruppbyggingu þeirra og frágang, sem verktaki skal nota við útsetningar. Stærðir á undirstöðum koma þó einungis fram á burðarþolsteikningum. Ekki skal mæla upp af teikningum. Ef ósamræmi er milli teikninga skal leita úrskurðar eftirlitsmanns verkkaupa og hönnuða.

### **2.5.0.3 Magntölur og einingarverð**

Magntölur eru fundnar skv. mælingum af teikningum, nema annað komi fram. Í upphafi hvers kafla eru almenn atriði sem lýsa kröfum til efnisgæða og verklags sem verktaki skal uppfylla fyrir verkið í heild sinni sem og einstaka verkþætti. Kröfurnar eru ekki endurteknaðar í verklýsingu einstakra verkþátta, en eru engu að síður hluti hennar og skal allur kostnaður verktaka við að skila fullfrágengnu verki/verklið vera innifalinn í einingarverðum, þ.m.t. kostnaður vegna þeirra þátta sem getið er um í almennum atriðum hvers kafla.

## 2.5.1 Steypumót

### 2.5.1.0 Almenn atriði

Vísað er til greina í kafla **Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.** sem gilda almennt um burðarvirki. Eftirfarandi greinar heyra undir almenn atriði og lýsa helstu kröfum sem gerðar eru til verkframkvæmdar einstakra verkþátta og verksins í heild sinni. Þessar greinar eru ekki tæmandi, enda ætlast til þess að verkinu stýri tæknimaður með mikla reynslu og þekkingu á öllum þáttum mótasmíði, steypugerðar og steypuvinnu. Vísað er til teikninga VSÓ Ráðgjafar.

#### 2.5.1.0.1 Uppdrættir

Upplýsingar um málsetningar og kóta koma að jafnaði eingöngu fram á teikningum arkitekta. Áður en vinna hefst skal verktaki einnig hafa kynnt sér burðarþolsteikningar VSÓ Ráðgjafar og teikningar lagnahönnuða, sbr. grein 2.5.0.2, þar sem nánari grein er gerð fyrir uppdráttum sem um verkið gilda.

#### 2.5.1.0.2 Staðlar

Um steypumót gilda kröfur og ákvæði staðlanna: ÍST EN 13670 og ÍST EN 1992-1-1 með þeim viðbótum og breytingum sem getið er um í verklýsingu eða koma fram á teikningum. Úttektum og eftirliti verktaka skal að lágmarki hagað skv. Execution Class 3 í ÍST EN 13670. Ávallt skal nota þá staðla sem nýjastir eru og í gildi hérlendis, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Verktaki skal kynna sér vandlega ákvæði staðalanna og fullnægja þeim kröfum sem þar eru gerðar. Kröfur staðal verða ekki endurteknar í þessari verklýsingu.

#### 2.5.1.0.3 Jarðvegsgrunnur undir steypu

Verktaki skal vanda jarðvegsgrunn undir steypu áður en slegið er upp mótum og steyppt að honum. Að jafnaði er grunnur annað hvort klöpp eða vel þjöppuð burðarhæf fylling. Undirbúningur grunns undir steypu felur m.a. í sér:

Að fjarlægja öll óhreinindi, lífræn efni, lausan jarðveg eða steypuklepra úr grunni.

Að fjarlægja allt vatn og halda grunni þurrum.

Að hreinsa klöpp og harðnaða steypu með loftblæstri og/eða háprýstipvotti.

Að ganga frá fullþjappaði fyllingu undir undirstöður.

Að steypa þrifalag á fullfrágengna klöpp og/eða fyllingu, sé þess óskað eða þörf á.

#### 2.5.1.0.4 Nákvæmniskröfur

Mótasmíði skal hagað þannig að frávik frá uppgefnum málun á teikningum eða í verklýsingu verði ekki meiri en tilgreind eru í ÍST EN 13670, nema annað sé tekið fram í þessum gögnum eða á teikningum. Eftirfarandi nákvæmniskröfur gilda umfram staðalinn í þessu verki:

Undirstöður, stærð og staðsetning    +/- 5 mm

Frávik frá 3 m réttsskeið, sem lögð er á steyptan flöt, má mest vera sem hér segir:

Veggir    +/- 3 mm

Verkkaupi ætlast til þess að nákvæmniskröfunum verði fylgt eftir og verður verktaki krafinn um lagfæringar á öllum hugsanlegum frávikum sem kunna að verða frá þeim kröfum.

Steypumótin skulu vera nægilega stíf, þannig að nákvæmniskröfum byggingarluta verði fullnægt. Svignun þeirra skal ekki verða til skaða né útlitslýta að mati verkkaupa. Hreyfing eða svignun móta sem á sér stað þegar steyp er, skal ekki vera meiri en 1/500 af fjarlægð milli fastra punkta. Taka skal tillit til þess við mótasmíði, að alla steypu skal titra.

#### 2.5.1.0.5 Steypuyfirborð – áferðarkröfur

Rík áhersla er lögð á að yfirborð steyptra byggingarluta verði þétt og gallalaust, með jafni áferð og án litbrigða. Verktaki skal kynna sér vandlega áferðarkröfur arkitekta til steypuyfirborðs og leggja fram prufur sé þess óskað. Verktaki skal gera ráðstafanir og haga vinnubrögðum við niðurlögn steypu þannig að loftbólumyndun á steypuyfirborði verði sem minnst.

Í því skyni skal m.a. stilla í hof þykkt steypulaga við niðurlögn og vanda til við titrun steypu. Þess skal og gætt að nota mótaolíu í hófi, einkum neðan til á mótaflötum.

Steypuyfirborð skal vera laust við steypuklepra, mislitun, hreiður, misbrýningar eða aðrar skarpar brúnir, loftblöðrur og aðrar óæskilegar ójöfnur eða útlitsgalla að mati verkkaupa. Verktaki skal skilyrðislaust bæta úr öllum slíkum steypugöllum.

Um steypufleti gildir að fjöldi loftbóla með þvermál 5 - 10 mm verði ekki meiri en 30 stk. á m<sup>2</sup> steypuflatar. Loftbólur stærri en 10 mm í þvermál skoðast sem steypugallar og skal verktaki gera við þá í samræmi við þessi gögn.

Við mat á ofangreindu skal telja með loftbólur, þótt huldar séu, ef hægt er að brjóta sementsefjuskurnina sem hylur þær með því að þrýsta fingri á huluna. Við mat á ílögum loftbólum skal mæla minna þvermál þeirra.

#### 2.5.1.0.6 Efni og áferð móta

Öll mót skulu vera vandlega smíðuð og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru, s.s. styrk og yfirborðsáferð. Þau skal klæða það þétt að sementsefja leki ekki út við niðurlögn og titrun steypu. Mótaefni skal valið með hliðsjón af þeim aðferðum sem fyrirhugaðar eru við aðhlúun steypu eftir niðurlögn. Stálmót verða ekki samþykkt í kulda nema einangrun mótanna sé fullnægjandi. Mótaklæðning skal og taka mið af þeim kröfum sem gerðar eru til áferðar steypuyfirborðs skv. verklýsingu þessar

Mótum er skipt í eftirfarandi flokka eftir áferð þeirra og er þeim lýst hér á eftir.

#### U - Undirstöðumót

Til þessa flokks teljast mót undirstaða og undirstöðuveggja sem ekki verða sýnileg og fyllt er að beggja vegna. Verktaki má nota það efni sem honum hentar og fullnægir kröfum verklýsingar, s.s. til nákvæmni, stífleika og aðhlúunar steypu.

#### 2.5.1.0.7 Steypuskil

Ekki er heimilt að breyta steypuskilum sem sýnd eru á teikningum. Staðsetning og gerð annarra steypuskila er háð samþykki burðarþolshönnuða og arkitekts, þar sem það á við. Tillögur að steypuskilum skulu lagðar fyrir hönnuði a.m.k. 5 virkum dögum áður en mótavinna hefst.

Öll lóðrétt steypuskil veggja skal móta með lás 30x50 mm í miðjum veggjum, þannig að skilin verði regluleg og vatnspétt.

Þannig skal gengið frá steypuskilum að misbrýningar komi ekki fram á skilunum. Mót skulu liggja þétt upp að eldri steypu þannig að þau gliðni ekki frá undan steypuþrýstingi þegar steyp er eða að það leki meðfram þeim.

#### 2.5.1.0.8 Mótaolía

Sé notuð mótaolía, skal mótaviður olíuborinn áður en slegið er upp. Öll mótaolía skal vera af vatnsuppleysanlegri gerð. Þess skal vandlega gætt, að mótaolía berist ekki á steypustyrktarjárn eða steypu og skal hún skilyrðislaust hreinsuð burt með heitu vatni ef slíkt gerist. Mótaolía má ekki auka loftbólumyndun eða hafa áhrif á lit og yfirborð steypunnar.

#### 2.5.1.0.9 Mótatengi

Við allan uppslátt skal nota mótatengi af viðurkenndri gerð sem verkkaupi samþykkir. Fjöldi og styrkur tengja skal miðast við að þau þoli áraunina frá steypunni og titrun hennar, án þess að mót gliðni eða aflagist. Steypa má ekki leka meðfram mótatengjum. Staðsetningu og frágang mótatengja skal ákveða í samráði við arkitekt og samræma við kröfur hans til útlits og áferðar. Frágangur eftir mótatengi skal innifalinn í einingarverði móta. Allt efni sem notað er við frágang mótatengja skal vera prófað af rannsóknarstofnun sem verkkaupi viðurkennir. Ef ekki annað er tekið fram, skal frágangur eftir mótatengi í útveggjum tryggja þétt og vatnshelt steypuyfirborð. Ef mótatengi sem skilja eftir sig göt í gegnum fleti verða samþykkt af arkitekt, skal auk þess að loka opum beggja vegna fylla holrými með „urethan“ kvoðu.

#### 2.5.1.0.10 Hreinsun móta

Áður en steypuvinna hefst skal hreinsa öll mót með öflugri skolun auk þrýstilofts ef þörf krefur, þannig að engin óhreinindi eða rusl verði eftir í mótum.

#### 2.5.1.0.11 Mótastoðir – frásláttur móta

Mót eru hluti af aðhlúun steypunnar. Mót má ekki fjarlægja fyrr en steypa hefur náð fullnægjandi styrk og stífni til að standast þá áraun sem hún verður fyrir. Ef mót eru fjarlægð of snemma er hætt á varanlegum formbreytingum í byggingarhlutum sem er óásættanlegt. Mót skulu fjarlægð með varúð þannig að steypubrúnir verði ekki fyrir hnjaski og haldist heilar. Verði skemmdir á mótum við fráslátt ber verktaka að gera strax við þær eins og aðrar steypuskemmdir sem koma undan mótum. Í flestum tilfellum má reikna með að hægt verði að fjarlægja mót af veggjum þegar steypuyfirborð hefur náð a.m.k. 6 MPa þrýstipóli. Þegar mót hafa verið fjarlægð, skal verktaki eftir sem áður tryggja fullnægjandi aðhlúun steypunnar meðan á hörðun hennar stendur sbr. fyrirbyggjandi gögn.

#### 2.5.1.0.12 Skýring á magntölum og einingarverðum

*Grein 2.5.0 gildir um magntölur og einingarverð. Meginreglan er sú að magntölur eru fermetrar (m<sup>2</sup>) af snertifleti móta og steypu skv. málsetningum á teikningum. Ef op eru minni er 4,0 m<sup>2</sup>, reiknast mótabyrði heil yfir opið og snertiflötur innan í opinu er ekki reiknaður með. Ef op eru stærri dragast þeir veggfletir frá sem opin ná yfir, en mótaflötur kanta innan í opunum reiknast þá með sem m<sup>2</sup>.*

*Í einingarverðum móta skal innifalinn allur kostnaður við mótauppslátt, vinnupalla, mótariif og fullnaðarfrágang sem nauðsynlegur er. Innifalinn skal allur kostnaður verktaka sem þarf til að skila fullfrágengnu verki, sbr. verklýsingar og teikningar, þ.m.t. kostnaður vegna almennra atriða sem lýst er í þeim greinum sem vísað er til.*

### **2.5.1.1 Undirstöður og sökkulveggir, U**

Verkið skal unnið skv. teikningum arkitekta og VSÓ Ráðgjafar. Hæðarsetning undirstaða skal vera þannig að yfirborð sökkulveggja sé 190mm fyrir neðan fullfrágengið yfirborð og hæð á steiptum hluta skv. kennisniði. Verktaki skal hæðarsetja vegg miðað við endanlegt yfirborð arkitekts. Það þýðir að vanda þarf til verka í hæð á yfirborði og undirlagi veggja. Innsteiptir snitteina fyrir fótplötur skulu vera réttir í plani og í réttri hæð miðað endanlegt yfirborð þannig að hæð á stálvirki sem kemur ofan á sökkulvegg endi í réttri hæð m.v. teikningar arkitekts. Öll göt minni en 1m<sup>2</sup> vegna lagna eða dreng milli hólfa skulu innifalinn í einingaverðum.

*Magn er mælt í fermetrum. Greiðslumörk miðast við uppgefna kóta og málsetningar á fyllingu skv. teikningum VSÓ Ráðgjafar. Í einingarverði er innifalinn allur kostnaður verktaka sem þarf til að skila fullfrágengnu verki skv. verklýsingu þessari.*

## **2.5.2 Steypustyrktarjárn**

### **2.5.2.0 Almenn atriði**

Vísað er til greina sem gilda almennt um burðarvirki. Eftirfylgjandi greinar heyra undir almenn atriði og lýsa helstu kröfum sem gerðar eru til verkframkvæmdar einstaka verkþátta og verksins í heild sinni. Þessar greinar eru ekki tæmandi, enda ætlast til þess að verkinu stýri tæknimaður með mikla reynslu og þekkingu á öllum þáttum er varða steypustyrktarjárn. Vísað er til teikninga VSÓ Ráðgjafar.

#### **2.5.2.0.1 Uppdrættir**

Vísað er til teikninga VSÓ Ráðgjafar. Verkið skal unnið skv. teikningum og skulu verk-gæði vera í samræmi við kröfur staðla. Verktaki skal jafnframt kynna sér teikningar lagnahönnuða og arkitekts við framkvæmd verksins.

#### **2.5.2.0.2 Staðlar**

Um bendistál og bendingu gilda ákvæði eftirtalinnna staðla: ÍST EN 10080, ÍST EN 1992-1-1, prEN 10138-1, prEN 10138-4 og ÍST EN 13670, með þeim viðbótum og breytingum sem getið er um í verklýsingu þessari eða kemur fram á teikningum. Úttektum og eftirliti verktaka skal að lágmarki hagað skv. Execution Class 2 í ÍST EN 13670. Ávallt skal nota þá staðla sem nýjastir eru og í gildi hérlandis, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Verktaki skal kynna sér vandlega ákvæði staðalanna og fullnægja þeim kröfum sem þar eru gerðar. Kröfur staðla verða ekki endurteknaðar í þessari verklýsingu.

#### **2.5.2.0.3 Efnisgæði**

Þess skal vandlega gætt, að notuð sé sú tegund bendistáls sem uppdrættir (og/eða verklýsing) segja til um. Nota skal suðuhæft kambstál í slakbenta járnalögn. Miðað er við að járn-bending sé af flokki B500C skv. ÍST EN 10080, táknað K á uppdráttum (t.d. K10, K25). Flotspenna  $f_{yk} \geq 500$  MPa. Seigla = Brotspenna / Flotspennu  $\geq 1,15$ . Brotlenging  $\geq 9\%$ .

Áður en framkvæmdir hefjast skal verktaki leggja fram gögn sem staðfesta gæði þess stáls sem notað verður við framkvæmdina. Leiki vafi á gæðum bendistáls sem verktaki hyggst nota, skal verktaki á eigin kostnað framkvæma prófun á eiginleikum stálsins sem staðfesta fyrirskrifaða eiginleika þess. Prófanir skulu gerðar af rannsóknarstofnun sem verkkaupi viðurkennir.

Almennt skal verktaki miðað við að gera eitt beygju-, tog- og seiglupróf á hverjum 30 tonnum af hverri tegund meðan á framkvæmdum stendur og a.m.k. eitt próf á hverri tegund ef magn er minna.

Á vinnustað skal geyma allt bendistál á timbri eða öðru undirlagi til að verja það óhreinindum og skemmdum.

#### 2.5.2.0.4 Skýringar á magntölum og einingarverðum

Grein 2.5.0 gildir um magntölur og einingarverð. Í einingarverði skal innifalinn allur kostnaður verktaka sem þarf til að skila fullfrágenginni bendingu sbr. verklýsingar og teikningar, þ.m.t. kostnaður vegna almennra atriða sem lýst er í grein 2.5.2.0 og þeim greinum sem þar er vísað til. Magntölur miðast við eftirfarandi þunga á bendistáli skv. gildandi staðli ÍST EN 10080:

Nafnþvermál stanga	K8	K10	K12	K16	K20	K25	K32
Þyngd kg/m	0,395	0,617	0,888	1,58	2,47	3,85	6,31

Magn er mælt í kg skv. uppgefnum málum á teikningum. Reiknað er með skeytilengdum þar sem skeyti eru sýnd á teikningum. Skeyting bendingar ef lengd hennar fer yfir 12 m er ekki magntekin. Í magntölum er ekki reiknað með afklippum, rýrnun eða aukajárnum sem verktaki þarf að nota s.s. til afstífangar eða stólunar og skal slík vannýting innifalin í einingarverðum.

#### 2.5.2.1 Bending

Vísað er til verklýsingar þessarar og þeirra staðla sem um verkið gilda.

Bending skal vera laus við öll óhreinindi, fitu, olíu, málningu, ryðflögur eða annað sem getur skert viðloðun járnendingar við steypu. Bending skal vera vel af hendi leyst og uppdráttum fylgt nákvæmlega. Þar sem járn liggja saman í kross skulu þau bundin saman með bindivír eða á annan viðurkenndan hátt. Tryggja skal rétta legu járna/bendingar í mótum með stólum eða fjarlægðarklossum sem festa skal við járnendinguna. Notaðir skulu sterkir og stífir fjarlægðarklossar af viðurkenndri gerð sem verkkaupi samþykkir og skulu þeir settir það þétt að járnending aflagist ekki þegar steyp er. Fjarlægð milli klossa skal tryggja fyrirskrifaða staðsetningu járna og steypuhulu. Miða skal við að hún verði aldrei meiri en 1,0 m í báðar áttir.

Verktaki skal kynna sér vel á uppdráttum göt, raufar, lista og þynningar í steypu áður en járnavinna hefst.

Afstífangarjárn skulu vera milli grinda í veggjum og súlum. Trausta stóla skal setja undir efri grind í plötum. Stólar skulu vera þannig frágengnir að þeir aflagist ekki eða sígi þegar steyp er. Fjarlægð milli stóla og afstífangarjárna skal vera þannig að járn sígi ekki niður eða aflagist á milli stóla og afstífangarjárna. Miða skal við að hún verði aldrei meiri en 1,0 m í báðar áttir. Járnagrind skal binda þannig að hún myndi stífa heild.

Bil milli stanga, fjarlægð stanga frá steypufirborði, steypuhula, beyging stanga og skeyting járna skal vera í samræmi við burðarþolsteikningu VSÓ Ráðgjafar.

Öll járn skulu kaldbeygð. Beygjumál eru gefin upp á burðarþolsteikningu VSÓ Ráðgjafar. Óheimilt er með öllu að punkthita járn t.d. með gasloqa og beygja með þeim hætti (heitbeygja), þar sem það rýrir efniseiginleikar bendingar.

Járnalögn skal vera að fullu frágengin og samþykkt áður en steypuvinna hefst.

Þess skal gætt að bindivír standi ekki í átt að steypuyfirborði heldur skal beygja vírenda í átt að steypumiðju. Naglar sem hugsanlega eru negldir í veggjamót skal fjarlægja áður en steyp er.

Öll járn skulu ná a.m.k. skeytilengd inn í aðliggjandi steypa byggingarluta, burðarþolsteikningu. Járn sem eru skeytt skulu liggja þétt saman og skal víxla skeytum sem mest.

Ekki er leyfilegt að skeyta járn saman með suðu án samráðs við hönnuð.

Ef kambstál er soðið við smíðastál, skal það gert af suðumanni með fagpróf í málmíðnaðargreinum og gild hæfnispróf sem hæfa því verki frá Iðntæknistofnun Íslands skv. ÍST EN ISO 9606-1.

Suðuvír skal hæfa efninu og skal tryggt að aðstæður séu þannig að suðan verði ekki veikari en efnið sem soðið er, né heldur að stangarþvermál skerðist við suðuna. Sama gildir um aðrar suður kambstáls.

Að öðru leyti en hér er lýst, vísast í ákvæði staðla.

*Magn er mælt í kg. Greitt er fyrir fullfrágengna bendingu sem búið er að koma fyrir í mótum. Í einingarverði skal innfalinn allur kostnaður til að skila fullfrágengnu verki, sbr. verklýsingu þessa.*

### 2.5.3 Steinsteypa

#### 2.5.3.0 Almenn atriði

Vísað er til greina sem gilda almennt um burðarvirki og heyra undir almenn atriði og lýsa helstu kröfum sem gerðar eru til verkframkvæmdar einstakra verkþátta og verksins í heild sinni. Þessar greinar eru ekki tæmandi, enda ætlast til þess að verkinu stýri tæknimaður með mikla reynslu og þekkingu á öllum þáttum steypugerðar og steypuvinnu. Vísað er til teikninga VSÓ Ráðgjafar.

##### 2.5.3.0.1 Staðlar

Um steinsteypu og verkframkvæmd gilda ákvæði eftirtalinna staðla: ÍST EN 206, ÍST EN 1992-1-1 og ÍST EN 13670, með þeim viðbótum og breytingum sem getið er um í lýsingu þessari eða kemur fram á teikningum. Úttektum og eftirliti verktaka skal að lágmarki hagað skv. Execution Class 2 í ÍST EN 13670. Ávallt skal nota þá staðla sem nýjastir eru og í gildi hérlendis, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Verktaki skal kynna sér vandlega ákvæði staðalanna og fullnægja þeim kröfum sem þar eru gerðar. Kröfur staðal verða ekki endurteknar í þessari verklýsingu.

##### 2.5.3.0.2 Steypa - samsetning

**Sement:** Sement skal vera kísilblandað portlandsement nema eftirlitsmaður samþykki annað, enda uppfylli það kröfur staðla.

**Fylliefni:** Möl og sandur skulu vera úr kornum sterkra og þétra bergtegunda skv. Rb Eq4.017.2. Fylliefni skulu vera hrein og sýnilega óveðruð og mega ekki innihalda efnisþætti sem skert geta efnisgæði og líftíma steypunnar eða járnendingar. Tryggt skal að þau fylliefni sem notuð eru uppfylli skilyrði greinar 3.1.3 a) í íslenskum þjóðarviðauka við ÍST EN 1992-1-1 fyrir þétt fylliefni (non-porous aggregates).

Stærðardreifing korna skal liggja innan viðurkenndra marka, eða að öðrum kosti sýnt fram á hæfi efnisins til steypugerðar með prófsteypum. Kornalögun og kornadreifing skal vera þannig að viðunandi þjálni náist og fullnægjandi niðurlögn verði tryggð.

Athugun skal liggja fyrir um það, hvort fylliefni sem nota á er virkt eða óvirkt hvað alkalívirgni varðar. Óski verktaki eftir því að nota virkt fylliefni eða blöndu af virku og óvirku efni skal hann sýna fram á það með rannsókn, framkvæmdri af rannsóknarstofu sem verkkaupi viðurkennir, að skaðleg alkalíþensla komi ekki fram.

Fylliefni úr sjó má ekki nota nema þannig þvegið að saltinnihald valdi engum skaðlegum áhrifum á efnisgæði og líftíma steypunnar eða járnendingar. Verktaki skal leggja fram niðurstöður prófana því til staðfestingar.

**Íblöndunarefni:** Nota skal loftblendi í alla steypu og skal loftinnihald steypu vera samkvæmt burðarþolsteikningu VSÓ Ráðgjafar. Verktaki skal gera loftmælingar við niðurlögn steypunnar. Ef verktaki notar dælu við að flytja steypuna skal mæla loftinnihald hennar eftir dælingu, enda þekkt að dæling steypu minnkar yfirleitt loftmagn steypunnar sem taka skal tillit til við ákvörðun á loftblendi.

Í flestum tilfellum er nauðsynlegt að nota sérvirk þjáliefni í steypuna svo fullnægjandi steypugæði náist, t.d vegna þéttar endingar, til að tryggja vatnsþéttleika steypunnar, fullnægjandi burðarþoli eða útliti. Notkun íblendiefna skal þannig háttáð að enginn aðskilnaður eigi sér stað og engar breytingar verði á efnisgæðum steypunnar.

#### 2.5.3.0.3 Efniseiginleikar steypu, styrkur og gæði

Eiginleikar steinsteypu skulu vera skv. burðarþolsteikningu VSÓ Ráðgjafar. Niðurstöður nýlegra prófana á steypublöndu sem verður notuð og staðfesta fyrirskrifaða eiginleika hennar skulu liggja fyrir áður en steypuvinna hefst.

Að öðru leyti en hér er lýst skal verktaki fullnægja kröfum staðla um steypugerð, framleiðslu, niðurlögn og aðhlúun.

#### 2.5.3.0.4 Steypuprófanir

Í nýjustu og enn fremur gildandi útgáfu ÍST EN 206 og byggingarreglugerð kemur fram hvaða kröfur eru gerðar til steypuframleiðslu, hvaða prófanir og rannsóknir skulu gerðar og umfang þeirra. Verktaki skal láta rannsóknarstofu, sem verkkaupi viðurkennir, framkvæma þessar prófanir. Kostnaður þar af skal innifalinn í einingarverðum. Í tilboði sínu skal verktaki einnig innifela allan kostnað af öðrum prófunum og mælingum sem getið er um í þessum gögnum. Verktaki skal kynna sér vandlega ákvæði staðla sem um verkið gilda. Verktaki ber ábyrgð á gæðum steypunnar. Eftirlitsaðili eða fulltrúi verkkaupa getur hvenær sem er óskað eftir upplýsingum um niðurstöður þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið til samræmis við kröfur um steypugæði. Við afhendingarúttekt skulu allar rannsóknir, skýrslur, prófanir og mælingar á steypu lagðar fram er lúta að því að sanna að tilskilin gæði hafi náðst.

Komi í ljós að steypa hafi ekki náð tilskyldum efnisgæðum, er verktaka skylt að framkvæma það sem eftirlitsaðili verkkaupa ákveður eða fjarlægja steypu.

#### 2.5.3.0.5 Steypuskil

Steypuskil skulu vera hrein og laus við allt steypuhröngl áður en steipt er að þeim. Yfirborð þeirra skal hrýft og öll laus efni og óþétt steypa fjarlægð. Olíu eða önnur álíka efni verður að fjarlægja hafi þau borist á steypuskilinn. Hreinsa skal steypuslettur og klepra af steypustyrktarjárnnum og þéttiborðum sem standa út úr eldri steypu. Sementsefju skal háþrýstipvo úr yfirborði. Steypuskilinn skulu vera vatnsmettuð án þess að vatn standi á þeim þegar steipt er. Yfirborðshiti harðnaðrar steypu í steypuskilum skal vera yfir +10 °C þegar steipt er að henni og skal hita yfirborðið upp að þessu marki með heitu vatni eða öðrum tiltækum ráðum ef þörf er á.



Þegar steipt er að steypuskilum skal vanda niðurlögn steypunnar og titrun svo vatnspéttleiki verði tryggður í skilunum. Þegar steipt er að eldri steypuflötum gildir það sama og lýst hefur verið hér að ofan. Þá er einnig vísað til ákvæða um steypuskil í verklýsingu um steypumót.

#### 2.5.3.0.6 Steypuvinna á byggingarstað

Næsta grein er mikilvægur hluti steypuvinnu og nauðsynlegur svo fullnægjandi árangur náist og er vísað til hennar varðandi aðhlúun steypu á hörðunartíma.

Sú krafa er gerð til áferðar steypu að yfirborð sé þétt og án steypuhreiðra eða annarra galla. Um steypuvinnu almennt og þær ráðstafanir sem skulu viðhafðar er vísað til áðurnefndra staðla. Áður en steypuvinna hefst, skal verktaki með góðum fyrirvara gera grein fyrir undirbúningi steypuframkvæmda, tækjabúnaði, verktilhögun, mælingum og þeim aðgerðum sem hann mun fylgja til að tryggja rétta aðhlúun steypu, þ.e. raka- og hitastýringu meðan á hörðun hennar stendur. Á það einnig við um ráðstafanir sem grípa verður til eftir að mót eru fjarlægð.

Tilkynna skal eftirlitsmanni verkkaupa um alla steypuvinnu með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal úttekt hans og byggingarfulltrúa á mótum og járnþendingu liggja fyrir áður en steypuvinna hefst. Allur búnaður til flutnings, niðurlagnar, vinnslu og aðhlúunar steypu skal vera samþykktur af eftirlitsmanni verkkaupa með góðum fyrirvara. Áður en steypuvinna hefst skulu öll tæki og búnaður vera til reiðu á byggingarstað. Fjöldi titrara skal ákveðinn í samráði við verkkaupa eftir áætluðum steypuhraða og nægilegur fjöldi skal vera til vara.

Ætla skal a.m.k. einn titrara fyrir hverja 3 m<sup>3</sup> af steypu sem áformað er að leggja niður á klukkustund og a.m.k. einn til vara. Þegar véslípa á plötur skulu a.m.k. 3 nothæfar gólfslípivélar vera til staðar hverju sinni. Allan búnað skal verktaki hafa prófað áður en steypuvinna hefst.

Steypuverkstjóri verktaka skal ávallt vera á verkstað þegar steipt er og stjórna niðurlögn steypunnar. Steypunni skal komið lóðrétt niður í mótin og dreift jafnt í láréttum lögum ekki þykkari en 300 – 400 mm. Öll steypa skal titruð. Hvert lag skal titrað nægilega mikið og á skipulagðan hátt, þannig að tryggt sé að hæfilegra titrunaráhrifa gæti um alla steypuna. Titrum skal stungið hægt lóðrétt niður í steypulagið sem verið er að titra og u.þ.b. 100 – 200 mm niður í næsta lag fyrir neðan. Titrum skal haldið niðri í steypunni í 5 – 15 sek, en sá tími fer eftir þjálni steypunnar. Þegar steypan við titrarann er orðin gljáandi og loftbólur hætta að koma upp á yfirborðið skal draga titrarann upp. Hæfilegt er að stinga titrara í steypuna með 400 – 500 mm millibili. Forðast ber að titrari snerti járn í steypu sem byrjuð er að harðna, þar sem slíkt getur raskað festingu járna við steypuna. Einnig ber að varast að titrari hristi veggjamót, þar sem slíkt getur valdið vatnsrennsli með mótum og spillt áferð steypunnar. Vanda þarf sérstaklega niðurlögn steypu og titrun í hornum, útbrúnum, við innsteipta hluti og þar sem járnþending er þétt og fyrirbyggja að steypuhreiður myndist. Verktaki getur þurft að grípa til sérstakra ráðstafana í þessum tilfellum við niðurlögn steypunnar.

Fallhæð steypu má ekki vera meiri en 2,5 m og skal verktaki nota trektir eða rennur til að tryggja að fallið verði ekki hærra. Ef renna er notuð, skal alltaf vera lok á neðri enda hennar, svo steypan falli lóðrétt niður úr henni.

Steypa frá steypustöð skal komin í mótin innan 1½ klst. frá því hún var sett í bílinn. Ef lengri tími er liðinn skal steypunni skilyrðislaust hafnað og bíl ekið af verkstað.

Allar brúnir á steypu skulu sléttaðar með bretti.

Yfirborðsáferð á steypu skal taka mið af því efni sem kemur á yfirborð hennar sbr. teikningar og verklýsingu arkitekts.

Að lokinni niðurlögn steypu skal verktaki strax hefja viðeigandi aðhlúun steypunnar svo tryggt verði að steypugæði verði eins og til er ætlast.

Að öðru leyti en hér er lýst vísast í ákvæði staðla.

#### 2.5.3.0.7 Aðhlúun steypu – meðferð steypu á hörðnunartíma

Meðan á hörðnun steypu stendur skal verktaki tryggja rétta aðhlynningu steypunnar, gæta þess að hún ofþorni ekki og stýra hitamyndun í henni. Öllum steypuflötum skal haldið blautum (þ.e. steypuflötur má aldrei þorna) í a.m.k. tvær vikur eða þar til steypuyfirborð hefur náð a.m.k. 50 % af fyrirskrifuðum styrkleika steypunnar. Telji eftirlitsmaður verkkaupa þörf á sjálfvirku vatnsúðakerfi til að halda steypunni nægjanlega blautri, skal verktaki skilyrðislaust og án tafar setja upp og viðhalda slíkum búnaði. Hvenær hægt er að slá mótum frá steypunni ræðst af styrk hennar. Eftir að mót eru fjarlægð þarf verktaki eftir sem áður að stýra hitastigi steypunnar og yfirborðsraka með viðeigandi aðgerðum.

Að öðru leyti en hér er lýst vísast í ákvæði staðla.

#### 2.5.3.0.8 Steypuhiti og hitamunur á hörðnunartíma

Verktaki skal tryggja að hitamismunur í steypuþversniði, þ.e. hitamunur á steypu í massamiðju og við yfirborð í sama þversniði fari ekki yfir 20 °C. Verktaki skal sjá til þess að hitastig steypu fari aldrei yfir 60 °C meðan á hörðnun hennar stendur. Verktaki getur þurft að einangra mót og/eða steypuyfirborð til að fyrirbyggja of hraða kælingu steypuyfirborðs eða koma í veg fyrir að hitamunur á steypu í massamiðju og við yfirborð fari yfir 20 °C.

Til þess að fylgjast með þróun hita í steypunni, bregðast tímanlega við breytingum og geta stjórnað hitanum þarf verktaki að hafa komið fyrir hitanemum í steypunni. Lofthiti skal mældur á sama tíma og steypuhiti er mældur. Eftirlitsmaður verkkaupa ákveður hversu oft á dag verktaki skuli mæla loft- og steypuhita og í hversu langan tíma. Ef annað er ekki ákveðið, skal miða við a.m.k. þrjár mælingar á dag í eina til tvær vikur. Með þessum hætti getur verktaki sýnt fram á fullnægjandi hitastýringu steypunnar. Skýrslur yfir hitamælingar þessar og aðferðir við aðhlúun steypunnar skulu afhentar verkkaupa.

#### 2.5.3.0.9 Steypuvinna í kulda

Steypuvinnu í kulda skal haga samkvæmt ákvæðum ÍST EN 13670 og Rb-blaði Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins Rb Eq.003.3, með þeim breytingum og viðbótum sem hér er getið um. Ávallt skulu nýjustu og gildandi útgáfur staðla hér á landi notaðar til upplýsingar.

Verktaki skal tryggja að steypuhitastig fari hvergi niður fyrir +3°C fyrr en steypan er orðin frostþolin. Miðað er við að steypa sé orðin frostþolin þegar hún hefur náð 6 MPa þrýstipóli (miðað við 300 mm sívalninga), enda sé loftinnihald (loftdreifing, fjarlægðarstuðull, yfirborð loftbóla) steypunnar í samræmi við gerðar kröfur.

Þegar hætta er á frosti skal steypuvinna ekki hafin fyrr en nauðsynlegur útbúnaður er fyrir hendi á vinnustað til aðhlúunar steypu. Þessi útbúnaður er háður samþykki verkkaupa. Kröfum til hitastýringar verktaka, max. hita í steypu og max. hitamunur í massamiðju og við yfirborð steypu í sama þversniði er lýst í grein hér að framan.

Verktaki skal mæla hitastig í steypu frá því að hún er lögð niður og þar til nægileg hersla hefur náðst. Lofthiti skal mældur samtímis. Skýrslur yfir hitamælingar þessar og aðferðir við aðhlúun steypunnar skulu afhentar verkkaupa.

Að öðru leyti en hér er lýst vísast í ákvæði staðla.

#### 2.5.3.0.10 Steypuviðgerðir

Ætlast er til þess að öll steypuvinna sé fyrsta flokks, svo komist verði hjá steypugöllum. Komi steypugallar í ljós, skal verktaki lagfæra þá í samráði við eftirlitsmann verkkaupa. Verktaki leggur þá fram verklýsingu, til samþykktar hjá eftirlitsmanni, á því hvernig hann hyggst standa að viðgerðum. Verktaki gerir tilraunir með viðgerðir og leggur fyrir eftirlitsaðila til samþykktar.

Í steypu sem er neðan jarðar og skemmdir eru litlar, er hugsanlegt að nota megi múrviðgerðarefni framleidd í verksmiðju sem hafa verið prófuð og viðurkennd af rannsóknarstofu sem verkkaupi viðurkennir. Fylgt skal verklýsingu framleiðanda og þess gætt að efnið hæfi viðgerðinni. Sérstaklega skal hugað að aðhlúun steypuyfirborðs þar sem viðgerð á sér stað.

#### 2.5.3.0.11 Skýring á magntölum og einingarverðum

Magn er reiknað út skv. uppdráttum. Magn er "nettó" rúmtak steyptra hluta (m<sup>3</sup>). Magntölur taka ekki tillit til affalla né ónákvæmni undirlags. Slíkt skal innifalið í einingaverðum. Magn á frágangi steypuyfirborðs er mælt í fermetrum þess flatar sem meðhöndlaður er nema annað sé tekið fram.

Einingarverð eiga við fullfrágengna steypu þar með talin vörn og aðhlúun á hörðunartíma og steypuviðgerðir ef þeirra er þörf. Innifalinn skal allur kostnaður verktaka sem þarf til að skila fullfrágengnu verki sbr. verklýsingar og teikningar, þ.m.t. kostnaður vegna almennra atriða sem lýst er í grein 2.5.3.0 og þeim greinum sem þar er vísað til.

#### 2.5.3.1 Undirstöður, C35/45

Vísað er til teikninga og skýringa VSÓ Ráðgjafar. Nákvæmni í niðurlögn skal vera skv. verklýsingu. Sérstök athygli er vakin á samræmingu á hæð undirstaða við endanlegt yfirborð. Setja þarf út efri brún á vegg í takt við kennisnið arkitekts og grafrarbotn og hæð á fyllingu í takt við það.

*Magn er mælt í rúmmetrum, "nettó" rúmtak. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningum. Magntölur taka ekki tillit til affalla né ónákvæmni undirlags. Slíkt skal innifalið í einingaverðum. Í einingarverði skal innifalinn allur kostnaður sem þarf til að skila fullfrágengnu verki skv. verklýsingu þessari.*

## 2.6 UMFERÐARLJÓS

Vinna við uppsetningu og færslu umferðarljósa og vinna sem tengist þeim skal unnin í nánu samstarfi við lögreglu og þá starfsmenn skrifstofu samgöngustjóra Reykjavíkur, sem annast umferðarljósinn. Áður en vinna við umferðarljós hefst skal verktaki fara yfir verkið með eftirlitsmanni, lögreglu og starfsmönnum skrifstofu samgöngustjóra varðandi tímaplan og nánari útfærslu. Þegar lokið er vinnu við uppsetningu, færslu umferðarljósa og niðursetningu lagna skal mæla nákvæmlega inn allar nýjar staðsetningar á lögnum og umferðarljósa-stólpum og þeim skilað til eftirlitsmanns og verkkaupa.

Starfsmenn USK sjá um uppsetningu ljósabúnaðar.

Götuviti við Snorrabraut – Laugaveg verður fjarlægður, gönguljós fjarlægð austan megin við Snorrabraut þar sem Laugavegur verður göngugata á því svæði. Við Laugarveg - Rauðarárstíg skal skipt um maska – settir vinstri beygju maskar í stað hefðbundinna hringlaga maska.

### 2.6.1 Ídráttarrör

#### 2.6.1.1 Hreinsun

Reyna skal eftir fremst megni að nota núverandi ídráttarrör og tengibrunna. Ástand þeirra er óþekkt og ákvörðun um hvort gera eigi tilraun til að hreinsa núverandi ídráttarrör skal tekin á framkvæmdastað í samráði við umsjónarmann með umferðarljósum. Ef nauðsynlegt er að endurnýja ídráttarrör skal notast við verklýsingar að neðan.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt verður fyrir hver gatnamót fyrir sig (stk). Innifalið í einingarverði er tæki og vinna við hreinsun núverandi ídráttarröra.*

#### 2.6.1.2 Gröftur og fylling

Verktaki skal grafa fyrir ídráttarrörum eins og sýnt er á teikningum. Rör skulu vera á minnst 600 mm dýpi miðað við endanlegt yfirboð götu. Sanda skal undir rör og skal frágangur vera eins og sýnt er á teikningum.

Eftir að ídráttarrör hafa verið lögð og áður en fylling yfir þau hefst, skal öllum ídráttarröraendum lokað með plastlokum.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er fast verð fyrir hvern metra af skurði. Innifalið er m.a. gröftur, söndun, fylling umhverfis rör, fylling, þjöppun og að koma fyrir aðvörunarborða.*

#### 2.6.1.3 Lögn ídráttarröra

Verktaki skal leggja ídráttarrör og koma fyrir ídráttarrörum milli umferðarljósastólpa og frá tengibrunnum að umferðarljósastólpa á minnst 600 mm dýpi miðað við endanlegt yfirboð götu.

Í gröfnum skurðum og botni uppúrtektar skal fylla með 50 mm lagi af sandi í botninn. Leggja skal pípur þar ofan á í einu eða tveimur lögum með 50 mm lagi af hörpuðum sandi umhverfis rörin. Pípur skulu tengjast tryggilega inn í brunna. Yfir pípum skal koma fyrir gulum aðvörunarborða sem verkkaupi leggur til. Nota skal svört PEH ídráttarrör, Ø110. Eftir að ídráttarrör hafa verið lögð og áður en fylling yfir þau hefst, skal öllum ídráttarröraendum lokað með plastlokum.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt verður fyrir hvern metra af niðurlögðum ídráttarrörum af mismunandi stærð. Innifalið skal vera m.a. flutningur, allt efni, rör og samtengingar og öll vinna við að koma rörunum fyrir.*

### **2.6.2 Ídráttur strengja**

#### **2.6.2.1 Ídráttur strengja**

Verktaki skal draga strengi í ídráttarrör í samvinnu við starfsmenn USK. Við stjórnkassa, götuvita og í tengibrunnum skal verktaki skilja eftir 6 m hönk, en starfsmenn verkkaupa sjá um allar tengingar. Kaplar í götuvita eru NYY-J með 14-24 vírum og skulu dregnir í Ø110 mm rör.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt verður fyrir hvern metra af ídrætti á streng óháð stærð. Innifalið í einingarverði skal m.a. vera flutningur á streng og öll vinna við útdrátt. Verkkaupi leggur til strengi.*

### **2.6.3 Ljósker fyrir umferðarljós**

#### **2.6.3.1 Uppsetning**

Verktaki skal setja upp ljósker umferðarljósa í samvinnu við starfsmenn Vegagerðar og starfsmenn Reykjavíkur sem annast umferðarljósín. Ljósker verða afhentir í Þjónustumiðstöð umferðarmála USK við Stórhöfða 7-9.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt verður heildarverð. Innifalið í einingarverði er m.a. flutningur á ljóskerum og að festa þá niður. Verkkaupi leggur til ljósker.*

### **2.6.4 Fjarlæging/færsla núverandi umferðarljósa**

#### **2.6.4.1 Fjarlæging/færsla á undirstöðum fyrir götuvita (lugtarsteinar)**

Verktaki skal grafa frá undirstöðum götuvita og taka þær upp og færa á nýjan stað í samvinnu við starfsmenn USK. Ef undirstöður verður ekki endurnýttar á svæðinu skal verktaki flytja efni í Þjónustumiðstöð umferðarmála USK við Stórhöfða 7-9. Þegar undirstöður hafa verið fjarlægðar skal fylla í holur með grús.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt verður fyrir stk. Innifalið í einingarverði er m.a. öll jarðvinna, upptekta á undirstöðu, flutningur og grúsarfylling í holu.*

#### **2.6.4.2 Fjarlæging/færsla á stólpum fyrir götuvita**

Verktaki skal losa stólpa frá undirstöðu og færa á nýjan stað í samvinnu við starfsmenn USK. Áður en stólpi er fjarlægður mun verkkaupi aftengja hann og fjarlægja ljósker hans. Ef stólpar verða ekki endurnýttir á svæðinu skal verktaki flytja efni í Þjónustumiðstöð umferðarmála USK við Stórhöfða 7-9, annars skal verktaki varðveita efni á staðnum. Verktaki skal losa stólpa frá undirstöðu. Stólpa skal flytja í Þjónustumiðstöð umferðarmála USK við Stórhöfða 7-9.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt verður fyrir stk. Innifalið í einingarverði er m.a. losun stólpa frá undirstöðum og flutningur á stólpum..*

## 2.6.5 Innmælingar á umferðarljósalögnum og búnaði

### 2.6.5.1 Innmælingar

Verktaki skal skila til verkkaupa og eftirlitsmanns innmælingum á öllum nýjum lögnum, tengibrunnum, tengihólfum, umferðarljósastólum og stjórnkassa. Innmælingargögnum skal skilað sem X, Y og Z hnitum á DWG formi ekki seinna en 7 dögum eftir að innmæling er gerð.

Innmælingargögn skulu vera flokkuð í eftirfarandi lög á DWG formi :

- 50 mm lagnir fyrir ljósleiðara
- 50 mm lagnir fyrir aðra umferðarljósastrengi
- 100 mm lagnir fyrir umferðarljósastrengi
- tengibrunnar fyrir umferðarljós
- tengihólf fyrir skynjara
- tengihólf fyrir TASS skynjara
- stjórnkassi fyrir umferðarljós
- umferðarljósastólpar

Mæla skal ofan á allar lagnir í skurði áður en fyllt er yfir þær. Ef lagnir eru lagðar í boga skal mæla þær það þétt að ekki muni meiru en 100 mm frá beinu striki. Mæla skal brunna á mitt brunnlok. Stjórnkassa skal mæla þannig að mæld eru bæði hornin á bakhlið hans.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Innifalið er m.a. öll nauðsynleg mælitæki, mæli- og tölvuvinna. Ekki sérstakur greiðsluliður, aðstoð verktaka vegna innmælinga skal innifalið í öðrum liðum.*

## 2.7 UMFERÐARMERKI

### 2.7.1 Færsla/fjarlæging núverandi merkja

Verkaki skal taka niður núverandi skilti á framkvæmdarsvæði og setja þau upp á ný í samræmi við teikningar eða fjarlægja og fara með á næstu grenndarstöð Reykjavíkurborgar í samráði við umsjónarmann verkkaupa. Færa skal núverandi umferðarmerki í heilu lagi, undirstaða, rör, merki og festingar, skv. **teikningum**.

#### Magntölur og uppgjör:

*Greitt er fast verð fyrir hvert skilti sem fært er eða fjarlægt. Gerður er greinarmunur á því hvort um er að ræða færslu á skilti á skilsteini/röri eða skilti sem fest er á ljósastólpa. Innifalinn skal allur kostnaður efni, vinna og festingar, þ.m.t. öll jarðvinna og frágangur og flutningur.*

### 2.7.2 Ný umferðarmerki

#### 2.7.2.1 Umferðarmerki með festingum (efni og uppsetning)

Umferðarmerki skal framleiða með endurskini öðru megin. Lögð er áhersla á vandaða framleiðslu, er staðist getur álag veðurs og vinda.

#### Gildissvið og flokkar:

Umferðarskiltum er skipt í eftirfarandi flokka:

Flokkur	Heiti	Lýsing
Flokkur 1	Dreifin gegnför	Skilti sem lýst er innan frá
Flokkur 2	Dreifið endurkast	Skilti án innri lýsingar eða endurskins
Flokkur 3	Endurskin	Hefðbundin skilti með endurskini
Flokkur 4	Sterkt endurskin	Skilti með sterku endurskini

#### Útlit

Litur, lögun, stærð og táknmyndir umferðarmerkja skulu vera samkvæmt “Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289/1995”.

#### Merkjaplötur

Umferðarmerki skulu framleidd úr sléttum plötum án kantstyrkinga (Flokkur E1 samkvæmt lið 5.1.3 í ÍST EN 12899-1:2001). Merkjaplötur skulu vera úr sýruböðuðu saltþolnu áli. Þykkt platna skal vera 2,5 mm hið minnsta. Heimilt er að nota annað efni og aðra þykkt í plötur ef verktaki getur sýnt fram á að gæði þess og styrkur sé a.m.k. jafn góður. Allar brúnir á plötum skal væna þannig að þær skeri ekki þá sem meðhöndla plöturnar.

#### Götun

Gata skal merkjaplötur þannig að hæfi viðeigandi festingum. Gatað skal með 7 mm bor.

## Kröfur til yfirborðsefna

### Ljóstæknilegir eiginleikar

Ljóstæknilegir eiginleikar skulu vera í samræmi við ÍST EN 12899-1:2001. Þar skulu skiltin uppfylla kröfur í eftirfarandi liðum staðalsins:

#### Kröfur til ljóstæknilegra eiginleika

Flokkur 1	Liður 5.2.1.3, 5.2.3, 5.2.4 og 5.2.5. Skilti skal hafa birtustig L1, L2 eða L3 skv. lið 5.2.3, í samræmi við frekari skilgreiningu kaupenda hverju sinni.
Flokkur 2	Liður 5.2.1.1
Flokkur 3	Liður 5.2.1.2, Class Ref. 1 í lið 5.2.2
Flokkur 4	Liður 5.2.1.2, Class Ref. 2 í lið 5.2.2

Þjóðandi skal leggja fram upplýsingar frá framleiðanda endurskinsefnis þess er hann hyggst nota, þar sem staðfest er, að efnið uppfylli ofangreindar kröfur þ.m.t. 5 ára ábyrgð á endingu efnisins.

Endurskin skal vera á öllum öðrum litum en svörtum.

#### Viðloðun

Tryggt skal að viðloðun yfirborðsefnis sem límt er á skilti sé það góð að filman flagni ekki, og að ekki sé hægt að rífa hana af með góðu móti.

Einnig skal tryggt að límið misliti ekki filmuna.

Áður en álskilti er lakkað eða á það er límd filma, þarf álplatan að fá fullnægjandi meðhöndlun til að tryggja langtíma viðloðun, t.d með eftirfarandi verkþáttum:

1. Heit, súr eða basísk affitun (þvottur með hita og/eða sápu)
2. Skolun
3. Æting
4. Skolun

#### Efnamótstaða

Skilti skulu uppfylla kröfur Em2 eða Em3 um efnapol í samræmi við skilgreiningar kaupanda hverju sinni.

#### Em2

Sýni framleitt á sama hátt og skilti á að þola það í 10 mín. í etanóli og í terpentínu ("white spirit"), og það í 1 mín. í tólúeni eða xylani, án þess að viðloðun bregðist, efnið krumpist, að blöðrur eða rifur myndist, endurskin falli verulega eða prentun afmáist.



Einnig þarf sýnið að þola það í 10 mín. við 20°C í súlfúupplausn og eftir þurrkun það í mettaðri natríumklóríðupplausn í 10 mín., án þess að viðloðun bregðist, efnið krumpist, að blöðrur eða rifur myndist, endurskin falli verulega eða prentun afmáist.

### Em3

Gerð er krafa um að ysta yfirborð skiltisins sé sérstök veggjakrotspolin yfirborðsfilma (sjá viðauka B) frá sama framleiðanda og endurskinsfilman. Skilti með þessu yfirborði á að þola það í 10 mín. í etanóli og í terpentínu ("white spirit"), og það í 1 mín. í tólúeni, xýlani og asetoni, án þess að viðloðun bregðist, efnið krumpist eða mislitist, að blöðrur eða rifur myndist, endurskin falli svo mælanlegt sé eða prentun afmáist.

#### *Veðrunarþol skiltis*

Í skilti skal nota efni sem þola tiltölulega vel íslenska veðráttu. Endurskinsfilma skal hafa hlotið viðurkenningu Iðntæknistofnunar, eða annarrar viðurkenndrar íslenskrar prófunarstofu og verið veðrunarprófuð á Íslandi í samanburði við aðrar filmur í a.m.k. 3 ár.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt verður ákveðið verð fyrir stk. af umferðarmerki af ákveðinni gerð sem verktaki leggur til. Innifalinn í einingaverði skal allur kostnaður við útveggun merkis í samræmi við verklýsingu, þ.m.t. festingar skv. lið 2.5.2.3, flutningur á verkstað og uppsetning. Undirstöður greiddast í lið 2.5.2.2.*

#### **2.7.2.2 Undirstöður umferðarmerkja með röri**

*Á ekki við í þessu verki*

#### **2.7.2.3 Festingar umferðarmerkja**

Í lengri rör skal nota galvanhúðuð stálrör Ø60.3mm, efnisþykkt 3.65mm. Lengdir röra geta verið frá 2000 mm – 4000 mm, hlaupandi á 500 mm, eftir gerð undirstaða, staðsetningu og fjölda merkja sem koma á rörið. Þar sem undirstöður standa nærri frambrún gangstétta eða við lóðamörk getur þurft að nota rör sem eru sveigð inn um 300 mm í toppinn.

Fyrir akbrautarmerki í miðeyjum og gátskildi skal nota álrör Ø60mm, efnisþykkt 5mm. Lengd röra fyrir akbrautarmerki er 1,2 m og fyrir gátskildi 1,5 m. Loka skal efri enda álröra með plasttappa.

Rör skal festa á tryggan hátt í skiltaundirstöður þannig að ekki sé hægt að snúa rorum eða losa með höndum.

Verktaki skal leggja til festingar til að festa umferðarmerki á rör og /eða ljósastaura. Í teikningahefti er yfirlitsmynd af festingum.

Í fylgigögnum USK eru smíðateikningar og teikningar sem sýnir staðsetningu festinga á mismunandi skilti. Reiknað er með að í einhverjum tilvikum verði núverandi festingar notaðar áfram

### **Smíði almennt**

Vinna skal öll vera faglega unnin og frágangur lýtalaus. Á smíðateikningum er gerð grein fyrir efni, smíði og gæðakröfum. Leggja skal til alla bolta, skrúfur og rær sem nauðsynlegir eru.

### **Bakfestingar**

Til festingar venjulegra skilta, með álímdri filmu annars vegar, á rör eða á festingar gerðar fyrir ljósastaura eru notaðar tvöfaldar baulur smíðaðar úr 25x4mm flatjárni, gerð A.

Fyrir akreinaerki eru notaðar tvöfaldar baulur smíðaðar úr 30x5mm flatjárni, gerð B

### **Rammar**

Utan um umferðarmerki með álímdri filmu beggja vegna eru gerðir rammar af mismunandi gerðum og stærðum. Um er að ræða götunafnaramma, ferhyrnda toppramma og kringlótta toppramma.

### **Festingar á ljósastaura**

Ljósastaurar í borginni eru af mörgum gerðum, bæði þrepastaurar og sívalir staurar, og getur þvermál þeirra verið frá 89-219mm.

Festingar fyrir umferðarskilti á ljósastaura, staurabaulur, eru þannig uppbyggðar að á baulu sem klemmist um ljósastaurinn er soðinn láréttur armur, mislangur, og á enda hans er soðin 60 mm lóðrétt rör af mismunandi lengdum, 330 mm, 500 eða 600 mm,

Lóðrétt rörið er ýmist soðið í miðju á lárétta arminn T-gerð eða ofan á lárétta arminn L-gerð.

Á sívala staura getur þurft að nota millilegg úr strigagúmmí af hæfilegri þykkt til að festingin haldi.

### **Magntölur og uppgjör**

*Skiltafestingar greiðast með skiltum í lið 2.7.2.1 og skiltarör með undirstöðum í lið 2.7.2.2.*

## 2.8 MÖSSUN YFIRBORÐSMERKINGA

### 2.8.0 Almennt

Massa skal stöðvunarlínur og stefnuörvar.

USK áskilur sér rétt til að fella allar yfirborðsmerkingar út úr verkinu.

#### Almennt verklag

Verktaki skal í hvert skipti sem hann byrjar á mössun, ganga úr skugga um að tæki hans vinni rétt. Vinni tæki ekki rétt, skal vinna stöðvuð og ekki hafin á nýjan leik fyrr en úr hefur verið bætt.

Verktaki skal stöðugt fylgjast með, hvort massabykkt, dreifing efnis, breidd, staðsetning og lengd lína séu rétt. Verktaki skal reglulega í samvinnu við eftirlit, skila sýnum til verkkaupa.

Miðað er við að búið sé að sópa allar götur áður en merking þeirra hefst. Sé svo ekki skal verktaki tilkynna eftirlitsmanni það strax svo hægt sé að bæta úr því. Ef um óverulegt magn er að ræða eins og t.d. við kantsteina á gatnamótum skal verktaki sjá sjálfur um að sópa það. Heimilt er að formerkja þó sópun sé ekki lokið.

Verktaka er ekki heimilt á verktímanum að nota þau tæki sem lögð eru fram til verksins undir önnur efni heldur en þau sem uppfylla kröfur Reykjavíkurborgar til yfirborðsmerkinga. Verktaka er einnig óheimilt að hafa efni á verkstað sem ekki uppfylla kröfur Reykjavíkurborgar til yfirborðsmerkinga.

Ekki má hefja mössun nema yfirborð gatna sé þurr. Verktaki skal formerkja áður en mössun hefst og skulu línur vera beinar án hlykkja, áferðarfallegar og fylgja veglínunum þannig að vegfarendur verði ekki varir við nein óeðlileg frávik. Hann skal ávallt massa ofan í gamlar akreinalínur og merkingar, séu þær rétt staðsettar.

Við stakar merkingar skal verktaki gæta þess að yfirborð þeirra sé slétt og án sýnilegra samskeyta og að yfirborð götu sé hreint. Sparsla skal samskeyti með heitum spaða svo merkingar verði sléttar og áferðafallegar.

Verktaki ber ábyrgð á að ekki sé ekið yfir ný massaða línu eða merkingar og skal gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir það.

Ganga skal snyrtilega um alla verkstaði. Þegar efni er sett í massaskó skal setja hlífðarplötur undir skóinn svo massi leki ekki á götuna. Þegar massaskór er dreginn milli merkinga skal gæta þess að efni sléttist ekki á yfirborð götu utan við merkingar. Verktaki má ekki yfirgefa verkstað nema búið sé að hreinsa upp allar sléttur. Massi verktaki ekki rétt, eða ef ekið er yfir ný massaða merkingu, skal verktaki má burt massann og massa að nýju á sinn kostnað.

## **Sprautumössun (Sprayplastic)**

Sprautumassa skal allar línur og tákni. Ekki skal massað yfir heillegar eldri merkingar nema eftirlitsmaður mæli svo fyrir. Útlagður sprautumassi skal vera a.m.k. 1,5 mm á þykkt.

### **Notkunarsvið**

Massinn er ætlaður á vegfleti úr steinsteypu, malbiki og olíumöl til merkingar fyrir umferð. Hefðbundinn massi er handlagður eða lagður með vél, en sprautumassa er sprautað á vegflötinn.

### **Almennar kröfur**

Gerð er sú krafa að efni sem notuð eru í verkinu hafi glerperluinnihald á milli 20-25%. Ekki má nota massa sem er eldri en 6 mánaða, nema með samþykki eftirlitsmanns. Ekki má leggja massa í annarri þykkt en framleiðandi hans gefur upp.

Umbúðir massa skulu merktar með tákni framleiðanda, vöruheiti, númeri lögunar, framleiðsludegi, ráðlögðu útlagningarhitastigi, ráðlagðri útlagningarþykkt og hættumörkum í hitastigi.

Efnið skal vera nagladekkjapolið (gúmmíblandað eða á annan hátt sérsniðið að umferð nagladekkja) og uppfylla kröfur sbr. grein 1.1.1.4.

### **Tæknilegir eiginleikar**

Massinn þarf að vera í samræmi við kröfur Evrópustaðalsins fyrir eiginleika vegmerkingarefna ÍST EN1871:2000 og innihalda 20-25% glerperlur. Hann þarf að uppfylla kröfur

- flokks LF4 (ljómastuðull  $\square$  0,70)
- flokks IN1 (sigtími 5-45 s)
- flokks TW1 (Tröger slit  $\square$  2,5 cm<sup>3</sup>/16 umferðir)
- flokks TWU2 (breyting í Tröger sliti eftir öldrun  $\square$  2,5 cm<sup>3</sup>)
- töflu 2 um litarhnit hvíttra vegmerkingaefna í þeim staðli.

### **Núningsviðnám**

Núningsviðnám (skid resistance) massans skal vera a.m.k. 45, mælt skv. BS 3262, eftir að hann hefur verið lagður sem hefðbundin lína eða stök merking.

#### **2.8.1 Mössun**

Þegar massað er við umferðar- og gangbrautarljós, stöðvunar- og göngulínur og akreinarörvar, skal mæla vandlega staðsetningu og skilyrðislaust merkja með snúru eða krítarbandi áður en massað er. Ef það kemur í ljós við formerkingu að eldri merkingar séu rangar skulu þær fræstar burt og leiðréttar.

Leyfilegt frávik frá réttri breidd merkingar er:  $B = 120 \text{ mm} \pm 10 \text{ mm}$ , og  $B = 500 \text{ mm} : \pm 20 \text{ mm}$ .

Leyfilegt frávik frá réttri stærð þríhyrninga er  $< 10 \text{ mm}$ . Ekki skal massa biðskylduþríhyrninga á aðrein þar sem  $200 \text{ mm}$  lína er mössuð við aðreinina. Nota skal premark við mössun þríhyrninga og leggja skal hindrunarlínur samtímis biðskylduþríhyrningum.

**Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er fast verð fyrir hvern massaðan fermetra af stöðvunar- og göngulínum og akreinarörvum. Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.*

**2.8.2 Fræsun eldri yfirborðsmerkinga**

Fræsa skal upp eldri og ógildar yfirborðsmerkingar. Fræst skal eins grunnt og unnt er þ.a. merkingin afmáist, án þess að fræst sé ónauðsynlega djúpt í slitlagið.

**Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er fast verð fyrir hvern fermetra af fræstri merkingu.*

## 3 VEITUR

### 3.1 ALMENNT

Verkefnið felur í sér endurnýjun á hluta stofnlagna hitaveitu auk endurnýjunar á raf- og fráveitulögnum á gatnahlutanum og tengingu þess við nærliggjandi stofnkerfi lagna. Að auki skal taka niður núverandi brunhana við norðan megin götu og leggja nýjan brunahan sunnan megin. Einnig verður komið upp bráðabirgða götulýsingu á götuhlutanum þangað til endanleg lýsing verður sett upp. Uppsetning endanlegrar lýsingar er ekki hluti þessa verks.

**Verkkaupi afhendir efni samkvæmt grein um aðföng sem verkkaupi leggur til í kafla 0.5.2. Innifalið í öllum verkliðum er að sækja efni á afhendingarstað og flytja það á verkstað ásamt geymslu og gæslu þess þar.**

Umsjónarmaður verkkaupa mun sjá um innmælingar á lagnakerfi Veitna. Verktaki skal óska eftir innmælingum með formlegum hætti minnst 2 virkum dögum áður en fyrirhugað er að mæla inn. Ef lagnakerfi hefur ekki verið innmælt að fullu þegar skurði hefur verið lokað mun verkkaupi fara fram á að grafið verði niður á lagnakerfi til að hægt sé að klára innmælingar. Verktaki ber ábyrgð á að loka ekki skurði fyrr en innmælingum á lagnakerfi er lokið.

### 3.2 JARÐVINNA

Verktaki skal annast allan gröft fyrir lagnir, klapparvinnu, söndun undir og yfir, fyllingu og allan annan frágang í skurði, þar með talið að leggja plasthlífar og aðvörunarborða.

Markalínur graftar sem fram koma á teikningum eru greiðslumörk og sýna lágmarkspversnið sem grafa skal og fylla í. Sé grafið út fyrir þessar markalínur án beiðni frá umsjónarmanni verkkaupa skal verktaki á eigin kostnað fylla aftur hvert svæði sem grafið er umfram markalínur, þannig að fullnægjandi sé að dómi umsjónarmanns verkkaupa. Fyllingarefni skal uppfylla kröfur í verklýsingum um fyllingar.

Verktaki skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir hrun úr bökkum (t.d. með því að setja stalla, auka fláa eða setja öryggisnet). Haga skal greftri þannig að ekki sé hætt á hruni úr bökkum eða að bakkar hrynji. Við ákvörðun um fláa skurðveggja skal tekið mið af stöðugleika þess jarðvegs, sem grafið er í, dýpt skurðar, grunnvatnsstöðu og öðrum þeim atriðum sem geta valdið hruni. Fylgja skal teikningu LAV-131 um fláa skurðveggjar auk leiðbeiningum „Öryggi við skurðgröft og gryfjur“ útgefið af Vinnueftirlitinu. Innifalið í einingarverðum skal vera allur kostnaður við nauðsynlegar öryggisráðstafanir samkvæmt grein um gröft.

#### 3.2.1 Gröftur

Verktaki skal grafa skurði fyrir veitulagnir eins og sýnt er á teikningum. Þar sem lagnir koma í fyllingar skal fylla og þjappa a.m.k. 300 mm upp fyrir efri brún lagna áður en skurður er grafinn.

Skurðir skulu vera það víðir og botn þeirra það jafn að lagnir liggi þvingunarlaust á botni. Skurðbreidd er háð jarðvinnusniði þó þannig að þægilegt og hættulaust sé að vinna við lagnir og önnur þau verk sem vinna þarf í skurðinum.

Halda skal skurðum og uppgröfnum svæði nægjanlega þurru til þess að unnt sé að kanna botn uppgrafins svæðis og ganga úr skugga um botnbreidd.

Tilkynna skal umsjónarmanni verkkaupa með a.m.k. tveggja daga fyrirvara um úttekt á botni skurðar. Þá skal verktaki sjá til þess að ekki myndist vatnssuppistöður í skurðum og gryfjum sem geta verið hættulegar eða valdið skemmdum á verkinu eða tækjum. Kostnaður við vatnsvarnir skal vera innifalinn í einingarverðum.

Grafa skal fyrir fráveitu niður á burðarhæfan botn, klöpp, móhellu, jökulleir eða malarlag eða í það dýpi sem sýnt er á uppdráttum, það er a.m.k. 200mm niður fyrir uppgefinn kóta (rennslisbotn) á lögnum. Ef ekki næst niður á burðarhæfan botn skal grafa a.m.k. 500 mm niður fyrir botnkóta. Umsjónarmaður verkkaupa mun meta hvaða jarðlög eru burðarhæf.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er fyrir rúmmetra ( $m^3$ ) af greftri eftir tegund skurðsniðs. Dýpi miðast við skurðbakka annars vegar og skurðbotn hins vegar. Botn graftar fyrir götum, bílastæðum, gönguleiðum og torgum telst vera skurðbakki þar sem grafa þarf niður úr botni útgraftar.*

*Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum, m.a. gröft (á bakka eða á bíl), jöfnun skurðbotns, vatnsvarnir, fyllingu með uppgröfnum efni og útjöfnun umframefnis innan athafnasvæðisins. Ráðstafanir til stuðnings bökkum skulu innifaldar í einingarverðum fyrir gröft.*

*Greitt er fyrir rúmmetra ( $m^3$ ) af uppgröfnum efni sem flutt er á tipp innan framkvæmdasvæðis til endurnýtingar á svæðinu. Einingarverð þetta er viðbótarverð við einingarverð fyrir gröft eftir skurðsniðum. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum, m.a. akstur á tipp innan framkvæmdasvæðis, losun og ámokstur á tipp og akstur á þann stað sem efnið á að notast til endurfyllinga.*

*Greitt er fyrir rúmmetra ( $m^3$ ) af uppgröfnum efni sem flutt á viðurkenndan losunarstað. Einingarverð þetta er viðbótarverð við einingarverð fyrir gröft eftir skurðsniðum. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum, m.a. akstur á losunarstað.*

### **3.2.2 Fylling**

Fylling í lagnaskurði skiptist í söndun, fyllingu með uppgröfnum efni (jarðvegsfyllingu) og burðarhæfa fyllingu þar sem lagnir liggja undir frágengnu yfirborði svo sem götum og gangstéttum.

Uppbygging er sýnd á teikningum og staðalsniðum og skal verktaki fylla samkvæmt þeim.

Allt fyllingarefni skal samþykkjast af umsjónarmanni verkkaupa. Fyllingarefni má ekki vera samfrosið í köggla.

Verktaki skal sjá til þess að síukröfur séu uppfylltar milli allra efnisflokka. Kornadreifing hinna mismunandi laga skal vera þannig að ekki sé hætt á að finni efni úr einu lagi gangi inn í grófari efni í næsta lagi. Þar er sérstaklega vísað til söndunar.

Verktaki skal leggja fram kornakúrfur fyrir allt efni áður en notkun þess hefst. Í vafatilfellum skal athugað hvort eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

- $D_{15}$  efra lag /  $D_{85}$  neðra lag  $\leq 5$
- $D_{50}$  efra lag /  $D_{50}$  neðra lag  $\leq 25$
- Ef efra lagið á að hafa betri dreineiginleika en neðra lagið gildir:  $D_{15}$  efra lag /  $D_{15}$  neðra lag  $\geq 5$
- Að lágmarki 50% efra lagsins skal vera stærra en 2mm.
- Fylling af sandi og grús skal uppfylla síunarkröfur á móti efni sem liggur í botni og hliðum skurðar og efnis sem lagt er ofan á. Að hámarki 7% aðflutts efnis má vera undir 0,063mm.

Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt skal verktaki, í samráði við umsjónarmann verkkaupa, leggja til og ganga frá grúsarmillilagi eða jarðveggsdúk milli laga, án sérstakrar greiðslu.

Rakastig jarðvegsefnis skal vera þannig að sem mest þjöppun náist skv. Standard proctorprófi með meðalgildum upp á 97-98%. Proctor gildi undir 94% eru ekki leyfð.

Þjöppun skal haga þannig að hún valdi ekki óeðlilega miklu niðurbroti á því efni sem þjappa skal og skemmi ekki lagnir.

Þjöppunarpróf verða gerð með plötuprófi þar sem notuð er plata með 300 mm þvermál.

Prófanir verða gerðar á burðarlags- og fyllingarefnum til að tryggja að efnin uppfylli kröfur. Prufur verða rannsakaðar á kostnað verkkaupa, en komi í ljós að efnin uppfylli ekki kröfur ber verktaki kostnað af prófunum.

Verktaki skal setja hlífðarborða og aðvörunarborða í skurði skv. teikningum.

### **Fráveitulagnir - Söndun**

Í söndun umhverfis lagnir í skurðum skal nota harpaða grús, sem ekki inniheldur stærri steina en 32 mm á kant, frá skurðbotni og a.m.k. 300 mm yfir lögn, nema annað sé tiltekið á teikningum.


Hlutfall steina stærri en 16 mm skal vera  $\leq 10\%$ .

Þegar fyllt er umhverfis lagnir, skal fyrst fylla (í lögum) í hæð miðað við mitt rör og þjappað þar vandlega áður en fyllingu er haldið áfram. Það sama gildir í hæð við efri brún lagna og 300 mm ofan við lögn.

### **Söndun fyrir hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fjarskiptalagnir:**

Í skurði skal nota sand án hvassra brúna og með mestu kornastærð 10 mm. Passa skal að sandur sé vel blandaður þannig að við þjöppun fylli sandur þétt upp að lögnum. Með því móti minnka líkur á að grófkorn skeri sig inn í kápu lagnar.





**Mynd 1: Kornakúrfra sandlags 0,02/10mm , skilgreining skv. ÍST EN 13941-2:2019, X-ás gefin upp í mm og y-ás gefin upp í hlutfalli [%] af heildarþyngd.**

Efni skal ekki vera leirkennt eða fínefnaríkt. Gerðar eru eftirfarandi kröfur til fínefnisinnihalds:


- Efni < 0,020 mm. skal vera < 3 % þyngdar.
- Efni < 0,063 mm skal vera < 5 % þyngdar.
- Hlutfallið  $d_{60}/d_{10}$  skal vera > 1,8.

Hreinsa skal vandlega upp alla steina og grús, sem kunna að hafa hrunið í skurðinn áður en fyllt er yfir lagnir með sandi þannig að ofangreindar kröfur eigi við um sandlag skv. lágmarkskröfum viðkomandi kennisniðs.

### **Burðarhæf fylling**

Þar sem uppgrafið efni er ónothæft í endurfyllingu í skurði og öðrum stöðum, sem umsjónarmaður verkkaupa ákveður, skal verktaki fylla með aðfluttri burðarhæfri fyllingu. Kröfur eru misjafnar eftir því í hvað er grafið. Ef grafið er í vegi og gangstéttar og ekki gefið upp hvernig enduruppbygging á að vera skal hafa samband við umsjónarmann verks til að fá upplýsingar um efnisval og lagbykkir.

Burðarhæf fylling skal vera frostþolin, burðarmikil og þjöppunarhæf og skal uppfylla eftirfarandi kröfur



### Mynd 2: Sáldurferill burðarhæfrar fyllingar

Sáldurferill efnisins skal falla innan þeirra markalína sem sýndar eru á myndinni hér fyrir ofan.

- Ef meira en 3% af þyngd efnisins er fínna en 0,02mm skal kanna frostþenslu efnisins sérstaklega.
- Hlutfallið  $Cu = d_{60}/d_{10}$  skal vera  $\geq 4$  og  $\geq 6$  ef meira en 50% þyngdar efnisins er undir 4,75mm.
- Kornadreifingarstuðullinn  $C_c = d_{30} / (d_{10} \times d_{60})$  skal vera  $> 1$  og  $< 3$ .

### Þjöppun

Stærsti steinn í fyllingu skal ekki vera stærri en 1/3 af lagþykkt þjöppunarfyllingu. Fyllinguna skal leggja út í einu eða fleiri lögum og þjappa með viðurkenndum aðferðum t.d. víbróþjöppun þannig að ekki komi fram sig.

Dæmi um val á þjöppunartæki miðað við jarðvegsgerð og jarðvegsþykkt kemur fram í töflu hér að neðan:

**Tafla 1: Leiðbeinandi val á þjöppunartæki, fjöldi yfirferða og jarðvegspykktir**

Tæki	Fjöldi yfirferða til að ná þjöppunarkröfu		Mesta jarðvegslagsþykkt [mm] við þjöppun af mismunandi jarðvegslags				Minnsta leyfilega þykkt jarðvegs yfir röri fyrir þjöppun [mm]
	Venjuleg þjöppun	Létt þjöppun	*Sandur	Grófur sandur með steinum	Silt	Fínsandur og leir	
Handþjappa (stappari) minnst 15 kg	3	1	150	100	100	100	200
Víbróþjappari minnst 70kg	3	1	300	250	200	150	300
Víbrósléði 50 - 100kg	4	1	110	250	200	150	150
Víbrósléði 100 - 200kg	4	1	150	100	200	150	150
Víbruvalsari 15 - 30kN/m	6	2	350	250	200	150	600

\*Fyrir hreinan sand er yfirleitt nóg að þjappa létt en ber að gæta þess að þjöppunin sé það góð að hún gefi ekki eftir í lok þjöppunar, sjá þjöppunarkröfu hér að neðan. Um önnur efni en hreinan sand gildir venjuleg þjöppun.

- Á sandlagi í kringum lagnir má ekki nota þjöppu þyngri en 70kg.
- Þjöppunarkröfur undir vegum og gangstéttum:
- $E2 > 80 \text{ MPa kg/cm}^2$  og  $E2/E1 < 2,5$
- Nákvæmni í yfirborði fyllinga sé +/-5cm.

Verktaki skal skila mælingum í hæð og plani af botni. Umsjónarmanni verkkaupa skal gert viðvart um slíkar mælingar og fá tækifæri til að gera tékkmælingar áður en byrjað er að fylla í götukassa. Mældur botn ásamt kennisniði er grundvöllur magnuppgjörs.

### **Magntölur og uppgjör:**

Greitt er fyrir rúmmetra ( $m^3$ ) af aðfluttri fyllingu í skurði. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum, m.a. fyllingarefni, flutning-ur, fylling, þjöppun, lögn hlífðar- og aðvörunarborða og allur frágangur samkvæmt verklýsingu og teikningum.

Fylling í skurði með uppgröfnu efni (jarðvegspykkingu) og fylling yfir lögn með jarðvegi til að ná lágmarksþykkt ofan á lagnir telst vera hluti af útjöfnun og skal vera innifalin í grein um gröft.

### **3.2.3 Tengiholur**

Á ekki við í þessu verki

### **3.2.4 Lagnaendar**

Á ekki við í þessu verki

### **3.2.5 Losun á klöpp í lagnaskurðum**

#### **3.2.5.1 Fleygun**

Vísað er í kafla 1.0.5. varðandi kröfur um vinnutíma vegna hávaða við framkvæmdir. Hlé skal gert á fleygun á tveggja klukkutíma fresti í a.m.k. 30 mín. í senn.

Gert ráð fyrir að klöpp sé það jarðlag sem losa verði um með fleygun. Jarðlag sem 20 - 25 tonna beltagrafa með tennta skóflu vinnur ekki á telst vera klöpp.

Telji verktaki að komið sé niður á lag sem fleyga þarf, skal hann gera umsjónarmanni verkkaupa viðvart svo honum gefist kostur á að sannreyna að svo sé.

Við fleygavinnu skal gæta ýtrustu varúðar og kynna sér reglur viðkomandi sveitarfélags varðandi vinnutíma og fyrirkomulag.

Verktaki skal mæla (að viðstöddum umsjónarmanni verkkaupa) yfirborð klappar með hæfilegu millibili (x, y, z) og skila innmælingu til umsjónarmanns verkkaupa

Þar sem fleyga þarf fyrir lögnum skal skurðbotn vera samkvæmt grein um skurðgröft og allar ójöfnur í köntum skal hreinsa burt 500 mm frá ytri brún fráveitulagna og 200 mm frá ytri brún annarra lagna.

#### **3.2.5.2 Sprengingar**

Ef verktaki kýs að sprengja klöpp er farið er fram á að tryggingarfyrirtæki geri ástandsmat á nærliggjandi mannvirkjum áður en sprengingar hefjast. Reikna skal með að skoða eignir í 0-100 m fjarlægð frá vinnusvæði, fulltrúi verkkaupa/eftirlitsaðili getur farið fram á að aðrar sértækar byggingar verði skoðaðar. Farið er fram á að tryggingarfélag verktakans gefi út vottorð/yfirlýsingu og greinagóða úttekt um að skoðun hafi farið fram áður en sprengivinna hefst og verktaki sé tryggður fyrir tjóni sem hann kann að valda við framkvæmdirnar.

Verktaki skal leggja til a.m.k þrjá titringsmæla sem staðsettir verða í nærliggjandi byggingum til að greina titring vegna sprenginga í samráði við eftirlitsmann verkkaupa.

Ákvörðun um hvaða hús verða ástandsskoðuð skal taka í samráði við fulltrúa verkkaupa og eftirlits.

Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við gerð bergskeringar (sprengingar), með eða án sérstakra takmarkana. Innifalið er m.a. forborun/presplitt, borun, hleðsla og sprengiefni, frágangur allra yfirborðsflata bergskeringar

Verktaki skal kynna sér staðsetningu núverandi lagna á lóðinni áður en hann hefur losun klappar. Verktaki ber alla ábyrgð á skemmdum sem kunna að verða á lögnum af völdum losunnar klappar.

Vakin er athygli á að jarðvinnusvæði er í námunda við hótél, íbúðabyggð, lögreglustöð, veitingastaði og samgöngumiðstöð og skal verktaki vinna klapparlosun í góðu samráði við forsvarsaðila þeirra.

Vinna á kvöldin og um helgar skal vera í fullu samráði við og samþykkt af verkkaupa. Almennt er verktaka heimilt að hefja vinnu kl. 8.00 að morgni og vinna til 21.00 að kvöldi á virkum dögum og til 18.00 um helgar.

Ekki má þá vinna sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir nema á virkum dögum milli kl. 08:00 að morgni og til kl. 18:00 að kvöldi.

Á þessu svæði er leyfilegur vinnutími samkvæmt eftirfarandi:

Leyfilegur vinnutími	Virka daga	Helgar og frídagar
Háværar framkvæmdir	07:00-21:00	10:00-19:00
Sérstaklega háværar framkvæmdir, s.s. fleygun og sprengingar	08:00-18:00	Ekki heimilt

Varðandi hávaða í þéttbýli m.a. vegna sprenginga og annarra framkvæmda gildir reglugerð á slóðinni <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/724-2008>. Reykjavíkurborg setur strangari kröfur, vegna sprenginga í þéttbýli og verður þeim kröfum fylgt í þessu verki, sbr töfluna hér að ofan og á slóðinni <http://reykjavik.is/sprengingar-og-fleygun-bergs-byggingarlodum>.

Sérstök athygli er vakin á því að lagerhald sprengiefna er óleyfileg á verkstað og verktaka því bent á að geyma sprengiefni á viðurkenndum stað á sínum vegum annarsstaðar. Verktaka er heimilt að hafa magn sprengiefnis á verkstað sem samsvarar því magni og notað er á einum degi.

Á gátlista um sprengingar í þéttbýli er að finna eftirtalin atriði sem afgreiða þarf áður en sprengingar hefjast, að viðlagðri ábyrgð verktaka:

► Tilkynningar og leyfi:

Tilkynna þarf lögreglu um framkvæmdina og afla leyfis fyrir sprengiefnageymslu á svæðinu.

► Sprunguskoðun/ástandskoðun:

Fara skal í öll hús í ákveðinni fjarlægð frá vinnslusvæði, þau sprunguskoðuð og ljósmynduð eftir atvikum. Miðað er við að þrír annist skoðunina, þ.e. fulltrúar tryggingarfélags og beggja samningsaðila og skilgreini radíus skoðunarreitsins m.t.t. aðstæðna. A.m.k. skal skoða hús innan 100 m radíus frá vinnusvæði, mögulega aðrar sértækar byggingar þurfa þykir að mati eftirlits.

► Kynning framkvæmda:

Kynna skal framkvæmdina fyrir starfsmönnum og íbúum í nágrenni verkstaðar. Skýra skal frá áætluðum verktíma, á hvaða tímum dags verði sprengt, merkjagjöf þegar sprengt er, og öðru sem skiptir máli.

► Sprengiplan:

Gera skal áætlun um hvernig staðið er að sprengingum, þ.e. bormunstur, þvermál borhola, hleðslu, tegundir sprengiefna m.t.t. sprengihraða og þar með titrings. Borplan er ekki hægt að fullgera fyrr en að loknum litlum prufusprengingum. Óheimilt er að sprengja fleiri en eina hleðslu á hverju númeri í þéttbýlissprengingum.

► Titringsmælingar:

Setja skal upp a.m.k. þrjá fasta titringsmæla og staðsetja þannig að þeir gefi sem skýrasta mynd af titringi af völdum sprenginganna á hverjum stað. Fari sprengivinna fram á tveim eða fleiri stöðum samtímis, skal fjölga mælum í samræmi við það. Mæla skal útslag titrings (“vibrational amplitude”), bylgjuhraða (“peak particle velocity”) og tíðni. Miða skal við að í nálægum byggingum fari lóðréttur tíðniveginn bylgjuhraði ekki yfir 15 mm/sek og 10 Hz að lágmarkstíðni og skulu gildi mæld við mörk framkvæmdasvæðis næst sprengistað. Uppsetning titringsmælisins má ekki valda skemmdum á hlutaðeigandi byggingu. Niðurstöður titringsmælinga skulu vera aðgengilegar og þeim skila a.m.k. vikulega til eftirlits., að öðru leyti skal framkvæmd, úrvinnsla og túlkun titringsmælinga skal vera í samræmi við NS 8141-2:2013+A1:2013, og reglugerð Reykjavíkurborgar<sup>1</sup>.

Verktaki skal í upphafi verks útfylla og afhenda eftirlitsmanni sprengiáætlun í samræmi við leiðaritið „*Sprengingar í þéttbýli*“ frá Vinnueftirliti Ríkisins. Að auki skal verktaki leggja fram eftirfarandi áður en vinna við sprengingar hefst:

1. Hvernig staðið verði að sprengingum:

- a. Mælingar titrings í nærliggjandi húsum
- b. Varnir vegna sprenginga
- c. Geymsla sprengiefnis
- d. Útsetning borhola
- e. Innra eftirlit verktaka
- f. Skýrslugerð og skrásetning
- g. Umsjón og stjórnun sprenginga
- h. Viðvörðun við sprengingum
- i. Tilkynningar til íbúa og fyrirtækja í nágrenninu og önnur upplýsingagjöf
- j. Samskiptaleiðir milli verktaka og íbúa og fyrirtækja í nágrenninu
- k. Vefsvæði fyrir hýsingu á niðurstöðum titringsmælinga

2. Sprengitækni sem notuð verður:

- a. Lýsing á framkvæmd við hefðbundnar sprengingar
- b. Lýsing á framkvæmd við „pre-splitt“ sprengingar eða annarri tækni sem notuð verður við lóðréttar sprengingar ef um slíkt er að ræða

Verktaka ber skylda til að tilkynna áætlaðar sprengingar til eftirlitsaðila verksins með hæfilegum fyrirvara.

---

<sup>1</sup> <http://reykjavik.is/sprengingar-og-flyvgun-bergs-byggingarlodum>

Verktaki skal tilnefna sprengistjóra með full réttindi, sem skal stjórna og bera ábyrgð á öllum sprengingum. Hann skal einnig útfylla sprengiáætlun fyrir hverja sprengingu þar sem koma fram upplýsingar um staðsetningu sprengingar, borun, hleðslu, yfirbreiðslur, dagsetningu og tíma auk annars sem skiptir máli. Sprengiáætlun skal leggja fyrir eftirlit til samþykktar áður en sprengt er. Á lokinni sprengingu skal sprengistjóri fylla inn á sprengiáætlunina upplýsingar um árangur sprengingar, niðurstöður titringsmælinga og annað sem máli skiptir fyrir verkið og skila sem sprengiskýrslu. Útfylltum sprengiskýrslum skal skila til eftirlits.

Verkkaupi getur fyrirvaralaust og bótalaust stöðvað framkvæmdir verktaka sé uppi rökstuddur grunur um að verklag verktaka sé á einhvern hátt ekki í samræmi við þessa verklýsingu.

Vegna magntöku og uppgjörðs er mikilvægt í byrjun verks að innmæla ítarlega óhreyft yfirborð og síðar yfirborð klappar, að lokum endanlegt yfirborð að lokinni losun á klöpp. Þessum mælingum skal skila til hönnuða, þessar mælingar eru forsenda uppgjörðs.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er viðbótarverð við jarðvinnu fyrir rúmmetra ( $m^3$ ) af losaðri klöpp í skurðum samkvæmt mælingum. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður vegna losunar á klöpp. Verktaka er frjálst að velja hvort klöpp skuli losuð með fleygun eða sprengingum. Verktaki skal fylgja kröfum um losun klappar í þéttbýli, ástandskoðun, titringsmæla o.þ.h. ef sá valkostur er valinn.*

*Greitt er fyrir uppgroft og brottakstur klappar í lið 3.2.1*

### **3.2.6 Meðhöndlun núverandi lagna**

Á svæðinu eru lagnir vatnsveitu, fráveitu, hitaveitu, rafmagns og gagnaveitu sem þarf að þvera eða grafa samsíða. Vatnsveita og hluti hitaveitu á ekki að endurnýja en halda þarf virkni annarra lagna sem á að endurnýja þangað til endurnýjun og tengingum nýju lagnanna er lokið.

Þar sem núverandi lagnir sem nýta skal áfram eru grafnar upp eða frá þeim grafið skal fylgja eftirfarandi lýsingu við frágang þeirra að nýju.

Verktaki skal endurleggja lagnir og ídráttarrör og sanda yfir í samræmi við grein um fyllingar. Þegar sandað er yfir lagnir og ídráttarrör skal þess gætt að þær færast ekki til og að fjarlægðir milli lagna og ídráttarröra sé eins og áður. Nota skal rennandi vatn með nokkrum þrýstingi til þjöppunar á sandi þar sem öðrum verkfærum verður ekki við komið. Gæta skal þess að sandur sé alltaf hæfilega rakur þegar þjappað er.

Þegar sandað hefur verið yfir lagnir og ídráttarrör skal koma fyrir hlífðar- og aðvörunarborðum.

**Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingarverð fyrir hverja þverun lagna og ídráttarröra sem fram koma í skurðum. Samsíða lagnir og ídráttarrör á allt að 1 m bili telst ein þverun. Innifalinn í einingarverði skal vera allur kostnaður við að finna lagnir, grafa frá þeim, meðhöndla þær meðan á verkinu stendur og frágangur lagna.*

*Greitt er ákveðið einingarverð á lengdarmetra fyrir meðhöndlun og frágang lagna og ídráttarröra sem fram koma í skurði og grafa þarf upp og endurleggja til að koma lögnum og/eða ídráttarrörum fyrir. Samsíða lagnir og ídráttarrör á allt að 1,5 m bili teljast ein samsíða lögn. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við að finna lagnir og ídráttarrör, grafa frá og losa, víkka skurð svo og kostnaður vegna meðhöndlunar meðan á verkinu stendur og frágang.*



## 3.3 FRÁVEITA

### 3.3.1 Almennt

Leggja skal fráveitulagnir samkvæmt teikningum, þ.m.t. tengingar, leggi að niðurföllum og ganga frá brunnum, niðurfallaþrunnum og tengingum fyrir framtíðar svelgi.

Verktaki skal leggja til öll rör og fylgihluti þeirra, brunna, brunnskeilur, upphækkunarhringi, sandföng og alla nauðsynlega þéttihringi í rör og brunna. Öll rör og brunnar skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra skv. kafla um efniskröfur. Hönnun lagna miðast við steinrör og innanmál röra skal ekki vera minna en kemur fram á teikningum.

Verktaka er heimilt að nota hvort sem er steinrör eða plaströr. Einnig er verktaka heimilt að nota í sama verki plast- og steinrör og plast- og steinbrunna. Milli brunna skal vera sama lagnaefni. Óheimilt er að blanda saman stein- eða plastefni frá mismunandi framleiðendum í sama verkinu.

Í útboðsgögnum er almennt miðað við að verktaki noti steinrör og –brunna og er verklýsingin skrifuð samkvæmt því. Gögn og verklýsing gildir einnig um plaströr eftir því sem við á. Í lok hvers kafla geta verið sérstök ákvæði sem gilda fyrir plastefni.

Bjóðandi skal tilgreina stærðir röra og brunna sem hann hyggst nota í verkið og skal fylgja með tilboði ítarleg lýsing um efnisgæði allra efnishluta. Lýsing á uppbyggingu brunna og niðurfalla og sérstaklega frágangi þeirra við malbik. Einnig samsetningu röra og tengingu hliðarlagna, tengingu við brunna og aðrar þær upplýsingar sem verkkaupi þarf til að sannreyna að boðið efni uppfylli kröfur útboðsgagna. Verktaka er óheimilt að nota annað efni í verki en hann tiltekur í tilboði sínu, nema með skriflegu leyfi verkkaupa.

Breyti efnisnotkun legu lagna skal miða almennt við að skólplagnir haldi legu sinni en regnvatnslagnir hliðrist. Verktaki skal skila til umsjónarmanns verkkaupa þeim breytingum á planlegu sem af breyttri efnisnotkun leiðir. Þurfi vegna breytinga á efnisnotkun frá því sem gert er ráð fyrir í gögnum að gera nýjar sérteikningar skal verktaki annast gerð þeirra og bera af því allan kostnað.

Við niðurlögn á röri og fyllingu á nærsvæði rörs skal fylgja staðli ÍST EN 1610, nema annað sé tekið fram í þessari verklýsingu eða staðalsniðum. Ef stytta þarf rör skal það gert með sögun og endar fasaðir.

Ekki skal skilja eftir opið virkt fráveitukerfi þegar farið er frá vinnustað.

Þrýstiprófa skal allar þrýstilagnir og lekaprófa allar aðrar lagnir.

### 3.3.2 Efniskröfur

Framleiðsla efnis og prófanir skulu vera skv. ÍST EN stöðlum.

Gerð er krafa um að framleiðandi efnis hafi virkt gæðakerfi sem tekið er út reglulega af óháðu viðurkenndu ytra eftirliti.

Verktaki skal framvísa fullgildum gæðavottorðum með öllu efni sem hann hyggst nota og staðfesta gæði með rannsóknarniðurstöðum eftir því sem krafist er. Verktaki skal jafnframt framvísa upprunavottorðum með öllu lagnaefni, sé þess krafist.

Allt efni, svo sem rör og fylgihlutir þeirra, brunnar og niðurföll, skulu hafa þann styrk að það geti staðist það álag sem á það kemur miðað við dýpt skv. langsníðsteikningum.

Að auki skal það þola umferðarálág miðað við álagsflokk D400 skv. EN 124. Öryggisstuðull skal vera  $\geq 2,0$ .

Óski verktaki eftir því að bjóða rör og aðra hluti sem framleidd eru skv. öðrum stöðlum en getið er skal hann leggja fram ítarleg gögn sem sýna fram á að þau rör séu ekki lakari að styrk og gæðum en umbeðin rör samkvæmt fyrrnefndum stöðlum.

Bjóðandi sem til álita kemur skal einnig afhenda skráningu mælinga í gæðakerfi við framleiðslu röra og lagnaefnis í samræmi við áður nefnda lýsingu á virku gæðakerfi. Ef um vottað innra eftirlit er að ræða nægir umsögn vottunaraðila hvað frávik frá málum varðar en mælingar á styrk og þéttleika á framleiðslu síðasta árs fylgi með.

Verkkaupi mun auk þess fylgjast með því að gæðakröfur til efnisins séu uppfylltar með ytra eftirliti er fer þannig fram að umsjónarmaður verkkaupa lætur framkvæma prófanir á prófstykkjum sem valin verða af handahófi úr framleiðslunni. Verkkaupi ber kostnað af prófununum ef sýnin standast kröfurnar, annars ber verktaki allan kostnað af þeim.

### **Steinn - gæðakröfur**

Öll framleiðsla og vinna við steypu brunna og lagnaefnis skal uppfylla kröfur ÍST EN 206 og gildandi byggingarreglugerðir. Verktaki skal áður en samningur er undirritaður leggja fram niðurstöðu prófs á alkalívirgni sements og fylliefna skv. ASTM C 227 og skulu þenslur liggja innan marka byggingarreglugerðar. Nota skal portlandsement, portland-possolansement eða háofnasement skv. ÍST EN 197-1. Öll framleiðsla röra og annarra hluta skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í ÍST EN 1916 og ÍST EN 1917 og þeim stöðlum öðrum sem þar eru nefndir.

Séu rör prófuð með annarri aðferð en tilgreindir staðlar nefna skulu niðurstöðurnar umreiknaðar yfir í kröfur ÍST EN 1916 með viðurkenndum aðferðum og allar forsendur tilgreindar. Þeir staðlar sem notaðir eru við framleiðslu fráveituefnis skulu vera innbyrðis samræmdir.

## Plast – gæðakröfur

Tafla 2: Gæðakröfur plasts

		Plast	
		Stofnlagnir	Þrýstilagnir og útrásir
	Innanmál	150 - 500 mm	Allar
Staðlar	Sléttveggja	ÍST/EN 1852 - 1: 2009	ÍST/EN 12201: 2003
	Holveggja	ÍST/EN 13476-1:2007 ÍST/EN 13476-2:2007 ÍST/EN 13476-3:2007	Á ekki við
	Brunnar	ÍST/EN 13598-1:2010 ÍST/EN 13598-2:2016	Á ekki við
	Tegund	PP	PE 100
	Hringstífni	SN8	SDR 17

Hringstífni plaströra og fylgihluta þeirra skal vera að lágmarki SN8 (8kN/m<sup>2</sup>). Hámarksformbreyting plaströra skal vera 8% eftir fyllingu og þjöppun.

Rör skulu öll vera í sama lit í öllu verkinu. Vakin er athygli á uppdrifshættu plastefnis (röra og brunna) á framkvæmdastigi. Vakin er athygli á bjögun og lengingu plastefnis í sól og hita.

### **Magntölur og uppgjör:**

Allur kostnaður vegna þessa verkiðar skal innifalinn í öðrum einingarverðum tilboðs.

### **3.3.3 Fráveitulagnir**

Undir þennan kafla falla allar nýlagnir, þ.m.t. tengingar og niðurfallaleggir. Öll rör skulu vera þétt og samsetningar og tengingar röranna jafn þéttar og rörin sjálf. Rörin skulu þétt með gúmmíþéttingum og skulu gúmmíþéttingar vera áfaster eða fylgja með rörunum. Allar samsetningar skulu gerðar með múffum. Rör skulu alltaf liggja þannig að múffur séu ofar í kóta. Þegar rör eru lögð skal moka undan múffum þannig að rörin liggja örugglega á belgnum í lagnaskurði.

Allar tengingar við lagnir skal almennt gera með þar til gerðum greinrörum undir 45° horni. Nota skal greinrör í tengingar fyrir allar þær stærðir sem framleiddar eru hjá viðkomandi birgja verktaka.

Fyrir lagnir stærri en 400 mm er heimilt að nota rör með boruðu gati og meðfylgjandi gúmmíhring þar sem hægt að tengja inn undir 90° horni. Hafa skal gat á efri hluta rörs þannig að miðás gats sé undir 45° horni frá lóðlínu gegnum mitt rörið, ef hægt er.

Sé tenging gerð á þennan hátt á plaströr skal nota viðurkennd til þess gerð tengistykki sem geta verið svokölluð söðultengi og ryðfríar festingar eða tengi með hersluró. Tengirör má ekki skaga inn í meginlögn nema sem nemur þykkt gúmmíþéttingar.

**Ekki er leyfilegt að saga eða brjóta inn á lagnir.**

Halli niðurfallaleggja og tenginga skal vera 20 – 300 ‰. Þess skal gætt að hæð á milli fráveitulagna annarra lagna sem þær þvera séu í samræmi við leiðbeinandi kennisnið Veitna LAV-130

Til lagningar röra eru gerðar eftirfarandi kröfur:

- Hæðarkótar á rennslisbotni röra mega víkja mest +/- 20 mm frá uppgefinni hæð.
- Í hæð má horn milli tveggja röra mest vera 1 mm / 1 m.
- Frávik frá uppgefnum lengdarhalla (talan í ‰) skal vera +/- 5 ‰ fyrir langhalla sem er >20 ‰. Fyrir langhalla á bilinu 4 ‰-20 ‰ er heimilt frávik +/- 1 ‰, og fyrir halla minni en 4 ‰ er heimilt frávik +/- 0,5 ‰, frá því sem upp er gefið.
- Í plani má horn milli tveggja röra mest vera 5 mm / 1 m.
- Mesta frávik frá reiknaðri miðlínu má vera +/- 25 mm.

Verktaki skal skila öllum lögnum heilum og hreinum. Endum röra sem síðar á að tengja við skal gengið frá skv. kafla um frágang tenginga og lagnaenda.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingarverð fyrir hvern lengdarmetra fráveitulagna í skurði eftir stærð. Lengdir lagna reiknast í miðju brunna og í enda á lögn. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum.*

### **3.3.4 Brunnar**

Staðsetning brunna er sýnd á teikningum og eru hnit gefin í miðjum brunnbotni, svo og botnkóti.

Séu notaðir forsteyptir brunnar skal steypa þá með stútum í stefnu lagna inn og út úr brunni. Lagnir skulu tengjast þeim með tilheyrandi tengistykkjum.

Séu notaðir brunnbotnar úr plasti skulu stefnubreytingar koma fram strax utan við brunn ef ekki er hjá því komist. Skila skal inn nýjum teikningum af breytingum á stefnu lagna inn og út úr brunni.

Í brunnbotnum skulu vera straumlínulaga rennslisrásir á milli innrennslis og útrennslis með sléttleika ekki minni en í rörunum og ekki minna þvermáli. Lögð er áhersla á að frágangur rennslisrásanna sé vandaður og skulu rennslisrásirnar mynda samfelldan flöt án nokkurra samsetninga þannig að ekki sé hætt á því að efni festist í hvössum brúnum eða misfellum og auki þannig stífluhættu og minnki rennslisgetu.

Brunnbotnar skulu útbúnir þannig að tekið sé tillit til halla allra röra sem liggja inn í og út úr brunnum. Allar stefnubreytingar skal taka upp í brunnum, nema teikningar sýni annað. Eingöngu skal notast við staðsteypta brunna ef gert er ráð fyrir því á teikningum. Alla slíka brunnbotna skal járnbinda eins og segir á teikningum. Steypa í brunnbotnum skal vera a.m.k. C35. Öll steypa og steypuvinna skal vera í samræmi við íslenska staðla og reglugerðir.

Ef notaðir eru steypptir brunnar en lagnaefni úr plasti skulu steypptu brunnbotnarnir útbúnir með innsteyptum tengistykkjum sem hæfa lagnaefninu þannig að um þetta tengingu verði að ræða.

Ofan á brunnbotna er brunneiningum hlaðið og efst kemur brunneila. Sömu kröfur eru gerðar til brunna hvað varðar þéttleika og fyrir fráveitulagnir. Þetta skal samskeyti brunneininga með til þess gerðum gúmmíhringjum. Þar sem brunneiningar koma ofan á staðsteyptan brunnbotn skal þetta með sandsteypu eins og sýnt er á teikningum.

Í brunneiningum skulu vera járnþrep, með vandaðri ryðvörn, með u.þ.b. 250 mm millibili og skal gæta þess við uppsetningu að þrepin séu til skiptis hægra og vinstra megin við lóðlínu. Þrep skulu ekki staðsett í línu lagna. Fjarlægð frá brunnlöki að efsta þrepi má aldrei vera meiri en 700 mm. Lóðréttur hluti keilu skal koma upp af þrepum. Á brunnum í götum skal keilu snúið þannig að brunnlök og þrep verði staðsett sem fjærst væntanlegum hjólförum. Fyrir plastbrunna gildir jafnframt að verktaki skal leggja fram til samþykktar upplýsingar um hvernig þrepum er komið fyrir í brunni.

Ofan á keilur koma upphækkunarhringir eftir þörfum, steypujárnskarmur og lok. Upphækkunarhringir mega ekki vera hærri en sem nemur 300 mm á hæð.

Brunnar skulu þannig útbúnir að þeir geti tekið við steypujárnsflotkarmi og loki sem verkkaupi leggur til. Utanmál hólksins sem gengur niður úr karmi er 592 mm. Gap milli brunns og karms sem verkkaupi leggur til skal vera á bilinu 8-20 mm. Ekki er leyfilegt að festa karma við brunna með boltum eða sambærilegum aðferðum. Verktaki skal leggja fram, til samþykktar, upplýsingar um hvernig þessum frágangi er háttað.

Brunnbotnar og brunneiningar skulu vera 1000 mm að innanmáli en brunneila skal vera 1000 mm að innanmáli að neðan en 600 mm að innanmáli að ofan.

Verkkaupi lætur verktaka í té grunnmynd lagna á tölvutæku formi þar sem fram koma m.a. stefnur allra lagna inn og út úr brunnbötnum.

Í fyllingum skal ganga frá brunnum til bráðabirgða með endanlegum karmi og brunnlöki á u.þ.b. 300 mm dýpi undir yfirborði fyllingar. Að lokinni þjöppun skal grafa niður á brunnlökin og hækka brunna með upphækkunarhringjum þannig að brunnlök verði í hæð við fyrirhugað malbikslag. Utan gatna og gönguleiða skulu brunnlök sett í hæð í samráði við umsjónarmann.

Útfærsla á efsta hluta brunns skal vera þannig að ákvæðum ÍST EN 476 um aðgengi sé fullnægt, bæði í upphafi og eftir síðari upphækkanir.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er fast verð fyrir hvern forsteyptan eða staðsteyptan brunnbötn. Innifalið í einingarverði fyrir brunnbötn skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum.*

*Greitt er fast verð fyrir hvern metra af fullfrágengnum brunneiningum. Innifalið í einingarverði fyrir brunneiningu skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum.*

*Greitt er fast verð fyrir hverja keilu ásamt upphækkun á brunni og frágang á steypujárnskarmi og -loki. Innifalið í einingarverði fyrir keilu ásamt upphækkun á brunni og frágang á steypujárnskarmi og -loki skal vera allur kostnaður sem þarf til að ljúka verkliðnum m.a. að reisa keilu með gúmmíhringjasamsetningum, ganga frá upphækkunarhringjum, karmi og loki, fylla að brunni og þjappa samkvæmt verklýsingu.*

## **3.3.5 Niðurföll**

### **3.3.5.1 Ný niðurföll**

Á ekki við í þessu verki

### **3.3.5.2 Lokun, upprif og færsla niðurfalla**

Niðurföllum og lögnum sem ekki nýtast skal farga á viðurkenndan hátt. Heilum niðurfallshólkum og -ristum skal skilað á geymslusvæði Veitna á Bæjarhálsi 1.

Sjá nánar í staðalsniði fráveitu.

#### **Upprif niðurfalls**

Þar sem fjarlægja á niðurfallsbrunn, t.d. vegna þess að hann verður fyrir öðrum lögnum eða að tengja á nýtt niðurfall við niðurfallslegg skal saga gat í kringum niðurfallið og fjarlægja niðurfallsrist, hólk og sandfang a.m.k. 200 mm niður fyrir tengistút við niðurfallalegg. Ofan í sandfang og gryfju skal fyllt með efni sem uppfyllir kröfur um burðarlag.

**Óheimilt er að tengja nýtt niðurfall inná aflagðan niðurfallsbrunn.**

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er fast verð fyrir hvert fullfrágengið fjarlægt niðurfall.*

*Innifela skal í einingaverðum allan kostnað við vinnu, tæki og flutning sem þarf til að fullgera verkið, þ.m.t. förgunargjald á því efni sem á að farga, frágangur á urðunarstað og geymsla á efni sem endurnýta á.*

### **3.3.5.3 Svelgir**

Verktaki skal ganga frá svelgjum í regnbeðum. Öll uppbygging svelgja er sú sama og niðurfalla. Umhverfis svelgi með kúlurist skal verktaki helluleggja 1,5 x 1.5 m. Hellur skulu vera 60 mm þykkur grár fornsteinn, eða sambærilegt, og leggjast á 50 mm sandlag. Móta skal land við svelgi þannig að vatn renni að þeim og land fái jafnan halla.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er fast verð fyrir hvern svelg með kúlurist. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum, m.a. allt röraefni, hellur, flytja efni, tengja við lögn, reisa svelg, sanda undir og leggja hellur, ganga frá svelgrist, fylla að og þjappa.*

### **3.3.6 Frágangur tenginga og lagnaenda**

*Á ekki við í þessu verki*

### **3.3.7 Tengingar við núverandi fráveitukerfi**

Verktaki skal tengja við núverandi fráveitukerfi ( blandlöng) í samræmi við teikningar verksins. Halda þarf núverandi fráveitulögn virkri þangað til búið er að ganga að fullu frá nýjum fráveitulögnum. Tengja þarf nýja regnvatnslögn og skólplögn til bráðabirgða inn á núverandi blandlögn, í samræmi við teikn. nr. 2.15. Einnig skal tengja afall hitaveitu til bráðabirgða inn á núverandi blandlögn.

Ekki skal tengt inn á brunnbotn eða brunnhring, nema samkvæmt skýrum fyrirmælum á teikningum. Ef tengja þarf inn á fyrirliggjandi brunn sem ekki hefur tilbúinn greinistút skal bora fyrir röri inn í brunnbotn eða neðsta brunnhring. Kjarnabora skal í brunninn og tengja lögnina þar með sérstakri þar til gerðri þéttingu, sem umsjónarmaður verkkaupa samþykkir. Snyrta skal stút sem gengur inn í brunn, fylla í allar raufar sem myndast með viðurkenndu steypuviðgerðarefni og lagfæra brunn þannig að rennslirásir séu samfelldar og áferðarfallagar.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er sérstaklega fyrir að tengja við fyrirliggjandi fráveitulögn með nýjum brunni. Innifalið er efni og vinna við rof á fyrirliggjandi lögn og tengingar hennar, dælingar og/eða aðrar ráðstafanir vegna rennslis meðan unnið er að tengingunni.*

*Ekki er greitt fyrir tengingu við greinstút á fyrirliggjandi lögn.*

### **3.3.8 Rekstur fyrirliggjandi fráveitulagna**

Fyrirliggjandi 250mm fráveitulögn þarf að halda í rekstri meðan á lagningu nýrra lagna stendur.

Til að halda fyrirliggjandi lögnum í rekstri meðan á lagningu nýrra lagna stendur þarf verktaki að dæla milli lagna (sjá grein 3.3.9) og jafnvel leggja bráðabirgðalagnir í samræmi við lýsingu í kafla 3.3.3. Heimilt er að nota plaströr í bráðabirgðalagnir. Bráðabirgðalagnir fyrir skólplu skulu vera með þéttum samsetningum þannig að ekki sé sýnilegur skólpleki.

Verktaki skal leggja til útfærslu (með tímasetningum) til samþykktar til umsjónarmanns verkkaupa á hvernig hann hyggst tryggja rekstur fyrirliggjandi lagna meðan á verki stendur.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er sérstaklega fyrir hvern lengdarmetra af bráðabirgðalögnum eftir stærð. Lengdir lagna reiknast í miðju brunn og í enda á lögn Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum.*

### **3.3.9 Dæling milli lagna**

Meðan verið er að tengja fráveitulagnir og ef rjúfa þarf lagnir meðan verið er að leggja nýjar lagnir skal verktaki sjá um að dæla skólpi frá þessum lögnum. Gera þarf ráð fyrir dælingu á milli lagna þar sem tengja skal nýtt tvöfalt fráveitukerfi við núverandi blandlögn í Laugavegi.

Verktaki skal leggja til dælur fyrir skólplu og ofanvatn, sjá um nauðsynlegar dælingar og bera alla ábyrgð á þeim. Þar sem verktaki dælir skólpi/ofanvatni skal hann hafa tryggt rafmagn og jafnframt tryggja neyðaryfirfall þannig að rafmagnsstöðvun valdi ekki tjóni.

Stöðva þarf rennsli í brunnum/lögnum sem dæla skal úr með belgjum (eða með sambærilegum hætti) og dæla milli brunna.

Ekki er vitað hversu mikið rennsli er um að ræða. Miklu máli skiptir að dæling fari fram í þurru veðri til að lágmarka dælingarmagn. Verktaki skal velja tíma fyrir dælingu þannig að verðurspá sýni að þurrt verði í veðri þá daga sem fyrirhugað er að dæling standi yfir.

Verktaki skal leggja til útfærslu (með tímasetningum) á dælingum til umsjónarmanns verkkaupa til samþykktar.

Meðan á dælingu stendur skal verktaki vakta dælingu allan sólarhringinn.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er sólarhringsverð fyrir dælingu fyrir skólplu/ofanvatn eftir stærð lagnar sem dælt er úr. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum, m.a. dælur, rafmagnskostnaður og vöktun dælingar.*

### 3.3.10 Aflagt lagnaefni

#### 3.3.10.1 *Fjarlægja eldri lagnir*

Allar lagnir sem koma í ljós við gröft og afleggjast samkvæmt teikningum eða að beiðni fageftirlitsmann Veitna, skal fjarlægja og farga á viðurkenndum urðunarstað.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið verð á lengdarmetra þeirra lagna sem eru fjarlægðar. Innifalið í einingarverði skal vera allt til að fullgera verkþáttinn samkvæmt verklýsingu.*

#### 3.3.10.2 *Afleggja fráveitubrunn*

Afleggja skal brunna samkvæmt teikningum. Verktaki skal fjarlægja brunnlök, karm, upphækkunarhringi, keilu, brunneiningar og brunnbót. Flytja skal brunnlök og karm á lager Veitna, eða þangað sem umsjónamaður verkkaupa segir til um. Annað skal farga á viðurkenndum urðunarstað.

#### **Magntölur og uppgjör:**

Greitt er fast verð fyrir hvern fjarlægðan fráveitubrunn. Innifela skal í einingaverðum allan kostnað við vinnu, tæki og flutning sem þarf til að fullgera verkið, þ.m.t. förgunargjald á því efni sem á að farga, frágangur á urðunarstað og geymsla á efni sem endurnýta á.

#### 3.3.10.3 *Leka- og þrýstiprófun fráveitulagna*

##### Lekaprófun sjálfrennslislagna

Að lokinni lagningu röra skal verktaki lekaprófa lagnir ásamt brunnum. Alltaf skal prófa lagnabil ásamt báðum brunnum í endum þess kafla sem prófa skal. Koma skal fyrir þéttingum í báðum endum þess kafla sem er lekaprófaður og við allar tengingar. Skorða skal þéttingar þannig að ekki leki með þeim. Þá skulu brunnlök á millibrunnum einnig skorðuð og þétt. Þar sem því verður komið við skal fyllt með vatni þannig að vatnssúlan sé minnst 2 m yfir efri brún rörs miðað við hæsta stað þess kafla sem prófaður er. Vatn skal standa í lögninni í a.m.k. 2 klst. áður en hún er yfirfarin.

Umsjónarmaður verkkaupa yfirfer lögnina ásamt fulltrúa verktaka og skal hvergi vera sýnilegur leki á lögninni. Lekur er skilgreindur þannig að smit eða vatnsrennslisjáist á yfirborði röra. Komi fram leki skal verktaki í samráði við umsjónarmann verkkaupa lagfæra það sem er ábótavant, hvort sem um er að ræða leka á samskeytum eða leka á belg og endurtaka þrýstiprófun á eigin kostnað.

Verkkaupi leggur verktaka ekki til vatn til prófunar. Þegar lögnin er tæmd skal þess gætt að það valdi ekki tjóni á verkinu eða umhverfisspjöllum.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Fyrir lekaprófun er greitt ákveðið verð á lengdarmetra eftir stærð lagna. Þurfi að endurtaka þrýstiprófun vegna leka verður ekki greitt fyrir þá prófun.*

*Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkiðnum, m.a. lokun rörenda, vatnsöflun og tæming á lögn.*

### 3.3.11 Myndbandsupptökur

Verktaki skal mynda allar lagnir fráveitu Veitna að innan a.m.k. tvisvar sinnum. Umsjónarmaður verkkaupa skal hafa tækifæri til að vera viðstaddur báðar myndatökur og einnig skal hann fá báðar myndbandsupptökurnar til yfirferðar.



Lagnir skulu vera lausar við óhreinindi s.s. mól eða fitu við myndun. Mjög líklegt er að hreinsa þurfi lagnir fyrir seinni myndatöku/ábyrgðarúttekt.

Fyrri myndatakan skal fara fram þegar búið er að fylla og þjappa að fullu yfir lagnir og yfirborð er tilbúið undir mulning eða annan sambærilegan yfirborðsfrágang. Verktaki skal skila myndbandsupptöku af lögnum til umsjónarmanns verkkaupa strax að lokinni myndatöku, þannig að nægur tími gefist til að meta lagnirnar og lagfæra skemmdir, ef einhverjar eru, áður en gengið er frá yfirborði.

Umsjónarmaður verkkaupa skilar verktaka niðurstöðum úr yfirferð myndbandsupptaka eigi síðar en þremur virkum dögum eftir að hann fær þær í hendur. Ef skemmdir koma í ljós við myndun lagna skal verktaki lagfæra skemmdir samkvæmt fyrirmælum umsjónarmanns verkkaupa og mynda aftur. Ekki er heimilt að nota partfóðrun í viðgerðir.

Seinni myndatakan skal fara fram fyrir ábyrgðarúttekt. Verktaki skal skila myndbandsupptöku af lögnum til umsjónarmanns verkkaupa viku áður en ábyrgðarúttekt fer fram og skulu þær ekki vera eldri en tveggja vikna.

Verktryggingu verður ekki aflétt nema allar myndbandsupptökur liggi fyrir og viðgerð hefur verið framkvæmd, ef um slíkt er að ræða.

Raunástand kerfisins, sérstaklega skemmdir, skal mynda nákvæmlega en athygli er vakin á því að verktaki á ekki að skrá skemmdir í töflur eða með öðrum hætti heldur einungis að afhenda upptökur að verki loknu til umsjónarmanns verkkaupa.

Myndatökum skal skila á stafrænu formi. Tryggja skal hæfilegt ljósmagn miðað við stærð lagnar, þannig að myndataka verði skýr. Tryggja skal að lagnir séu lausar við óhreinindi, vatnsaga og gufu á meðan á myndatöku stendur.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á myndum (á skjá):

- Heiti verks.
- Heiti verktaka verksins.
- Dagsetning og tími myndatöku.
- Heiti upphafsbrunnis og endabrunnis (t.d. S04-S03).
- Lengd frá upphafsbrunni (í metrum).
- Stærð lagnar.
- Halli lagnar í % (+ eða -).

Merkja skal nöfn myndskeiða þannig að fyrst komi númerið á brunninum þar sem farið er niður með myndavélina, þá bandstrik og svo nafn þess brunns sem stefnt er að og loks ddmmáá-n, þannig: xxxxx-yyyyyy-ddmmáá-n, þar sem n er hlaupandi númer ef fleiri en eitt myndskeið er tekið á sömu lögn á sama degi. Ekki má blanda saman óskildum verkum á sama disk/minnislykli.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er heildarverð fyrir myndatöku eftir að búið er að fylla og þjappa að fullu yfir lagnir og myndatöku fyrir ábyrgðarúttekt. Aðrar myndatökur greiðast af verktaka. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verklíðnum þ.m.t. hreinsanir. Heildarverð er til greiðslu með lokareikningi.*

## 3.4 KALDAVATNSLAGNIR

### 3.4.1 Almennt

Verktaki skal leggja Ø180 PL lögn að nýjum brunahana samkvæmt teikningum og leggja núverandi Ø63mm heimæðarlagnir í Ø90 ídráttarörum eins og teikningar sýna og ganga frá tengistykkjum og lokum. Verktaki skal annast alla suðuvinnu, þ.m.t. að leggja til nauðsynleg tæki og aðra samsetningarvinnu.

Verktaki skal gæta þess vandlega að rör séu hrein að innanverðu þegar þeim er lokað og að engir aðskotahlutir verði þar eftir.

Verktaki má ekki nota slípirokka með slípiskífum við slípun á rörendum heldur verður hann að skafa rörendana.

Verktaki skal skola út lagnir áður en þær tengjast við virk kerfi. Verktaki skal sjá um að skolvatn hafi greiða framrás frá rörenda niður í fráveitulagnir, þannig að ekki sé hætt á að óhreint vatn safnist fyrir í skurðinum og renni í lögnina að nýju eftir útskolun.

**Aldrei má skilja við opna rörenda þegar farið er frá vinnustað.**

Þar sem tengja þarf við virk kerfi munu starfsmenn Veitna sjá um tengingar. Verktaki skal gera umsjónarmanni verkkaupa grein fyrir áætlunum um tengingar við virk kerfi og þeim ráðstöfunum sem gera þarf vegna þeirra minnst 3 virkum dögum áður en tenging er fyrirhuguð.

### 3.4.2 Kaldavatnslagnir

#### 3.4.2.1 Kaldavatnslagnir úr plasti

Verði verktaki var við galla á kaldavatnströrum skal hann gera fageftirlitsmann Veitna viðvart og fá ákvörðun um hvað skal gera áður en hann leggur þau eða fyllir að þeim. Ef rispa eða skemmd á kaldavatnströri er dýpri en sem nemur 10 % af veggþykkt rörs er óheimilt að nota það.

Þegar skurður hefur verið undirbúinn og umsjónarmaður verkkaupa eða fageftirlitsmaður Veitna hefur tekið hann út getur verktaki byrjað að leggja kaldavatnslagnir.

Varðandi lagningu plaströra vísast til leiðbeininga framleiðanda.

Að jafnaði eru öll rör 32 - 75 mm sett saman með rafsuðufittings, en rör > Ø75 mm soðin saman með spøgilsuðu.

Verktaki skal leggja ídráttarrör fyrir kaldavatnslagnir samkvæmt teikningum. Þvermál ídráttarröra skal ávallt vera tveimur stærðarflokkum stærri en viðkomandi kaldavatnströri.

Vakin er athygli á formbreytingu og lengingu plaströra í sól og hita skv. leiðbeiningum framleiðanda.

Utan um loka og tengistykki, skal setja byggingaplast sem yfirlappast. Byggingaplastið skal festa með sérstöku límbandi eða sérútbúnum borða þannig að það hreyfist ekki þegar sandur er settur yfir.

Vakin er athygli á uppdrifshættu röra á framkvæmdastigi.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er einingarverð fyrir hvern metra af kaldavatnsröri úr plasti skipt niður eftir sverleika röra og röra í ídráttarrör. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni (nema lagnaefni sem Veitur útvega), vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum, m.a. suður á plaströrum, allar samsetningar, niðurlögn, plöstun utan um loka og tengistykki, þrýstiprófun og útskolun.*

#### **3.4.2.2 Kaldavatnslagnir úr ductile**

*Á ekki við*

#### **3.4.3 Brunahanar**

Verktaki sér um jarðvinnu á hvern uppsettan brunahana sem verkkaupi settur upp. Verktaki skal ganga frá brunahana samkvæmt staðalsniðum Veitna.

Brunahanar þeir sem settir verða upp, eru með sjálftæmingu og skal verktaki setja minnst hálfan rúmmetra af 20-40 mm drenmöl undir og umhverfis neðri hluta brunahanans. Yfir drenmölina og undir brunahanaendann skal setja jarðvegisdúk áður en fyllt er að brunahananum með fingerðara efni. Brunahaninn skal standa á ásetuhellu og vera lóðréttur, og sá frágangur samþykktur af fageftirlitsmanni Veitna. Ennfremur skal tryggja að brunahani sé lóðréttur áður en gengið er frá yfirborði. Brunahani skal vera samþykktur af umsjónarmanni áður en gengið er frá yfirborði. Brunahani sem hallar meira en 1° frá lóðréttu verður grafinn upp og lagfærður á kostnað verktaka. Brunahana skal hæðarsetja þannig að brotflangs sé 50 – 100 mm yfir endanlegu yfirborði, sjá leiðbeinandi staðalsnið LAV-460. Í flestum tilfellum er þá um 1350 mm ofan á ásetuhellu frá endanlegu yfirborði. Flangstenging við brunahana skal vera soðin með rafsúðumúffu.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingarverð fyrir hvern brunahana. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum, m.a. viðbótar jarðvinna, lekaprófun, og uppsetning brunahanans.*

#### **3.4.4 Lokar og spindlar**

Verktaki skal setja renniloka á kaldavatnslagnir og koma fyrir spindilframlengingu upp í yfirborð og þess skal vandlega gætt að spindlar haldist lóðréttir þegar fyllt er að þeim. Utan um renniloka á kalda-vatnslagnir skal setja byggingaplast sem fest er með sérstöku límbandi eða sérútbúnum borða þannig að það hreyfist ekki þegar sandur er settur yfir.

Verktaki skal upplýsa fageftirlitsmann Veitna um fjarlægð frá spindilenda á renniloka upp í efra borð malbiks/hellna auk staðsetningu þeirra t.d. á yfirlitsmynd. Skal það gert með góðum fyrirvara þannig að nægjanlegur tími sé til að smíða spindilframlengingu eftir máli.

Verktaki skal tengja spindilframlengingu við spindil lokans og festa með þar til gerðu splitti (sjá fyrir-komulagsmynd af spindlum, stopphanalokum og brunahönum).

Í yfirborði skal verktaki ganga frá stopphanaloki. Þar sem á að malbika skal nota sérstaka gerð af stopphanalokum og fylgir þeim undirlagshella. Eftir að þjöppun götufyllingar er lokið, skal verktaki koma undirlagshellunni fyrir í réttri hæð, þannig að efri brún stopphanaloksins verði í malbiksyfirborði.

**Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið verð fyrir uppsetningu og frágang á rennilokum með spindilframlengingu og stopphanaloki.*

*Innifalið er öll vinna og flutningur sem nauðsynlegur er til að fullgera verkþáttinn.*

**3.4.5 Þrýstiprófun**

Verktaki skal þrýstiprófa lagnir undir umsjón fageftirlitmanns Veitna í hæfilega stórum áföngum. Áfangaskipting skal ákveðin í samráði við umsjónarmann verkkaupa. Verktaki skal gera umsjónarmanni verkkaupa grein fyrir áætlunum um þrýstiprófanir og þeim ráðstöfunum sem gera þarf vegna þeirra minnst 3 dögum áður en þrýstiprófun er fyrirhuguð. Fageftirlitsmaður Veitna skal staðfesta að lagnir hafi staðist þrýstiprófun.

Ávallt skal miðað við að þrýstingur sé mældur við þann enda lagnar sem liggur lægra í landi.

Kaldavatnslagnir skal þrýstiprófa með því að tengja lagnir við virkt kerfi og hleypa á þrýstingi. Setja skal þrýstimæli á lögnina sem á að þrýstiprófa. Þegar lögn hefur staðið með þrýstingi í fjórar klukkustundir, skulu verktaki og fageftirlitsmaður Veitna skoða allar samsetningar á lögn og ganga úr skugga um að hvergi leki. Ef enga tengingu við virkt kerfi er að finna skal setja a.m.k. 6 bar þrýsting á lagnir.

Verktaki skal útvega vatn til prófunar og allan búnað til að ná upp og viðhalda þrýstingi við þrýstiprófanir. Verktaki skal tryggja að í lagnakerfinu sé hvergi innilokað loft sem getur haft áhrif á þrýstiprófunina.

Komi fram leki í kerfinu skal verktaki lagfæra það sem er ábótavant í samráði við fageftirlit Veitna og endurtaka þrýstiprófun.

**Magntölur og uppgjör:**

*Ekki er greitt sérstaklega fyrir þrýstiprófun. Allur kostnaður skal innifalinn í einingaverðum lagna.*

**3.4.6 Heimlagnir**

Á ekki við

**3.4.7 Bráðabirgðatengingar**

Á ekki við

### **3.4.8 Fjarlægja eldri lagnir**

180mm lögn að núverandi brunahana og lagnir að beiðni fageftirlitsmann Veitna, skal fjarlægja og farga á viðurkenndum urðunarstað.

#### ***Magntölur og uppgjör:***

*Greitt er ákveðið verð á lengdarmetra þeirra lagna sem eru fjarlægðar. Í tilboðsskrá er lagnaefni og lagnsstærðir sundurliðaðar. Innifalið í einingarverði skal vera allt til að fullgera verkþáttinn samkvæmt verklýsingu.*

## 3.5 HITAVEITA

### 3.5.1 Einangruð stálrör

#### 3.5.1.1 *Almennt*

Verktaki kemur rörum fyrir í skurði, smeygir þéttihólk með krumphólkum upp á rörenda, sýður saman, setur inn beygjur, T-stykki, minnkanir, loka og annað á rör sem sýnt er á teikningum. Séu opnir hólkar notaðir, oftast í stærðum yfir 400 mm er frágangur þeirra gerður eftirá. Verktaki skal tryggja að ekki séu soðnir saman endar þar sem kápan nær ekki nógu langt fram. Almennt er miðað við að frá enda stálrörs að plastkápunni séu um 200 mm.

Gæta skal þess að óhreinindi eða aðskotahlutir fari ekki inn í rör og verði eftir þegar þeim er lokað. Rör skulu ekki liggja opin í eða við skurði yfir nótt. Sé hreinsun röra áfátt skal verktaki hreinsa út úr rörum á sinn kostnað. Endar á rörum skulu ávallt vera lokaðir þegar ekki er unnið að samsetningu.

Verktaki skal lekaprófa allar lagnir skv. kafla um lekaprófanir.

Hitaveiturör, fittings og lokar, sem grafnir eru í jörð eru einangraðir með PUR eða PIR og varðir með plastkápu. Við flutning og alla meðhöndlun skal þess gætt að skemma ekki plastkápuna og merja ekki fasaða enda. Meðal annars skal nota breið bönd við hífingar röra. Hafi verktaki ekki reynslu í flutningi á hitaveiturörum skal leita ráðgjafar umsjónarmanns verkkaupa. Nánari lýsing á meðferð lagnaefnis er í LAL-112. Allar skemmdir á plastkápu eru á ábyrgð verktaka á meðan verk er unnið.

Gæta skal þess að lagnir hafi alltaf þenslumöguleika meðan á framkvæmd stendur. Koma skal í veg fyrir að plastkápan beyglist inn eða rispist. Komi slíkt fyrir skal fara með það eins og um samskeyti sé að ræða og hólkur settur yfir skemmdina. Í tilfellum sem þessum skal leita ráða hjá umsjónarmanni verkkaupa. Öll vinna og efni í slíkar viðgerðir er á kostnað verktaka.

#### **Röraefni**

Í hitaveitulagnir Veitna eru almennt notuð suðuhæf stálrör (P235 GH eða sambærilegt) í plastkápu einangruð með PUR eða PIR frauði. Hlífðarkápur eru úr svörtu PEHD. Hitaveiturör eru framleidd samkvæmt EN253 en eftirfarandi staðlar gilda fyrir efni og vinnubrögð;

EN 253	Einangruð rör fyrir hitaveitur
EN 448	Einangraðar fittings fyrir hitaveitulagnir
EN 488	Einangraðir lokar
EN 489	Samsetningar fyrir stálrör og plastkápu
EN 15698-1	District heating pipes - Bonded twin pipe systems for directly buried hot water networks - Part 1: Factory made twin pipe assembly of steel service pipes, polyurethane thermal insulation and one casing of polyethylene

EN 15698-2

District heating pipes - Bonded twin pipe systems for directly buried hot water networks - Part 2: Factory made fitting and valve assemblies of steel service pipes, polyurethane thermal insulation and one casing of polyethylene

Þjóðendum er bent á að kynna sér staðla er varða efnisgæði og vikmál.

### **Undirbúningur fyrir suðu**

Suðutákn og mál á suðum á teikningum eru í samræmi við ÍST EN ISO 2553. Allar hringsuður pípna og tengistykkja eru stúfsuður og skulu endar pípna og tengjastykkja fasaðir í samræmi við það.

Ef skorið er í sundur með logskurði skal slípa skurðarsárið hreint a.m.k. 3 mm inn í efnið.

Fletir sem sjóða á saman skulu vera úr hreinum málm, lausir við sýnilega galla, t.d. skillög eða galla frá skurði, a.m.k. 30 mm út frá suðubrúnum og lausir við ryð, olíu, feiti og/eða önnur aðskotaefni.

Áður en suðuvinna hefst skal verktaki leggja fram suðuáætlun og suðuferla gerða í samræmi við staðla og afhenda suðuferla (WPS), vottaða af viðurkenndum aðila, í samræmi við ÍST EN ISO 15612 eða ÍST EN ISO 15614-1 fyrir lagnir í jörðu og ÍST EN ISO 15614-1 fyrir lagnir ofanjarðar. Einnig skal verktaki senda inn tilheyrandi prófunarskýrslur (WPQR) fyrir innsenda suðuferla.

Suðuferla og prófunarskýrslur skal senda til umsagnar og samþykktar af umsjónarmanni verkkaupa áður en suðuvinna hefst.

Tákn eða númer fyrir þær suðuaðferðir/-tækni og suðustöður sem beita á skulu vera skv. ÍST EN ISO 4063 og ÍST EN ISO 6947.

Allt efni sem verktaki leggur til er háð samþykki umsjónarmanns verkkaupa.

### **Suðufólk**

Rafsuðuvinna skal eingöngu unnin af starfsfólki með hæfnisskírteini sam-kvæmt ÍST EN ISO 9606-1 sem svarar til þeirra suðuferla (WPS) sem áformað er að nota fyrir hverja suðugerð. Ef beitt er sjálfvirkum eða hálfjálfvirkum suðubúnaði skulu suðumenn/starfsmenn, sem vinna við þann búnað, hafa hlotið þjálfun og prófun á grundvelli ÍST EN ISO 14732 og hafa gild réttindi.

Verktaki skal leggja fram lista yfir þá einstaklinga, sem vinna eiga verkið og afhenda afrit af gildum hæfnisskírteinum þeirra áður en þeir hefja störf.

### **Framkvæmd suðu**

Öll rafsuðuvinna skal vera unnin í samræmi við ÍST EN 1011-1, -2 og -3 og í fullu samræmi við samþykktu suðuferla og verköggn. Tryggja skal fulla gegnumsuðu og góða sambræðslu milli suðu- og grunnefnis.

Verktaki skal nota viðeigandi suðuvír sem ætlaður er fyrir viðkomandi grunnefni og suðusamskeyti utanhúss í samræmi við teikningar og samþykktar suðuaðferðir (WPS). Verktaki skal vera fullviss um að suðuvír sé þurr og hafi verið geymdur á þurrum og heitum stað skv. leiðbeiningum framleiðanda. Ef vafi leikur á hvort raki sé í suðuvír skal

hann bakaður við 350°C í tvær klukkustundir og eftir það skal hann ávallt geymdur í hitakassa. Þetta á sérstaklega við um suðuvinnu utanhúss.

Verktaki skal tryggja að suðuvinna utanhúss sé unnin við viðunandi aðstæður og tryggja að raki og vindur hafi ekki áhrif á suðugæði. Ekki má sjóða ef stálið er rakt og ekki ef lofthiti er lægri en 3°C, nema viðeigandi ráðstafanir séu gerðar við suðuvinnuna, eins og t.d. að forhita efnið upp í 50 – 100°C, samkvæmt nánari lýsingu í suðferli verktaka. Suður skulu snyrtilega auðkenndar með vatnspólnum lit, þannig að fram komi suðunúmer og auðkennisstafir suðumanns, sömu númer og sett eru inn í suðubókhalda.

Áður en suðuvinna hefst skal verktaki hreinsa og slípa pípuenda svo tryggt sé að ekkert ryð eða önnur óhreinindi séu á suðuenda

### **Suðuprófanir**

Suðueftirlit verktaka skal vera í höndum óháðra aðila (ekki starfsfólks verktaka) og vera í samræmi við ÍST EN 13480-5, ÍST EN ISO 17637, ÍST EN ISO 17640, ÍST EN ISO 11666, ÍST EN 17636-1 og 2, og skal vera í höndum aðila með réttindi til skv. ÍST EN ISO 9712 – Level 2.

Verktaki skal leggja fram úttektar- og skoðunarskýrslur í síðasta lagi viku áður en lekaprófun fer fram. Skýrslugerð skal vera í samræmi við viðurkenndar aðferðir ofangreindra staðla.

Suður á pípum ofanjarðar skulu uppfylla gæðakröfur, sem gerðar eru fyrir flokk B en fyrir suður á niður gröfnum pípum skulu suður uppfylla flokk C til samræmis við ÍST EN ISO 5817.

Umfang prófana skal vera í samræmi ÍST EN 13480-5.

Þær suður sem ekki er unnt að lekaprófa, þrýstingsprófa eða skoða við prófanir, skal röntgenmynda 100%.

Til að koma í veg fyrir mistök í byrjun skal eftirfarandi aðferð notuð:

Á fyrstu stigum framkvæmdar skal velja af handahófi eina eða fleiri suður, eftir stærð verkefnis, úr hverjum suðuhópi til að prófa. Í tilfelli pípusuða skal röntgenmynda a.m.k. eina af fyrstu suðum með 100% myndun. Í stærri verkum þar sem eru fleiri en 30 suður skal einnig röntgenmynda 25% af fyrstu 2-5 suðum úr hverjum suðuhópi. Þegar þessar forskoðanir hafa verið gerðar og suðugæði eru uppfyllt skal almennt prófa að lágmarki 5% af öllum suðum sem koma á eftir og sjónskoða allar suður 100%. Velja skal prófunarstaði m.t.t. suðuhópa og suðumanna samkvæmt ÍST EN 13480-5, kafla 8.1.2.

Komi fram gallar í suðum skulu viðgerðir og viðbótarprófanir vera til samræmis við ÍST EN 13480-5, í kafla 8.1.3.

- Prófa tvær sambærilegar suður fyrir hverja gallaða. Velja skal suður sem voru soðnar við sambærilegar aðstæður og skulu þær prófaðar með sömu prófunaraðferð.
- Ef þessar viðbótarprófanir uppfylla kröfur verklýsingar, skal gera við þær gölluðu og framkvæma prófanir á viðgerðunum með sömu prófunaraðferð til staðfestingar á að viðgerðar suður uppfylli kröfur verklýsingar.



- Ef fram koma gallar í þessum viðbótarprófunum skal prófa tvær sambærilegar suður fyrir hverja gallaða á sama hátt með sömu prófunaraðferð.
- Ef fram koma gallar í þessum viðbótarprófunum eða komi fram gallar aftur eftir viðgerð í gölluðum suðum skal endurtaka sbr. lið c.
- Ef fram koma gallar í þessum viðbótarprófunum skal prófa allar samsvarandi suður viðkomandi suðuhóps.

Þegar suður eru valdar skulu þær valdar með tilliti til þess hvort þær eru soðnar á verkstað eða á verkstæði.

Allan kostnað vegna suða sem standast ekki gæðakröfur, viðgerða á suðum og vinnu vegna endurmyndunar ber verktaki að fullu.

Umsjónarmaður verkkaupa getur óskað eftir að verktaki geri suðuprófanir á stökum suðustöðum, þar með taldar röntgenmyndatökur.

Verktaki skal í upphafi verks tilkynna hver sér um suðueftirlit og prófanir og leggja fram þau hæfnisskírteini og -vottorð sem krafist er í þessari lýsingu. Einnig skal verktaki leggja fram aðferðarlýsingu þar sem gert er ítarlega grein fyrir því hvernig suðueftirliti verður háttað.

Veitur áskilja sér rétt á að fá allar röntgenfilmur afhentar og geta í framhaldi fengið utanaðkomandi óháðan og viðurkenndan aðila til að yfirfara allar filmur til staðfestingar á gæðum myndatöku og einnig á mati prófunaraðila á suðugöllum. Einnig áskilja Veitur sér rétt til að láta framkvæma sínar eigin prófanir og geta krafist lagfæringar á suðum, ef suðugallar koma í ljós, á kostnað verktaka.

### **Suðubókhalld**

Verktaki skal tilgreina ábyrgðarstjóra suðumála til umsjónamanns verkkaupa. Verktaki skal halda suðubókhalld. Suðubókhalld skal samanstanda af eyðublaði, þar sem fram koma nöfn, númer eða upphafsstafir suðumanna, númer suðu, númer prófunarskýrslu fyrir hverja suðu og viðkomandi suðuferill sem notaður var. Verktaki skal afhenda lagnateikningar þar sem fram koma númer og staðsetning suða. Verktaki merkir allar suður inn á afrit af vinnuteikningum frá verkkaupa með suðunúmeri. Suðubókhalld skal innihalda prófunarskýrslu frá óháðum aðila. Suðubókhalldi skal skila til verkkaupa á stafrænu formi, skilmerkilega merktu verki í síðasta lagi 2 dögum áður en lekaþrófun fer fram.

### **Leka- og styrktarprófun (þrýstiprófun)**

Verktaki skal leka- og styrkprófa lagnir samkvæmt ÍST EN 13941-2, kafla 11.5. Prófunarþrýstingur lagna skal vera samkvæmt nánari upplýsingum í verklýsingu eða á teikningum. Áður en þrýstiprófun fer fram skal verktaki lekaþrófa lagnakerfið með lofti og ganga úr skugga um að kerfið leki ekki. Nota skal öryggisloka bæði við leka- og þrýstiprófun og skal stærð öryggisloka miðast við að hann opni við 25% yfir prófunarþrýstingi í hverju tilfalli.

Umsjónamaður verkkaupa kallar til fageftirlit Veitna með góðum fyrirvara til að vera viðstatt og til að staðfesta að lekaþrófanir hafi verið framkvæmdar á réttan hátt. Lekaþrófun og allar ráðstafanir vegna hennar eru á ábyrgð verktaka og skulu innifaldar í einingaverði.

## **Lekapróf**

Lekaprófa skal lagnir samkvæmt ÍST EN 13941-2 þegar að allar suður hafa verið sjónskoðaðar. Hægt er að sameina lekapróf með styrkprófi (þrýstingsprófi). Verktaki skal lekaprófa með lofti sem dælt er inn í pípunar undir þrýstingi. Þrýstingur í pípum skal vera frá 0,02-0,05 MPa (0,2-0,5 bar) yfirþrýstingur meðan prófun fer fram. Lekaleit fer fram með því að úða á suður með viðurkenndu freyðiefni/sápu til lekaleitunar og athuga hvort loftbólur myndist við suður eða samskeyti. Ef einhverjar suður eru ekki sýnilegar skal þrýstingur standa í 8 klst. Ef allar suður eru sýnilegar þarf þrýstingur að standa í 2 klst.

Verktaki skal loka rörendum með klemmutengi og setja upp nauðsynlega þrýstingsmæla og öryggisbúnað vegna prófunarinnar. Við klemmutengið er þrýstiloft tengt með kúluloka, öryggisloka og þrýstingsmæli. Þrýstingsmælir skal sýna þrýsting með 0,1 bar nákvæmni og sviði þannig að augljóst sé þegar óskgildi þrýstings er náð.

Þegar réttum þrýstingi er náð skal verktaki í viðurvist umsjónarmanns verkkaupa úða á suðurnar viðurkenndu lekaleitar-sápuvatni á suðurnar.

## **Útskolun lagna**

Verktaki skal skola út lagnir áður en þær tengjast við virk kerfi. Verktaki skal sjá um að skolvatn hafi greiða framrás frá röraenda, þannig að ekki sé hætta á að óhreint vatn safnist fyrir í skurðinum og renni í lögnina að nýju eftir útskolun.

### ***Magntölur og uppgjör:***

*Greitt er ákveðið einingarverð fyrir hvern lengdarmetra lagnar og skipt niður eftir stærð lagna. Innifalið í einingarverði er m.a. niðurlögn, að koma fyrir þéttihólkum og krumpmúffum á samskeytum eftir því sem við á, að skera rörenda saman, að forvinna einangruð rör til vegþverana og ganga frá rorum fyrir frágang á samskeytum þeirra, útskolun og allt annað sem þarf til að fullgera verkið.*

*Greitt er ákveðið einingaverð fyrir hverja suðu/samsetningu. Innifalið í einingaverði er m.a. suðuvír, suða, prófanir, aðstoð við prófanir, brot á suðusamskeytum og fastar suður.*

### **3.5.1.2 Einangrun og samskeyti**

Rör eru afhent einangruð með PUR-frauðplasti og í hlífðarkápu úr plasti, ásamt þéttihólkum og krumpmúffum á samskeyti. Áður en suða hefst skal smeygja þéttihólkum úr plasti og krumpmúffum upp á rörenda.

Ganga skal frá rorum í skurðum skv. staðalsniðum áður en gengið er frá samskeytum á hlífðarkápu. Annars skal verktakinn ganga þannig frá röri í skurði að á a.m.k. 2 m lengd við samskeyti sé fritt pláss umhverfis rör a.m.k. 500 mm undir rör og kringum rorin þar sem ganga þarf frá samskeytum á hlífðarkápu.

Gæta skal að því að vatn komist aldrei inn í einangrun á rorum og mega ófrágengin samskeyti því aldrei liggja í skurðum þar sem hætta er á vatnsaga.

Eftir að úttekt á suðu og þrýstiprófun hefur verið gerð, getur samsetning hlífðarkápu farið fram.

Vertaki sem viðurkenndur er af verkkaupa, skal annast annast samsetningu og suðu samsetningarhólka á samskeytum hitaveituröra, svo og Polyurethane (PUR) eða Polyisocyanurate (PIR) frauðun eða ísetningu einangrunarskála í samsetningarhólkum

á samskeytum hitaveituröra. Verkkaupi heldur utan um skráningar þeirra aðila sem hafa skilað inn fullnægjandi gögnum og eru viðurkenndir af verkkaupa.

Svo verktaki geti talist viðurkenndur af verkkaupa, þarf viðkomandi að uppfylla skilyrði staðal (ÍST EN 489 2009/ C1). Verktaki skal framvísa viðurkenndum hæfnisvottorðum frá framleiðanda þess efnis sem verið er að nota hverju sinni og þurfa þau gögn að liggja fyrir og samþykkt að hálfu verkkaupa áður en vinna getur hafist

Hæfnisvottorð fyrir Mittelhólka og lokaða PE - hólka með krossbundnum krumpum á endum er gefið út af SET.

Hæfnisvottorð fyrir rafsoðnar plötumúffur og krossbundna hólka er gefið út af LOGSTOR eða Isrör.ehf.


Viðurkennd hæfnisvottorð, eru þau sem eru útgefin af framleiðanda lagnaefnis eða sérstakara aðila sem sér hæfa sig í þjálfun fagaðila og hafa umfangsmikla reynslu í faginu.

Mikilvægt er að einangrunarendar sem og rör séu hrein og þurr þegar verkið hefst. Verktaki skal þvo kápuenda með þar til gerðu efni t.d „PEH cleaner“ til að fjarlægja fitu af yfirborði. Óheimilt er að nota míneralska terpentínu (white-spirit). Áður en krumpun fer fram skal matta kápuenda með smergelborða og forhita kápuenda þar til hann er 60°C og verður mattur (eins og silki). Gæta skal þess að þússa ekki með smergelborðanum í lengdarstefnu hlífðarkápu og tryggja skal að það sjáist í för smergelborðans eftir að hólkurinn hefur verið krumpaður. Við krumpun skal byrja sem næst miðjum þéttihólkunum og krumpa út til endanna. Mikilvægt er að fyllsta hreinlætis sé gætt þegar unnið er við samsetningar.

Verktaki skal merkja hverja samsetningu með auðkennisnúmeri þess aðila sem framkvæmir samsetninguna og dagsetningu. Verklag skal háttað þannig að ljúka skal samsetningu/suðu samsetningarhólka hvers áfanga fyrir sig og kalla til úttektar fageftirlits, áður en vinna getur hafist við einangrun/freyðingu samsetningarhólka.

Verktaki skal tilkynna verkkaupa með þriggja daga fyrirvara hvenær vinna við frágang samskeyta hefst en fageftirlit mun framkvæma gæðaúttektir á hólkum á meðan vinnu stendur, þar sem nauðsynlegt er að krumpun og freyðing sé framkvæmd sama dag vegna hættu á rakamyndun inn í hólkunum.

Hólkar sem ekki hafa tvöfalda þéttingu (td.rafsuðuhólkar og þráðsoðnir hólkar) skal verktaki lekaprófa með lofti við 0,2 bar yfirþrýsting í 2 mínútur og sápuvatn borið á samskeyti. Verktaki skal skrá lekaprófun í suðubókhald rafsuðuhólka.



Freyðing samsetningarhólka PUR-frauð skal uppfylla ÍST EN489/ 4.1.6. Við freyðingu PUR-frauðs í samsetningarhólka skal einungis notast við vélræna freyðingu. Verktaki skal gæta fyllstu varúðar við meðhöndlun og geymslu efnispátta Pólýúretan, þ.e. Ísósýanat og Pólýól. Geyma skal efnin þar sem óviðkomandi aðilar komast ekki í þau. Verktaki skal fylgja leiðbeiningum framleiðanda um geymslu og freyðingu þess efnis sem unnið er með hverju sinni. Verktaki skal ganga snytrilega um vinnusvæðið, mikilvægt er að farga afskorningum og öðrum úrgangi sem fellur til við vinnu hjá aðila með viðeigandi starfsleyfi. ATH. samsetning og frágangur hólka er vandasamt verk og þurfa veðurskilyrði og aðstæður að uppfylla kröfur framleiðanda þess efnis sem verið er að vinna með hverju sinni. Í vindi eða rigningu skal tjalda yfir vinnuaðstöðu á meðan unnið er við samsetninguna. Verkkaupi áskilur sér rétt til að stöðva vinnu verktaka ef vinna og verklag er ekki í samræmi við verklag framleiðanda þess efnis sem unnið er með hverju sinni.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingaverð fyrir hverja samsetningu. Innifalið í einingaverði er öll vinna og efni sem tengjast einangrun og samsetningu. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum*

### **3.5.1.3 Lekavírar**

Á ekki við.

### **3.5.1.4 Undirbúningur eldra hitaveituefnis fyrir suðu**

Ef verktaki fær í hendur gamalt lagnarefni sem þarf að forvinna svo það verði suðuhæft gildir neðangreint:

Verktaki skal slípa, hreinsa og fasa enda fyrir raf- og logsuðu. Almenn gæði varðandi framkvæmd suðu skulu miðast við staðalinn ISO 15609.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er fyrir hvern enda rörs sem skal forvinna. Innifalið í einingarverði skal vera allt til að fullgera verkþáttinn samkvæmt verklýsingu.*

### **3.5.2 Einangruð PEX rör**

Á ekki við í þessu verki

### **3.5.3 Upphitun á stálörum**

Á ekki við í þessu verki á ekki v

### **3.5.4 Styrkpróf (þrýstiprófun með vatni)**

Á ekki við í þessu verki

### **3.5.5 Lokar**

#### **3.5.5.1 Jarðlokar**

Verktaki skal setja einangraða jarðloka á hitaveitulagnir þar sem þeir eru sýndir á teikningum. Áður en suða hefst skal smeygja þéttihólk úr plasti og krumpmúffu upp á rörenda.

Ef um tvöfalt kerfi er að ræða skal sprejja ofan í framrásarlokann með rauðu lakki og með bláu lakki í bakrásarloka.

Frágangur á lokum sem koma á einangruð rör skal vera eins og fram kemur á sérteikningum. Í kringum loka skal verktaki ganga frá undirlagshellu og plaströri og síðan steypujárnsloki ofan á plaströrið. Steypujárnslok skal stilla í rétta hæð miðað við yfirborð.

### **Magntölur og uppgjör:**

Greitt er fast verð fyrir hvern loka eftir stærð. Innifalið í einingarverði er m.a. plaströr, uppsetning og frágangur á steypujárnsloki.

### **3.5.5.2 Jarðlokar með þjónustulokum**

Verktaki skal setja einangraða jarðloka með þjónustulokum á hitaveitulagnir þar sem þeir eru sýndir á teikningum. Áður en suða hefst skal smeygja þéttihólk úr plasti og krumpmúffu upp á rörenda.

Ef um tvöfalt kerfi er að ræða skal sprejja köfunarbjöllu framrásarlokans með rauðu lakki og með bláu lakki á bakrásarloka.

Ganga skal frá lokum með þjónustulokum í brunn eins og fram kemur á sérteikningum. Undir hvert horn brunneininga skal koma fyrir undirlagshellum á þjöppuðu undirlagi. Hæð hellna þarf að stilla af þannig að brunnlok flútti við endanlegt yfirborð. Ef yfirborð hallar þarf að taka tillit til þess við hæðarsetningu hellna. Einnig skal sanda upp fyrir undirlagshellur þannig að bil undir neðstu brunneiningu lokist.

Brunnar eru settir saman úr réttthyrndum brunneiningum og eru með tvískiptu járnsteypuloki sem þolir 12,5 tonna áraun. Brunneiningar eru byggðar úr 4 hliðareiningum sem boltaðar eru saman á hverju horni. Brunneiningar koma saman settar en yfirfara skal hverja einingu áður en hún er notuð og tryggja að allar boltasamsetningar eru vel hertar. Brunneiningum er síðan raðað saman í brunn. Hver eining er 150 mm há og fer fjöldi brunneininga eftir dýpi loka. Fylla skal að brunni með frostfríu, þjappanlegu efni og þjappa í 300 mm lögum til að tryggja stöðuleika. Járnrámmi er lagður ofan á efstu brunneiningu og járnsteiptum brunnlokum komið fyrir í járnramma. Við samsetningu skal tryggja gæði festinga og þéttleika frágengins brunns gagnvart jarðefnum. Ganga skal þannig frá brunnunum að hægt sé að komast í þá aftur og gæta þess að tappar sem fylgja brunnlokunum séu settir í götin á brunnlokunum.

Þar sem brunnum er komið fyrir úti í móa skal brunnlok standa 150-300 mm ofar en yfirborð í kring. Yfirborð skal fella að brunnloki með hámarki 45° halla.

Áður en brunni er lokað skal umsjónarmaður samþykkja lokafrágang.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er fast verð fyrir hvern loka eftir stærð. Innifalið í einingarverði er m.a. undirlagshellur, þjöppun á sandi, uppsetning og frágangur á brunneiningum og brunnlokum.*

### **3.5.5.3 Heimaæðarlokar**

Á ekki við í þessu verki

### **3.5.6 Tæmingar**

Á ekki við í þessu verki

### **3.5.7 Upphitunarþanar**

Á ekki við í þessu verki

### **3.5.8 Tengingar við núverandi lagnir**

Tengjast skal DN150 stofnlögn í stökk við DN150 PUR einangraða lögn á horni Snorrabraut / Laugavegs 114.

Tengja skal Dn 150 stofn lögn í PUR einangrun við DN 150 PUR einangraða lögn í Snorrabraut.

Tenging við Dn 65 PUR lögn sem þverar Snorrabraut við DN 150 PUR einangraða lögn í snorrabraut.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið verð fyrir hverja tengingu við núverandi lagnir eftir stærð lagna. Innifalið er m.a. allur kostnaður við að grafa upp núverandi lagnir, tæma þær, skera þær í sundur, fjarlægja eldri lagnir við tengipunkt. Tengja skal nýjar lagnir við þær. Öll vinna, efni og förgun við hitaveitustökk ef svo á við skal vera innifalin í verði fyrir hverja tengingu.*

#### **3.5.8.1 Tenging í hitaveitubrunnum**

Á ekki við í þessu verki

#### **3.5.8.2 Tenging foreinangraðar laga við lagnir í stökk**

Við tengingu foreinangraðra lagna við núverandi lagnir í stökk skal saga sig inn á stökk. Hreinsa einangrun frá núverandi lögnum. Setja brunnpéttihring upp á foreinangraðar lagnir ásamt endaherpi. Tengja skal lagnirnar saman. Bora skal tengijárn í núverandi stökk, járna, setja fjarlægðarklossa, staðsetja drenrör og byggja upp mót skv. teikningum. Passa skal að brunnpéttihringur lendi fyrir miðjum vegg þar sem nýja

lögnin fer inn í stökk og steyp. Mót inni í stökk verða eftir en mót utan við stökk eru fjarlægð.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt verður heildarverð fyrir tengingu inn í stökk. Innifalið í verðinu skal vera allur kostnaður við tenginguna þar með talið skurður og fjarlægð steypubrota, pípulögn, mót, steypa, frágangur steypuflata og annað sem þarf til að ljúka tengingunni.*

### **3.5.9 Bráðabirgðatengingar**

Ekki er gert ráð fyrir að verktakinn þurfi að leggja bráðabirgðalagnir í verkinu og hafi því núverandi lagnir í rekstri meðan nýjar lagnir eru lagðar. Verktaka er hins vegar heimilt að leggja bráðabirgðalagnir telji hann hagræði í því. Í vissum tilvikum gæti þurft

að tengja heimæðar inni á lóðum við stofnlögn utan lóðar og stofnlagnir til bráðabirgða. Það fer eftir því hvernig verkið er unnið hvað þær tengingar verða margar.


### Magntölur og uppgjör:

Ekki er greitt sérstaklega fyrir bráðabirgðalagnir. Allur kostnaður skal innifalinn í einingaverðum.


### 3.5.10 Frauðplötur

Verktaki skal ganga frá frauðplötum við beygjur og T-stykki á lögnum eins og teikningar sýna. Plöturnar skal sníða til og festa á lögnina með dúk og plastböndum. Gæta skal að því að plötur aflagist ekki þegar fyllt er að lögnum. Set hefur tekið saman upplýsingar um frágang þenslupúða. Sjá hér að neðan:

“Til þess að taka á móti þensluhreyfingum á niðurgrofnum hitaveitulögnum við beygjur, greinistykki og þana er nauðsynlegt að hafa rétta stærð af þenslupúðum utan um hlífðarkápuna. Þenslupúðar frá Set eru framleiddir úr freyddu PE efni sem tekur ekki í sig vatn eða efni úr jarðvegi. Motturnar eru rifflaðar og myndar hver þeirra 26 rifflur. Þegar riffluðu motturnar hafa verið settar utan um rörið er þynnri dúkur úr sama efni settur í kringum rörið og þenslupúðana til að loka fyrir sand og jarðefni. Þenslupúðar afhendast sem mottur í stærðinni 1000 x 2000 x 40 mm.“



Mynd 3: Frágangur á einföldu lagi af frauðplötum ásamt dúk. Mynd frá Set.is.



Mynd 4: Frauðplata. Mynd frá Lögstor.com.



Mynd 5: Skurður á frauðplötu skal vera jöfn ytra þvermáli rörs. Mynd frá Lögstor.com.

Fyrsta lag frauðplata skal sett beggja vegna lagnar og næstu tvö þar sem þau eru fyrirskrifuð koma þenslumegin á lagnir.

Tafla 3: Tillaga að nýtingu frauðplötu m.v. ytra þvermáls lagnar.

Ytra þvermál lagnar [mm]	90	110	125	140	160	180	200	225	250	280	315	355	400	450	500	560	630	710
Fjöldi riffla	2	2	2	2	2	4	4	4	4	4	6	6	8	8	8	10	12	14

Nýta skal efnið sem best, ráðgert er að nota alltaf fulla breidd af frauðplötu (1m) langs lögn. M.v. það þá væri hægt að nýta 1 mottu á 500mm lögn 4m meðfram þeirri lögn öðru megin eða 2m beggja vegna.

### Magntölur og uppgjör:

Greitt er ákveðið einingarverð fyrir hvern fermetra af 40 mm þykkum frauðplötum sem komið er fyrir við beygjur og T-stykki. Innifalið er m.a að skera plöturnar til, allur kostnaður við að koma plötum fyrir setja dúk yfir og festa með plastböndum.

### 3.5.11 Aflagt lagnaefni

#### 3.5.11.1 *Fjarlægja eldri lagnir*

Öll plast- og stálrör einangruð með hlífðarkápu úr plasti sem koma í ljós við gröft og afleggjast, skal fjarlægja. Fageftirlitsmaður Veitna gefur fyrirmæli um hvort farga skuli rörum á viðurkenndum urðunarstað eða flytja á lager Veitna til geymslu.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið verð á lengdarmetra einangraðra plast- eða stálröra í plastkápu. Innifalið í einingaverði er m.a. að taka þau í sundur og flytja.*

#### 3.5.11.2 *Hitaveitustokkur fjarlægður*

Verktaki skal brjóta og fjarlægir hitaveitustokk eins og sýnt er á teikningum. Fyrst er lok fjarlægt af stokki og skal hitaveituverktaki þá fjarlægja einangrun (steinullar- og/eða polýúretanskálar). Pípur eru síðan skornar í sundur og fjarlægðar ásamt restinni af stokknum.

#### **Magntölur og uppgjör**

*Greitt er ákveðið verð á lengdarmetra hitaveitustokks eftir stærð og hluta þess sem fjarlægt er. Innifalið í einingaverði er m.a. niðurbrot á stokk, skurður lagna og brottflutningur allra steypubrota, einangrunar, stálröra og annars efnis sem í stokknum er.*

#### 3.5.11.3 *Afleggja hitaveitubrunn*

A-27 steinsteyptur brunnur breidd 1800mm, lengd 2000mm, hæð 1500mm.

Afleggja skal hitaveitubrunna samkvæmt teikningum. Verktaki skal aftengja loka og lagnir í hitaveitubrunni sem afleggst. Verktaki fjarlægir brunnlok og vegg og gatar botnplötu. Verktaki fyllir brunnstæðið með þjappaðri grús. Flytja skal lagnir og loka, steypujárnslok og -karm sem í brunninum eru á lager Veitna, eða þangað sem umsjónamaður verkkaupa segir til um.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er heildarverð fyrir að afleggja brunna, fylla í brunnstæðið með grús og flytja loka og lok á lager Veitna.*

### 3.5.12 Stýristrengir

Á ekki við í þessu verki

### 3.5.13 Heimlagnir

#### 3.5.13.1 *Nýjar heimalagnir*

Verktaki skal sjá um að koma fyrir ídráttarrörum inn í inntaksrými. Ýmist þarf verktaki að bora fyrir nýjum rörum eða tengja við rör sem fyrir eru. Ekki skal bora fyrir rörum á nýjum stað ef hægt er að fara inn á gamla staðnum nema með samþykki umsjónarmanns verkkaupa. Inntök í hús eru annað hvort inn úr vegg eða upp úr gólfi. Umsjónarmaður verkkaupa sker úr um hvaða gerð er notuð á hverjum stað og er nánari útfærsla sýnd á teikningum.



Áður en borað er fyrir ídráttarröri skal verktaki afla sér upplýsinga um það hvort aðrar lagnir séu í gólfi eða vegg þar sem bora á. Skal hann sýna fyllstu aðgát við borun og gæta þess að valda ekki tjóni á lögnum. Við borun skal verktaki gæta þess að brjóta ekki úr veggjum þegar borinn gengur út. Tryggt skal við framkvæmd að ekki verði skemmdir á frágangspáttum einangrunar og þéttinga sem rofin eru með kjarnaborun.

### **Inntak í gegnum vegg**

Bora eða kjarnabora skal gat innanfrá og skal það halla minnst 20° niður á við út. Gat skal vera a.m.k. 20 mm víðara en þvermál rörs sem þrætt er í það. Hreinsa skal allt ryk úr gati og þurrka gat áður en rör er dregið í. Draga skal rör í gatið með fjarlægðarklossum þannig að það sé í miðju gati. Þetta skal vel í kringum rör að utan með kíttri, sem umsjónarmaður verkkaupa samþykkir, þannig að kíttrið fari 70-100 mm inn í vegginn allt í kringum rörið. Brjóta skal spöng við efri brún borgats utanvert þannig að úttak rörs sé beygt í mjúkri beygju við frágang þéttinga. Beygja á röri við ytri brún veggjar skal gefa röri möguleika á að setjast í borfar við þjöppun jarðvegs yfir rör utanhúss. Gera skal við vegg að innanverðu og ganga snyrtilega frá. Alla efnisafganga skal fjarlægja.

### **Inntak í gegnum vegg og gólf**

Þegar ídráttarrör inntaks kemur upp úr gólfi skal verktaki bora gat á sökkulvegg undir gólfi og í gegnum gólfplötu innan við vegg. Verktaki kemur ídráttarröri inntaks fyrir. Fylla skal með sandi í holuna með rörinu og steypa utan um rörið í gólfinu og ganga snyrtilega frá því. Brjóta skal spöng við efri brún borgats utanvert þannig að úttak rörs sé beygt í mjúkri beygju við frágang þéttinga. Beygja á röri við ytri brún veggjar skal gefa röri möguleika á að setjast í borfar við þjöppun jarðvegs yfir rör utanhúss. Gæta skal að beygjuradíus rörs sé nægur til að ekki komi brot á það undir gólfplötu við frágang. Múrbrot og alla efnisafganga skal fjarlægja. Ekki er steypt í gat í sökkulvegg.

Þegar ídráttarröri er ýtt í gegnum borgat skal endi lokaður til að ekki komi óhreinindi inn í lögnum. Utanhúss skal ætíð hafa rörenda lokaða fram að tenginu við aðrar lagnir. Innanhúss skal verktaki ganga snyrtilega frá inntaki. Þegar inntak er inn úr vegg liggur plastkápan í gegnum vegginn. Þegar inntak kemur upp úr gólfi er plastkápan lögð í gegnum vegginn og upp úr gólfi.

Verktaki kemur fyrir ídráttarröri fyrir pexlagnir  $\varnothing 25\text{mm}$  eða  $\varnothing 32\text{mm}$  en fyrir DN32 stálrör og stærri er komið fyrir hné í plastkápu sem gengur gegnum sökkulvegg og upp úr gólfplötu.

Verktaki skal ganga vel um í húsum íbúa og ávallt þrifa vel eftir sig.

Allt efni til verksins skal samþykkt af verkkaupa og uppfylla kröfur um teygjanleika, endingu og þjálfni. Víða er hætta á vatnsprýstingi vegna jarðvatnsstöðu og skal sérstaklega tryggt að þéttiefni uppfylli slíkar kröfur og frágangur sé faglegur í samræmi við ýtrustu kröfur framleiðanda þéttiefnisins um hreinsun og meðhöndlun grunnefna og límflata.

### ***Magntölur og uppgjör:***

*Greitt er ákveðið einingarverð fyrir hvert inntak eftir gerð. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum.*

### **3.5.13.2 Endurnýjun heimalagna**

Endurnýja skal heimlagin í hús eins og sýnt er á teikningu eða umsjónarmaður verkkaupa ákveður. Ekki skal bora fyrir inntaki á nýjum stað ef hægt er að fara inn á gamla staðnum nema með samþykki umsjónarmanns verkkaupa. Ef inntaksstað er breytt þarf verktakinn að grafa niður á gamla inntakið við húsvegg, aftengja, fjarlægja inntak og steypa í gatið. Ef inntak er sett á nýjan stað skal fylgja verklýsingu um nýjar heimlagin. Starfsfólk Veitna mun sjá um að aftengja og tengja inntaksgrindur á ný. Verktaki skal tilkynna umsjónarmanni verkkaupa með minnst þriggja daga fyrirvara hvenær þarf að aftengja eða tengja.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingarverð fyrir hvert inntak eftir gerð. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum. Greitt er sérstaklega fyrir að grafa niður á inntak sem afleggst og aftengja það. Innifalið í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við verkið, m.a. að grafa niður á inntakið, brjóta inntaksrör úr vegg og steypa í gatið.*

## 3.6 RAFLAGNIR

### 3.6.1 Almennt

Verkið felst í að leggja lágspennustrengi, jarðvíra og ídráttarrör í skurði ásamt því að verja eldri lagnir. Sjá nánar á meðfylgjandi teikningum. Áður en framkvæmdir hefjast skal verktaki afla sér nákvæmra upplýsinga um legu strengjanna. Einnig skal verktaki með minnst viku fyrirvara óska eftir því við fageftirlitsmann Veitna að strengirnir verði gerðir spennulausir. Vert að geta þess að Veitur geta ekki rofið heimtaugar nema í stuttan tíma í einu. Meðan á framkvæmdatíma stendur þurfa strengirnir að vera rekstrarhæfir og þarf því að gæta að því að þeir verði ekki fyrir hnjaski. Verktaki sér um útdrátt lágspennustrengja og uppsetningu og niðurtekt tengiskápa en starfsfólk Veitna sér um alla tengivinnu. Starfsfólk Veitna sér um útdrátt háspennustrengja og alla tengivinnu.

### 3.6.2 Ídráttarrör

Verktaki skal leggja ídráttarrör eins og sýnt er á teikningum. Hnit á rörendum eru gefin upp til viðmiðunar. Frágangur röra skal vera í samræmi við LAV-860, staðalsnið rafmagns. Rör skulu ekki lögð í skurði fyrr en búið er að ganga frá hitaveitulögnum þ.e. að sjóða lagnir og ganga frá samskeytum.

Söndun röra skal vera í samræmi við leiðbeinandi kennisnið Veitna LAV-130 og LAV-860. Undir neðsta lag röra og yfir efsta lag röra skal leggja 100 mm þykkt sandlag, sem rétta skal af og þjappa áður en rörin eru lögð. Rörin skulu liggja í beinum línunum bæði í hæð og í plani. Bil á milli röra skal vera amk. 50 mm. Leggja skal gular plasthlífar ofan við rör þegar búið er að sanda og leggja skal aðvörunarborða 300 mm yfir plasthlífum.

Vanda skal samsetningu röra og gæta þess að hafa 2-10 mm bil milli rörenda og botns á múffu, hægt er að tryggja eðlilegt þenslubil með því að reka pípu í botn á múffu og draga það síðan örlítið til baka. Þessa skal sérstaklega gæta ef verið er að leggja rör í frosti.

Verktaki skal vanda lagningu röra og gæta þess vel að sandur eða óhreinindi fari ekki inn í rörin. Verktaki skal strax hreinsa sand og önnur óhreinindi úr rorum ef að þau hafa borist inn í þau og loka skal öllum ónotuðum endum sem fyllt er yfir með plastlokum.

Fageftirlitsmaður Veitna skal taka út frágang áður en sandað er yfir rör og tryggt skal að innmælingum á rorum og rörendum sé lokið.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingarverð á hvern lengdarmetra af röri eftir stærð sem lagt er í skurð. Einingarverð innifelur í sér lagningu röra, útsetningu skv. gögnum, samsetningu á rorum, frágang á beygjum ásamt lokun röra og smurningu í múffur ef til þarf.*

### 3.6.3 Tengiskápar

Ekki notað í þessu verkefni.

### 3.6.4 Jarðstrengir og jarðvírar

Verktaki skal draga út og leggja jarðstrengi og jarðvíra í skurði og draga í rör í samræmi við það sem kemur fram á verkeikningum. Jarðstrengi skal ekki leggja í skurði fyrr en búið er að ganga frá hitaveitulögnum, þ.e. að sjóða rör saman og krumpa yfir. Starfsfólk Veitna sér um útdrátt á háspennustrengjum

Jarðvír skal lagður í rás í skurðbotn áður en sandað er undir jarðstrengi og skal hulinn með mold eða leirjarðvegi sé þess kostur.

Lega strengja í skurði skal vera í samræmi við leiðbeinandi kennisnið Veitna LAV-130 og skal sérstaklega gætt að bili á milli strengja s.s. 100 mm á milli háspennustrengja og 70 mm milli lágspennustrengja, annars almennt jafnt þvermáli strengja.

Útdráttur jarðstrengja skal framkvæmdur í sem fæstum áföngum t.d. hver botnlangi í einum útdráttaráfanga og ekki dregnir út styttri strengir en sem nemur vegalengd á milli tengiskápa til að komast hjá óþarfa tengingum en náist það ekki þá skal óska eftir aðstoð Veitna til samtengingar. Starfsfólk Veitna sér um allar samsetningar á jarðstrengjum og á jarðvírurum.

Ekki má leggja strengi fyrr en búið er að sanda skurðbotn og strengi má aldrei draga á sandi eða í jarðvegi heldur skal nota viðurkenndan búnað til útlagnar eftir því sem við á, nota útdráttarhjól og útdráttarvagna. Jarðstrengir eru viðkvæmir og því er lögð áhersla á vandaða vinnu við lagningu þeirra. Verktakar geta fengið útdráttarvagna og útdráttarhjól leigða fyrir útdrátt strengja á daggjaldi hjá áhaldavörslu Veitna. Óska þarf eftir að leigja búnað með fyrirvara, þar sem kemur fram tímasetning og tímalengd leigu. Verkstjórar rafveitu meta hvort búnaður sé laus á þeim tíma sem óskað er eftir.

Þegar strengir eru dregnir í rör skal tryggja að þau séu hrein og laus við steinefni og öðru sem getur skaðað strengi og torveldað útdrátt.

Verktaki skal sjá til þess að jarðstrengir verði aldrei fyrir meira togi við útlögn eða ídrátt í rör en sýnt er í töflu í kafla 3.06 í leiðbeiningaskjali Vönduð meðferð lagnaefnis LAL-112 þar sem einnig kemur fram minnsti leyfilegi beygjuradíus og leyfilegt lágsta hitastig þegar unnið er við útdrátt strengja og tengingar. Ef strengir eru beygðir við of lágt hitastig er hættu á að skemmdir verði á hlífðarkápu.

Skemmdir og smá áverkar á hlífðarkápu jarðstrengs getur valdið því að vatn komist inn í strenginn. Vatnið veldur niðurbroti á einangrun strengsins, sem leiðir síðar til bilunar svo og rýrnunar á endingartíma hans. Valdi verktaki skemmdum eða áverkum á streng við útlögn skal það tafarlaust tilkynnt og fageftirlitsmaður Veitna mun meta hvað gera skal.

Leggja skal rauðar plasthlífar ofan við háspennustrengi en gular ofan við lágspennustrengi þegar búið er að sanda yfir strenglagnir. Leggja skal aðvörunarborða ca. 300 mm yfir plasthlífum.

Á verkmörkum skal ganga frá strengendum og strenghönkum í samráði við umsjónarmann verkkaupa.

Fageftirlitsmaður Veitna skal taka út strenglagnir áður en sandað er yfir þær og tryggt skal að innmælingum á strengjum sé lokið.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingarverð á lengdarmetra strengja og jarðvíra sem lagðir eru í skurði, dregnir í ídráttarör og hringaðir í hankir, samkvæmt mælingu á staðnum. Innifalið í einingarverði skal vera m.a. merking á strengjum ásamt frágangur á herpihólkum.*

### 3.6.4.1 Frágangur ótengdra strengenda

Skammhleypa skal öllum ótengdum strengendum. Skammhleyping strengja skal framkvæmd af kunnáttumanni sem skilgreindur er af rafverktaka verksins. Strengir sem eru með leiðarapversnið 25mm<sup>2</sup> og stærra skal skammhleyppt með þar til gerðum skammhleypinagla. Strengir með minna leiðarapversnið en 25mm<sup>2</sup> skal skammhleyppt þannig að leiðarar eru afeinangraðir og leiðarar snúnir saman. Eftir að strengjum hefur verið skammhleyppt skal verktaki loka strengendum með endahettu þannig að ekki komist vatn inn í strengi. Fageftirliti Veitna skal gefin kostur á því að taka út skammhleypingu áður en strengendum er lokað.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er einingarverð fyrir hvern strengenda sem er skammhleyppt og lokað með endahettu*

### 3.6.5 Fjarlægja eldri strengi

Alla eldri strengi sem koma í ljós við gröft og afleggjast, skal fjarlægja og farga á viðurkenndum urðunarstað. Hafa skal samráð við fageftirlitsmann Veitna um strengi sem afleggjast.

Starfsfólk Veitna sér um aftengingar á strengjum og tryggja að þeir séu spennulausir.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið verð á lengdarmetra strengja fyrir að fjarlægja strengi og farga. Innifalið skal allt til að fullgera verkþáttinn samkvæmt verklýsingu.*

### 3.6.6 Heimlagnir

Ídráttarrör fyrir heimlagnir skulu lögð órofin frá götuæð og inn í inntaksrými. Verktaki skal sjá um að koma fyrir ídráttarrörum inn í inntaksrými. Ýmist þarf verktaki að bora fyrir nýjum rörum eða tengja við rör sem fyrir eru. Ekki skal bora fyrir rörum á nýjum stað ef hægt er að fara inn á gamla staðnum nema með samþykki umsjónarmanns verkkaupa. Inntök í hús eru annað hvort inn úr vegg eða upp úr gólfi. Umsjónarmaður verkkaupa sker úr um hvaða gerð er notuð á hverjum stað og er nánari útfærsla sýnd á teikningum.

Áður en borað er fyrir ídráttarröri skal verktaki afla sér upplýsinga um það hvort aðrar lagnir séu í gólfi eða vegg þar sem bora á. Skal hann sýna fyllstu aðgát við borun og gæta þess að valda ekki tjóni á lögnum. Við borun skal verktaki gæta þess að brjóta ekki úr veggjum þegar borinn gengur út. Tryggt skal við framkvæmd að ekki verði skemmdir á frágangspáttum einangrunar og þéttinga sem rofin eru með kjarnaborun.

#### **Inntak í gegnum vegg**

Bora eða kjarnabora skal gat innanfrá og skal það halla minnst 20° niður á við út. Gat skal vera a.m.k. 20 mm víðara en þvermál rörs sem þrætt er í það. Hreinsa skal allt ryk úr gati og þurrka gat áður en rör er dregið í. Draga skal rör í gatið með fjarlægðarklossum þannig að það sé í miðju gati. Þetta skal vel í kringum rör að utan með kíttri, sem umsjónarmaður verkkaupa samþykkir, þannig að kíttrið fari 70-100 mm inn í vegginn allt í kringum rörið. Brjóta skal spöng við efri brún borgats utanvert þannig að úttak rörs sé beygt í mjúkri beygju við frágang þéttinga. Beygja á röri við ytri brún veggjar skal gefa röri möguleika á að setjast í borfar við þjöppun jarðvegs yfir rör utanhúss. Gera skal við vegg að innanverðu og ganga snyrtilega frá. Alla efnisafganga skal fjarlægja.

**Magnbólur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingarverð fyrir hvert inntak eftir gerð. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkiðnum.*

## 3.7 GÖTULÝSING

### 3.7.1 Almennt

Verkið felur í sér að leggja ídráttarrör, jarðvíra og jarðstrengi fyrir götulýsingu ásamt því að reisa götuljósastaura sem og að sjá um samtengingu á öllum strengjum og tengingu vartengiboxa ásamt uppsetningu ljósbúnaðar og skila götuljósakerfinu tilbúnu til rekstrar.

Verktaka er óheimilt að rjúfa götuljóskerfið sem tengja á inn á og sem unnið er við á verktímanum. Verktaki á vegum verkkaupa mun sjá um aftengingar á núverandi kerfi og spennusetningu eftir úttekt.

Verkið skal vera í umsjá og á ábyrgð löggilts rafverktaka og skal hann hafa umsjón með allri lagna og tengivinnu og í lok verks skal taka verkið út af löggiltri skoðunarstofu.

Í grein 0.5.2 í útboðslýsingu er tilgreint það efni sem verkkaupi leggur til. Innifalið í öllum verkiðum er að sækja efni á afhendingarstað og flytja það á verkstað ásamt geymslu og gæslu þess á verkstað.

Verktaki leggur til plasthlífar og aðvörunarborða og skal efnisverð vera innifalið í jarðvinnuliðum. Leggja skal gular plasthlífar 140-250 mm breiðar ofan við hlífðarrör og jarðstrengi þegar búið er að sanda yfir strenglagnir og leggja skal aðvörunarborða um 300 mm yfir plasthlífum, sjá almenn þversnið. Viðvörunarborði skal vera þunnur plastborði ætlaður til niðurlagningar í jörð með áletruninni "AÐVÖRUN RAFMAGNSJARÐSTRENGUR" eða annarri sambærilegri.

Ekki má leggja lagnir, strengi og rör, í skurði fyrr en búið er að ganga frá hitaveitulögnum ef við á, þ.e. að sjóða lagnir og ganga frá samskeytum.

Verkkaupi verður með sérstakan fageftirlitsmann á verkinu og er verktaka skylt að ráðfæra sig við hann um allt er viðkemur efnissamþykktir, frágangi á búnaði og fá samþykki hans fyrir því sem gert verður. Allt efni skal vera viðurkennt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

### 3.7.2 Ídráttarrör

Verktaki skal leggja til ídráttarrör eins og sýnt er á teikningum. Hnit á rörendum eru gefin upp til viðmiðunar. Frágangur röra skal vera í samræmi við almenn þversnið rafmagns. Rör skulu ekki lögð í skurði fyrr en búið er að ganga frá hitaveitulögnum þ.e. að sjóða lagnir og ganga frá samskeytum.

Verkþátturinn innifelur 50 mm hlífðarrör og allt efni og alla vinnu við lagn þeirra. Staðsetning röra er sýnd á teikningum.

Hlífðarrör skulu vera PE rör slétt að innan og með stífleika í flokki SN8 (8 kN/m<sup>2</sup>) eða SDR11.

Hnit á rörendum eru gefin upp til viðmiðunar. Frágangur röra skal vera í samræmi við LAV-130. Undir neðsta lag röra skal leggja 100 mm þykkt sandlag, sem rétta skal af og þjappa áður en rörin eru lögð. Rörin skulu liggja í beinum línum bæði í hæð og í plani. Bil á milli röra skal vera amk. 50 mm.

Verktaki skal vanda lagningu röra og gæta þess vel að sandur eða óhreinindi fari ekki inn í rörin. Verktaki skal strax hreinsa sand og önnur óhreinindi úr rörum ef að þau hafa borist inn í þau. Skilja skal eftir snæri til ídráttar í rörum og loka skal öllum ónotuðum rörendum sem fyllt er yfir með plastlokum.

Vanda skal samsetningu röra ef þörf er á því og gæta þess að hafa 2-10 mm bil milli rörenda og botns á múffu, hægt er að tryggja eðlilegt þenslubil með því að reka pípu í botn á múffu og draga það síðan örlítið til baka. Þessa skal sérstaklega gæta ef verið er að leggja rör í frosti.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingarverð á hvern lengdarmetra af röri sem lagt er í skurð samkvæmt mælingu á staðnum. Einingarverð innifelur í sér m.a. allt efni, lagningu röra, útsetningu skv. gögnum, samsetningu á rörum, frágang á beygjum ásamt lokun röra og smurningu í múffur ef til þarf.*

### **3.7.3 Jarðstrengir**

Verktaki skal draga út og leggja jarðstrengi í skurði og draga í rör í samræmi við það sem kemur fram á verkeikningum. Lega strengja og bil milli lagna í skurði skal vera í samræmi við almenn þversnið LAV-130.

Jarðstrengi skal ekki leggja í skurði fyrr en búið er að ganga frá hitaveitulögnum, þ.e. að sjóða rör saman og krumpa yfir.

Við útdrátt jarðstrengja skulu strengir vera heildregnir og samsetningar skulu vera sem fæstar. Verktaki skal hafa náð samráð við eftirlitsmann um útlögn strengja og hlíta fyrirmælum hans í einu og öllu.

Verkliðurinn innifelur jarðstrengi vegna götu- og gangstéttalýsingar og allt efni og alla vinnu við lögnum þeirra.

Jarðstrengirnir skulu vera framleiddir í samræmi við gildandi staðla og hannaðir til lagningar í jörð, rör og vatn. Strengir skulu vera af mjúkri gerð og meðfærilegir til að auðvelda vinnu við tengingar. Efnisgæði skal staðfesta með efnisvottorði framleiðanda og skulu strengir almennt uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Gerð kápu PE
- Einangrun leiðara XLPE
- Efni leiðara Cu, fápættur
- Skerming Eirþræðir
- Málsþenna 0,6/1,0 kV
- Þolsþenna 2,5 kV

Ekki má leggja strengi fyrr en búið er að sanda skurðbotn og strengi má aldrei draga á sandi eða í jarðvegi og gæta skal vel að engir steinar eða aðrar hindranir séu með skörpum brúnum á lagnaleið.

Lega strengja í skurði og fjarlægð frá öðrum lögnum í sama skurði skal vera í samræmi við leiðbeinandi þversnið Veitna LAV-130 og skal sérstaklega gætt að hafa bil á milli lágspennustrengja amk. jafnt þvermáli strengja. Vanda skal lagningu strengja við þveranir á öðrum lögnum í skurðum og tryggja að að dýpt á strengi sé ávallt amk. 700 mm, frá endanlegu jarðvegsyfirborði.

### Útdráttur:

Skipuleggja þarf vel útdrátt jarðstrengja og útdráttur skal framkvæmdur í sem fæstum áföngum og hægt er og ekki dregnir út styttri leiðir en sem nemur vegalengd á milli staura til að komast hjá óþarfa tengingum.

Skoða skal strengkefli hvort sýnilegar skemmdir séu á kápu jarðstrengja áður en dregið er út. Fyrir strengi sem eru 50mm<sup>2</sup> og grennri er heimilt að nota t.d. segulnagla og draga út á höndum ef það er gert varlega. Passa skal að strengir nuddist ekki við skarpar brúnir og steina við útdrátt og gæta skal að það snúist ekki upp á strengi við útdrátt. Við lengri útdrátt getur þurft að nota trissur/útdráttarhjóll sem strengurinn hvílir til að hindra núning við sandundirlag og koma í veg fyrir skemmdir á ytri kápu strengja á.

Snúningsátt útdráttar á jarðstreng skal vera mótlæg við veltistefnu keflis samanber ör fyrir veltistefnu keflis sem merkt á því.

### Togþol og beygjuradíus:

Gæta skal sérstaklega að hámarkstogþoli jarðstrengja við útdrátt en það gefið upp á upplýsingablöðum frá framleiðanda og oft er það skráð utan á keflunum fyrir viðkomandi streng. Þar sem ekki eru til uppgöfin gildi fyrir hámarkstogþol er hægt að notast við neðangreinda reikniforsendu þegar fest er í leiðarana eða notaður útdráttasokkur.

Strengur með álleiðurum : 30 x  $\rho$  (N)

Strengur með koparleiðurum: 50 x  $\rho$  (N)

$\rho$  = Leiðarapversnið í mm<sup>2</sup>

Útdráttur strengja skal vera með jöfnum hraða til að koma í veg fyrir að rykkt sé í strenginn. Verktaki skal geta sýnt fram hvaða togkraftar eru notaðir við útdrátt ef eftir því er kallað.

Lögð er áhersla á að tryggja lágmarksbeygjuradíus á jarðstrengjum til að lágmarka áraun á einangrun og kápu strengsins. Ef þessar upplýsingar liggja ekki frá framleiðanda má miða við 8 x D þ.s. D er þvermál ytri kápu jarðstrengs.

### Hitastig:

Fara þarf sérstaklega varlega með jarðstrengi þegar kalt er úti og lágmarksútihiti við útdrátt strengja sem eru með PEX/XPLE einangraðir með PE kápu er -10 °C. Ef að útdráttur jarðstrengja er unnin við 0 °C og lægri útihita þarf að geyma keflið áður en dregið er út í upphituhu rými í amk. einn sólarhring og vanda þarf sérstaklega meðhöndlun strengja.

### Frágangur:

Þar sem jarðstrengslagnir enda og á verkörkum, skal gert ráð fyrir nægilegri lengd af streng til þess að ganga frá tengingu strenglagnar við endabúnað, t.d. í næsta staur eða skáp. Strengir og jarðvír skulu dregnir inn um strengop á ljósastaur og skulu ná 300 mm upp fyrir efri brún á tengiopi staura. Auk þessa skal gert ráð fyrir hæfilegri umframlengd sem grafin verði niður í bugðu við tengistað og grafa má upp ef færa þarf upp á strenginn síðar, t.d. vegna bilunar í endabúnaði. Haft skal samráð við eftirlitsmann þegar ákvarða á umframlengd vegna þessa og frágang. Á verkáfangamörkum og á keflum skal loka öllum strengendum með herpihólk þannig að ekki komist vatn inn í strengi.



Þegar strengir eru dregnir í rör skal tryggja að þau séu hrein og laus við steinefni og öðru sem getur skaðað strengi og torveldað útdrátt. Við rörenda, þar sem strengur fer inn í eða kemur út úr röri skal ganga frá jarðstrengjum á varanlegan hátt þannig að hann liggji ekki í brún rörsins og kápa hans geti skemmt. Þegar strengur hefur verið dreginn í rör skal loka rörendum með viðurkenndu þéttiefni eða límbandi, þannig að vatn og jarðvegur komist ekki inn í rörið.

Eftirlitsmaður skal taka út strenglagnir áður en sandað er yfir þær og tryggt skal að innmælingum á strengjum sé lokið áður en sandað er yfir.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingarverð á lengdarmetra jarðstrengja sem lagðir eru í skurði, dregnir í hlífðarrör, hringaðir í hankir og merking á strengjum, samkvæmt mælingu á staðnum. Innifalið í einingarverði skal vera allt efni m.a. endahettur, þéttiefni fyrir fyrir rörenda, allt fullfrágengið, bæði efni og vinna.*

### **3.7.4 Ekki notað í þessu verkefni**

### **3.7.5 Niðurtekt og uppsetning núverandi ljósastólpa**

Verktaki skal taka niður núverandi ljósastólpa og ljósbúnað samkvæmt tilboðsskrá og eins og sýnt er á teikningum og í fullu samræmi við umsjónarmann verkkaupa. Þeir núverandi ljósastólpar sem taka skal niður eru nr. 233, 234 og 79846. Þá skal verktaki einnig taka niður götuljósastólpa nr. 66660 og setja upp að nýju samkvæmt nýrri staðsetningu. Starfsmenn á vegum verkkaupa sjá um að aftengja götuljósakerfi áður en verktaki hefur framkvæmdir. Nýtanlega ljósastaura skal varðveita á verkstað eða flytja á geymslusvæði verkkaupa. Ónýtum staurum skal fargað á viðurkenndum förgunarstað.

Verktaki skal taka niður og flytja á brott af verkstað ljósastaura ásamt lömpum, umferðarljósum og umferðarskiltum á þeim samkvæmt tilboðsskrá og eins og sýnt er á teikningum. Lampa, umferðarljós og umferðarskilti skal fjarlægja af staurum fyrir flutning. Verktaki skal gæta þess að staurar, lampar, umferðarljós, umferðarskilti og annað efni, sem tekið er niður og er nýtanlegt aftur, verði ekki fyrir skemmdum við niðurtekt og flutning. Verktaki skal, áður en staurunum verður komið fyrir til geymslu, auðkenna staurana með varanlegu merki. Á merkinu skal koma fram auðkennisnúmeri staura, t.d. núverandi númeri, sem kemur fram á teikningum. Verktaki skal flytja staur, og ljósbúnað, sem tekinn verður niður, til varðveislu á Þjónustumiðstöð Vegagerðarinnar að Suðurhrauni 3. Verktaki skal hafa samráð við umsjónarmann verkkaupa um frágang staura, lampa og annars búnaðar, sem varðveita skal. Það efni sem til fellur við niðurrif og ekki er endurnýtanlegt eða fer í geymslu, skal verktaki fjarlægja af verkstað og láta farga á sinn kostnað.

Taka skal staura niður eins og teikningar sýna og eftir því, sem verki miðar og í fullu samráði við umsjónarmann verkkaupa. Miða skal við að eldri staurar standi virkir þar til rafmagn er komið á nýju staurana, þannig að þeir nýtist sem vinnulýsing. Þar sem staðsetning eldri staura skarast við nýjan staura, skal færa eldri staurinn í samráði við umsjónarmann verkkaupa og nota sem vinnulýsingu meðan á framkvæmd stendur. Áður en vinna við niðurtekt staura hefst, skal verktaki óska eftir því við umsjónarmann verkkaupa, að strengir í lögninni séu gerðir spennulausir og aftengdir í spennistöð eða götuskáp eftir atvikum. Ósk um aftengingu skal gerð með minnst þriggja virkra daga fyrirvara. Verktaki skal sannreyna að lögn að staurum, sem taka á niður, sé spennulaus áður en niðurtekt staura og vinna við strengi hefst.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt verður ákveðið einingaverð fyrir hvern (stk) niðurtekinn ljósastaur. Innifalið í einingaverði niðurtektar staura skal vera allt efni og öll vinna, sem þarf til að grafa í kringum staur, aftengja hann, taka hann niður, fjarlægja skilti og lampa af staur, merkja hann og ganga frá staur og lampa tilbúnum til geymslu. Flutningur af staðnum er innifalinn í verði á niðurtekt staura og lampa ásamt því að koma þeim fyrir til geymslu.*

### **3.7.6 Uppsetning nýrra ljósastólpa**

Verkliðurinn innifelur að leggja til og reisa götuljósastaura vegna götu- og gangstéttalýsingar og alla vinnu við frágang þeirra.

Staurar skulu vera kónískir og stærð á tengiopi skal vera að lágmarki 500mm á hæð og 87 mm á breidd. Botnplata, krókar og lok fyrir tengiop ásamt nauðsynlegum fylgihlutum skulu fylgja með í verði staura.

#### **Efniskröfur fyrir ljósastaura en fyrir þá gilda eftirfarandi staðlar:**

ÍST EN 1991, Eurocode 1: Actions on structures

ÍST EN 1991 / NA:2010 (The Icelandic National Annex to ÍST EN 1991)

ÍST EN 40, Lighting columns

Staurar skulu vera CE vottaðir og þeim fylgja framleiðsluvottorð.

Staurar skulu standast vindálag í samræmi við ÍST EN 1991 / NA:2010, sem er  $V_{b,0} = 36$  m/s.

Reikna skal með flatarmáli ljósbúnaðar, 0,15 m<sup>2</sup>.

Reikna skal með þyngd ljósbúnaðar, 15 kg.

Reikna skal með álagsstuðli úr flokki B í ÍST EN 40-3-3:2013, part 5.4, table 1, sem er 1,2 fyrir vindálag og 1,2 fyrir eigið álag.

Reikna skal með að mesta lárétta útbeygja verði  $\leq$  flokkur 2 í samræmi við ÍST EN 40-3-3:2013, part 6.5.1, table 4, sem er 0,06 (h + w).

Allir stálhlutar ljósastaura skulu vera heitgalvanhúðaðir með sinkhúð í samræmi við

ÍST EN ISO 1461. Í samræmi við töflu 3 í ÍST EN ISO 1461 miðast meðalþykkt sinkhúðarinnar við efnisþykkt þess stálhlutar sem á að húða og skal að lágmarki vera:

Efnisþykkt (mm)	Lágmarks meðalþykkt sindhúðar (µm)
> 6 mm	85
> 3 mm til ≤ 6 mm	70
≥ 1,5 mm til ≤ 3 mm	55
< 1,5 mm	45

Leggja skal fram gögn til umsjónarmanns verkkaupa til samþykktar fyrir innkaup.

Staðsetning götuljósastaura kemur fram á teikningum. Hnit eru gefin upp fyrir miðju staura.

Við reisingu skal gæta þess að ekki verði skemmdir á staurunum og skal verktaki hafa fullt samráð við eftirlit við tilhögun reisingar, svo sem um val á stroffum sem notaðar verða til að reisa staurinn. Ef skemmdir verða á yfirborði stausins skal verktaki lagfæra þær í samráði við eftirlit. Þjónustuop staura skal snúa undan akstursstefnu.

Við uppsetningu staura skal verktaki þræða jarðstrengi inn um ídráttaop og út um tengiop staura og skulu strengir ná 300 mm upp fyrir efri brún á tengiopi. Strengir skulu allir þræddir inn í sama strenggat á staurnum. Mynda skal einn hring á streng utan við ídráttarop staura til að eiga slaka þar sem strengir sem komnir eru inn í staura dragast oft niður við þjöppun í kringum staurana. Til þess að hlífa strengjum í tengiopi staura skal verktaki þræða 1,5 m PEH pípu upp á strengenda sem hæfir þvermáli strengs.

Eftir uppsetningu skulu staurar ekki halla meira en 0,5° frá lóðlínu eða að toppur staus sé minna en 50 mm frá lóðlínu. Mesta frávik í hæð vera ± 40 mm.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt verður ákveðið einingaverð fyrir hvern (stk.) uppsettan ljósastaur. Innifalið í einingarverði staura skal vera allt efni og öll vinna, sem þarf til að koma staur fyrir í undirstöðu, reisa, setja T-stykki, ganga frá honum tilbúnum til tengivinnu og uppsetningar á rafbúnaði. Ídráttur strengja í staur, hlífðarrör og flutningur á staðinn skal vera innifalinn í einingarverði.*

### **3.7.7 Steyptar undirstöður**

Verktaki skal framleiða steyptar undirstöður fyrir ljósastaura og setja niður í eða á stétt samkvæmt teikningum.

Undirstöður eru steinsteyptar og járnbenar. Undirstöður skal forsteypa og er verktaka ekki heimilt að nota vinnusvæði eða aðstöðu á verkstað til að forsteypa undirstöður. Verktaka er heimilt að innsteypa króka til hífingar í samráði við eftirlitsmann.

Undirstöður skulu settar á fullfrágengna hellulögn.

Undirstaða fyrir ljósastólpa: 1100×1100×250 mm.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið verð fyrir rétt staðsetta fullfrágengna undirstöðu af ákveðinni stærð samkvæmt verklýsingu og teikningum. Innifalið í einingarverði skal vera framleiðsla og flutningur undirstöðu á verkstað og allur kostnaður við flutning á undirstöðunni innan vinnusvæðis.*

### **3.7.8 Fjarlægja eldri strengi**

Alla eldri strengi sem koma í ljós við gröft og afleggjast, skal fjarlægja og farga á viðurkenndum urðunarstað/vinnusvæði. Unnið skal í samráði við fageftirlitsmann ON.

Starfsmenn ON sjá um aftengingar á strengjum og tryggja að þeir séu spennulausir.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið verð á lengdarmetra strengja fyrir að fjarlægja strengi og farga. Innifalið skal allt til að fullgera verkþáttinn samkvæmt verklýsingu.*

### 3.7.9 Ídráttarbrunnur

Verktaki skal útvega og grafa fyrir ídráttarbrunnum á þeim stöðum sem sýndir eru á uppdráttum. Fylla skal að brunnum þjappalegu fyllingarefni, sem vélþjappast í mest 0,3m lögum. Brunnar skulu vera í sömu hæð og endanlegt yfirborð vallar. Brunnar skulu vera 600mm brunnar, 600mm að dýpt, með stálloki. Brunnur skal vera með dreni í botni. Brunnar þessir eru fyrir lagnir vegna götu- og umhverfislýsingar.

*Magntölur eru stykki talin af teikningum. Innifalið skal vera fullnaðarfrágangur þ.m.t. útvegum, uppsetning og frágangur, þar með talið gröftur, niðursetning, ásamt fyllingu að þeim, bæði efni og vinna.*

### 3.7.10 Ljósbúnaður

Verktaki sér um uppsetningu ljósbúnaðar á götuljósastaura samkvæmt teikningum. Allan ljósbúnað skal geyma í lokaðri geymslu og skal ekki opna ljósbúnað vegna ábyrgðarskilmála.

Verkkaupi útvegar ljósbúnað á götuljósastaura samkvæmt grein 0.5.2. Verktaki geymir, setur upp og tengir ljósbúnað. Ljósbúnaður kemur með fortengdum streng, 3x1,5 mm<sup>2</sup> með tvöfaldri einangrun sem verktaki skal þræða niður að tengibúnaði ljósastaura

Þegar verktaki hefur mótttekið ljósbúnað eru hann að fullu á hans ábyrgð og skal hann koma þeim fyrir í tryggri læstri geymslu, þangað til að uppsetningu þeirra kemur.

Gæta skal að öryggi við vinnu við uppsetningu á ljósbúnaði og nota viðurkenndan búnað við vinnu s.s. körfubíl og öryggisbúnað en gera má ráð fyrir að þyngd lampa sé á bilinu 7-10 kg.

Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda varðandi uppsetningu og festingu ljósbúnaðar á staura og gæta skal sérstaklega að herslu á boltum við staur og nota skal átaksmæli við herslu. Stillingar á halla lampans skal vera í samræmi við lýsingarútreikninga framleiðanda lampanna. Halli lampa skal vera 0 ° nema annað komi fram

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingarverð (stk.) fyrir hvern uppsettan ljósbúnað. Innifalin er öll vinna við uppsetningu ljósbúnaðar á topp ljósastaur og þræða streng niður, sækja efni, geymsla á efni og annað sem þarf til samkvæmt verklýsingu.*

### 3.7.11 Tenging í ljósastaurum

Verkliðurinn innifelur spennujöfnun og frágang á vartengiboxi í götuljósastaur og allt efni og alla vinnu við tengingu og frágang þeirra.

Vartengibox:

Í alla götuljósastaura skal koma fyrir vareiningu ásamt vörum með vari fyrir lampa samkvæmt tengimyndum á teikningum. Vareiningin skal vera með tveimur varhöldum í lokuðu boxi með tvöfaldri einangrun í varnarflokki að lágmarki IP44. Verktaki skal leggja til raðtengi og slaufutengi og annað nauðsynlegt efni til frágangs á strengjum. Ganga skal frá nipplum að ofanverðu, toga þá til baka, þ.a. ekki sé hætta að vatn safnist fyrir.

Verktaki skal koma vareiningu fyrir í tengiopi og gæta þess að strengir séu hafðir nógu langir þannig að hægt sé að taka vareininguna út úr tengiopi til að tengja hana.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið stykkjaverð (stk.) fyrir hvern staur sem er spennujafnaður og fulltengdur með vartengiboxi. Innifalið í einingarverði skal vera m.a. allt efni og vinna sem þarf til að fulltengja hvern staur samkvæmt verklýsingu.*

### 3.7.12 Prófanir, úttekt og viðtaka

Þegar götuljósakerfið er tilbúið til viðtöku skal verktaki, hafi hann gert breytingar á verkinu sem eftirlitsmaður verkkaupa hefur samþykkt, afhenda verkkaupa teikningar sem sýna allar breytingar sem gerðar hafa verið á teikningum kerfisins og verða þær notaðar við gerð reyndarteikninga.

Einangrun hvers leiðara fyrir sig í strengnum skal prófuð til jarðar með megger, 500 V eða 1000 V, meðan aðrir leiðarar í strengnum skulu vera jarðbundnir.

Ef prófun þarf að fara fram út í skurði skal skilja þá eftir opna ca. 1-2 m við mælistaði til að meðhöndla strengina fyrir mælingar. Verktaki skal sjá til þess að mælistaður sé þurr og ekkert vatn safnist fyrir í þeim og dæla úr vatni ef þörf krefur.

Einangrunarviðnám skal vera hærra en 1 Mohm til að strengur og tenging standist úttekt.

Við verklok skal verktaki tilkynna verkið til úttektar hjá faggiltri skoðunarstofu og skal skila niðurstöðu úttektar til eftirlitsmanns verkkaupa. Ef faggilt skoðunarstofa sendir bréf með ábendingum eða beiðnum um úrbætur skal verktaki senda verkkaupa afrit af því. Verktaki skal framkvæma ábendingar og úrbætur þessar verkkaupa að kostnaðarlausu.

Þegar úttekt er lokið þá skal virkniprófa kerfið í samráði við eftirlitsmann verkkaupa og þegar hann hefur samþykkt niðurstöður hefst ábyrgðartími verktaka á verkinu. Ekki verður skrifað upp á viðtöku fyrr en öll gögn frá verktaka hafa verið afhent.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er heildarverð (stk.) fyrir prófanir og mælingar verktaka, úttekt hjá faggiltri skoðunarstofu, virkniprófun og afhending til verkkaupa.*

## 3.8 RAFKERFI VEGNA SNJÓBRÆÐSLU

### 3.8.1 Almennt

Verkið fellst í að útvega, setja upp og ganga frá að fullu öllum raflögnum samkvæmt eftirfarandi lýsingu. Verkið inniheldur m.a. eftirfarandi verkþætti:

Lágspenna:

- 1) Tengiskápur og rafbúnaður í tengiskáp
- 2) Rör og strengir

Verktaki skal leggja raflagnir og framkvæma þá vinnu sem lýst er í verklýsingu þessari og á teikningum. Verktaki skal leggja til og kosta alla vinnu, efni og tæki sem til verksins þarf til þess að skila verkinu fullunnu og tilbúnum til notkunar. Þetta gildir nema annað sé sérstaklega getið í verklýsingu þessari eða á teikningum.

#### **Reglugerðir og vinnubrögð**

Allt efni, vinna og frágangur skal vera 1. flokks og uppfylla ákvæði reglugerða Orkuveitu Reykjavíkur (OR), HMS og ÍST200. Raflagnaefni og búnaður þess, skulu samþykktir

af raffangaprófunum sem Mannvirkjastofnun viðurkennir. Um reglugerðir o.þ.h. vísast að öðru leyti til hinna almennu tilboðs- og útboðsskilmála í útboðslýsingu.

Verktaki sem tekst þetta verk á hendur, ber fulla ábyrgð á því gagnvart verkkaupa og OR. Verktaki skal tilkynna verkið til OR.

Allt raflagnaefni og rafbúnaður skal fullnægja staðli CEE og IEC.

#### Eftirlit

Verkkaupi hefur sérstakan eftirlitsmann með verki verktaka og skal verktaki í einu og öllu framkvæma verkið í samráði við verkkaupa eða eftirlitsmanni hans og tilkynna um lok eftirfarandi verka, með nægum fyrirvara, sem hér segir:

- a) Lagningu pípa
- b) Ídráttartaugar
- c) Verkið tilbúið til úttektar

Rafverktaki skal vera skuldbundinn samræmingu byggingarstjóra á vinnu verktaka.

Ber verktaka að leitast við að ljúka þeim áföngum síns verks, sem binda aðrar framkvæmdir við undirgöngin, þannig að **ekki** standi á raflögnum.

#### Úttekt

Verktaki skal sannprófa að verkinu fullunnu, að allar raflagnir séu samkvæmt teikningum og að öll rafmagnsrör séu með ídráttartaug. Prófanir skulu gerðar í samráði við eftirlitsmann verkkaupa.

#### Upplýsingar og uppdrættir

Allir uppdrættir eru táknrænir og sýna í aðalatriðum hvers óskað er. Verktaki skal kynna sér alla uppdrætti og verklýsingar og annast samræmingu ef nauðsyn krefur. Beri verklýsingu og teikningum ekki saman, skal verkkaupi ákvarða, eftir hverju skal fara. Fá skal samþykki verkkaupa eða umsjónarmanns hans fyrir öllum frávikum frá uppdráttum.

Verktaki skal færa inn á teikningar allar breytingar, sem gerðar eru eftir að verkið er hafið og skila verkkaupa einu eintaki af leiðréttum teikningum. Gæði leiðréttinganna þarf að vera sú sama og sjálfra teikninganna þ.e. allar línur gerðar með reglustiku en í rauðum lit. Verktaki skal útvega upplýsingar um allan búnað, sem hann leggur til í verkið og afhenda verkkaupa.

#### Magntaka

Allar magntölur skal líta á sem leiðbeinandi.

Allur kostnaður við fullnaðarfrágang skal vera innifalinn í einingarverði. Magntölur eru leiðbeinandi "netto"-magn (stk.metrar o.s.f.v), mælt af teikningum, en afskurður, rýrnun og allt tengingar- og lagnaefni sem þarf til að verkið verði fullfrágengið, skal vera innifalið í einingarverðum.

### **3.8.2 Rafbúnaður í skáp fyrir snjóbræðslu**

Verktaki skal útvega og koma fyrir þeim búnaði og tækjum sem sýnd eru á uppdráttum og/eða er getið í lýsingu þessari. (Skulu þeir vera vel rúmír og skal vera tiltölulega auðvelt að bæta í þá ef á þarf að halda síðar). Núll og jarðskinnur skulu settar, eftir því sem við á, miðað við þann búnað, sem tengja þarf. Ekki skal setja nema eina taug

undir hverja skrúfu núll og jarðskinna. Innifalið skal vera festingar, tengingar, merkingar, strengskór og annað sem til tengingar þarf.

Gera skal ráð fyrir að allur rafbúnaður og stjórnbúnaður lýsingar komi í plastkassa sem komið verði fyrir í tengiskáp heimtaugar. Plastkassi skal vera af varnarflokki IP54 eða betra. Með tengikassa skal fylgja raðtengi og DIN skinna fyrir allan rafbúnað.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Magntölur eru tilgreindar í stykkjum. Innifalið er útvegur, uppsetning, tenging og fullnaðarfrágangur á öllum rafbúnaði þ.m.t. stjórnbúnaður fyrir lýsingu ásamt plastkassa, einnig allar tengiklemmur, DIN skinnur, raðklemmur og taugarennur. Einnig öll víring, merkingar og hersla, allt fullfrágengið og tilbúið til notkunar.*

#### **3.8.3 Mælakassi**

Verktaki skal útvega og koma fyrir mælakassa í tengiskáp fyrir snjóbræðslu. Stærð á skáp 560x380x130mm. Með loki, nipplum, mælaspjaldi og raðtengjum. Mælakassi til viðmiðunar Fibox PC582513F

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Magntölur eru tilgreindar í stykkjum. Innifalið í einingarverði fyrir mælakassa skal vera uppsetning, tenging og fullnaðarfrágangur. Allt uppsett, fullfrágengið og tilbúið til notkunar, bæði efni og vinna.*

#### **3.8.4 Jarðstrengir**

Verktaki skal draga út og leggja jarðstrengi í skurði og draga í rör í samræmi við það sem kemur fram á verkeikningum. Lega strengja og bil milli lagna í skurði skal vera í samræmi við almenn þversnið LAV-130.

Við útdrátt jarðstrengja skulu strengir vera heildregnir og samsetningar skulu vera sem fæstar. Verktaki skal hafa náíð samráð við eftirlitsmann um útlögn strengja og hlíta fyrir mælum hans í einu og öllu.

Verkliðurinn innifelur jarðstrengi vegna hleðslustöðva.

Jarðstrengirnir skulu vera framleiddir í samræmi við gildandi staðla og hannaðir til lagningar í jörð, rör og vatn. Strengir skulu vera af mjúkri gerð og meðfærilegir til að auðvelda vinnu við tengingar. Efnisgæði skal staðfesta með efnisvottorði framleiðanda og skulu strengir almennt uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Gerð kápu PE
- Einangrun leiðara XLPE
- Efni leiðara Cu, fápættur
- Skerming Eirþræðir
- Málspenna 0,6/1,0 kV
- Polspenna 2,5 kV

Ekki má leggja strengi fyrir en búið er að sanda skurðbotn og strengi má aldrei draga á sandi eða í jarðvegi og gæta skal vel að engir steinar eða aðrar hindranir séu með skörpum brúnum á lagnaleið.

Lega strengja í skurði og fjarlægð frá öðrum lögnum í sama skurði skal vera í samræmi við leiðbeinandi þversnið Veitna LAV-130 og skal sérstaklega gætt að hafa bil á milli lágspennustrengja amk. jafnt þvermáli strengja. Vanda skal lagningu strengja við þveranir á öðrum lögnum í skurðum og tryggja að að dýpt á strengi sé ávallt amk. 700 mm, frá endanlegu jarðvegsyfirborði.

Útdráttur:

Skipuleggja þarf vel útdrátt jarðstrengja og útdráttur skal framkvæmdur í sem fæstum áföngum og hægt er og ekki dregnir út styttri leiðir en sem nemur vegalengd á milli staura til að komast hjá óþarfa tengingum.

Skoða skal strengkefli hvort sýnilegar skemmdir séu á kápu jarðstrengja áður en dregið er út. Fyrir strengi sem eru 50mm<sup>2</sup> og grenni er heimilt að nota t.d. segulnagla og draga út á höndum ef það er gert varlega. Passa skal að strengir nuddist ekki við skarpar brúnir og steina við útdrátt og gæta skal að það snúist ekki upp á strengi við útdrátt. Við lengri útdrátt getur þurft að nota trissur/útdráttarhjól sem strengurinn hvílir til að hindra núning við sandundirlag og koma í veg fyrir skemmdir á ytri kápu strengja á.

Snúningsátt útdráttar á jarðstreng skal vera mótlæg við veltistefnu keflis samanber ör fyrir veltistefnu keflis sem merkt á því.

Togþol og beygjuradíus:

Gæta skal sérstaklega að hámarkstogþoli jarðstrengja við útdrátt en það gefið upp á upplýsingablöðum frá framleiðanda og oft er það skráð utan á keflunum fyrir viðkomandi streng. Þar sem ekki eru til uppgefin gildi fyrir hámarkstogþol er hægt að notast við neðangreinda reikniforsendu þegar fest er í leiðarana eða notaður útdráttasokkur.

Strengur með álleiðurum : 30 x P (N)

Strengur með koparleiðurum: 50 x P (N)

P = Leiðarapþversnið í mm<sup>2</sup>

Útdráttur strengja skal vera með jöfnum hraða til að koma í veg fyrir að rykkt sé í strenginn. Verktaki skal geta sýnt fram hvaða togkraftar eru notaðir við útdrátt ef eftir því er kallað.

Lögð er áhersla á að tryggja lágmarksbeygjuradíus á jarðstrengjum til að lágmarka áraun á einangrun og kápu strengsins. Ef þessar upplýsingar liggja ekki frá framleiðanda má miða við 8 x D þ.s. D er þvermál ytri kápu jarðstrengs.

Hitastig:

Fara þarf sérstaklega varlega með jarðstrengi þegar kalt er úti og lágmarksútihiti við útdrátt strengja sem eru með PEX/XPLE einangraðir með PE kápu er -10 °C. Ef að útdráttur jarðstrengja er unnin við 0 °C og lægri útihita þarf að geyma keflið áður en dregið er út í upphitðu rými í amk. einn sólarhring og vanda þarf sérstaklega meðhöndlun strengja.

Frágangur:

Þar sem jarðstrengslagnir enda og á verkmörkum, skal gert ráð fyrir nægilegri lengd af streng til þess að ganga frá tengingu strenglagnar við endabúnað, t.d. í næsta staur eða skáp. Strengir og jarðvír skulu dregnir inn um strengop á ljósastaur og skulu ná 300 mm upp fyrir efri brún á tengiopi staura.



Auk þessa skal gert ráð fyrir hæfilegri umframlengd sem grafin verði niður í bugðu við tengistað og grafa má upp ef færa þarf upp á strenginn síðar, t.d. vegna bilunar í endabúnaði. Haft skal samráð við eftirlitsmann þegar ákvarða á umframlengd vegna þessa og frágang. Á verkáfangamörkum og á keflum skal loka öllum strengendum með herpihólk þannig að ekki komist vatn inn í strengi.

Þegar strengir eru dregnir í rör skal tryggja að þau séu hrein og laus við steinefni og öðru sem getur skaðað strengi og torveldað útdrátt. Við rörenda, þar sem strengur fer inn í eða kemur út úr röri skal ganga frá jarðstrengjum á varanlegan hátt þannig að hann liggi ekki í brún rörsins og kápa hans geti skemmst. Þegar strengur hefur verið dreginn í rör skal loka rörendum með viðurkenndu þéttiefni eða límbandi, þannig að vatn og jarðvegur komist ekki inn í rörið.

Eftirlitsmaður skal taka út strenglagnir áður en sandað er yfir þær og tryggt skal að innmælingum á strengjum sé lokið áður en sandað er yfir.

**Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið einingarverð á lengdarmetra jarðstrengja sem lagðir eru í skurði, dregnir í hlífðarrör, hringaðir í hankir og merking á strengjum, samkvæmt mælingu á staðnum. Innifalið í einingarverði skal vera allt efni m.a. endahettur, þéttiefni fyrir fyrir rörenda, allt fullfrágengið, bæði efni og vinna.*

### 3.8.5 Umsókn um heimtaug

Verktaki skal sjá um að tengja heimtaug 1x16A fyrir skáp vegna snjóbræðslu. Verktaki skal sjá um öll nauðsynleg samskipti við Veitur vegna heimtauga.

**Magntölur og uppgjör:**

*Magntala er heild. Innifalið skal vera tenging á heimtaug í tengiskáp, allur tengibúnaður við heimtaug og öll samskipti við Veitur. Allt fullfrágengið, bæði efni og vinna.*

## 4 BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR

### 4.0 Almennt

Í þessum kafla eru tilgreind drenlag, síulag, jarvegsdúkur og þéttur dúkur sem eru hluti blágrænna lausna í verkinu.

Að öðru leyti er blágrænum beðum lýst í kafla 6 með tilheyrandi greiðsluliðum.

Sjá teikningar landlagsarkitekts nr. 201,205 og 206 auk teikningar VSÓ nr. 1.35 sem sýna yfirlitsmynd og snið af þessum lausnum. Mikilvægt er að skoða þessi snið vel þar sem um er að ræða nýjar útfærslur og sértækt efnisval á annars vel þekktum yfirborðsfrágangi (þ.e. gangstéttar og gróðurbeð). Afar mikilvægt er að vanda vel til verka og tryggja að farið sé eftir verklýsingu og efniskröfum. Þá skal hafa samband við eftirlitsaðila verkkaupa um öll vafaatriði og taka tillit til þess að sumar efniskröfurnar gætu krafist lengri afgreiðslutíma hjá efnisframleiðendum.

### 4.1 Regnbeð

#### 4.1.1 Jarðvegsdúkur

Verktaki skal útvega og leggja jarðvegsdúk meðfram hliðum og undir gegndræpt styrktarlag í samræmi við fyrirliggjandi teikningar til þess að koma í veg fyrir að fínefni skolist inn í lagið úr fyllingarefni. Ekki þarf að nota jarðvegsdúk ef um klöpp eða fínaefnalítið fyllingarefni (minna en 10%) er að ræða. Nota skal óofinn dúk með mekanískri bindingu (needle punched) eða sambærilegan. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til hans:

- Þyngd >155 g/m<sup>2</sup>
- Togstyrkur >12 kN/m

Skörun á dúk skal ekki vera minni en 400 mm. Við skörun skal leggja nýjan enda undir þann enda sem kominn er. Gæta skal þess þegar fyllt er yfir dúkinn að hann gangi ekki til og brot komi í hann. Rifni dúkurinn skal verktaki gera við hann samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Við alla meðferð og geymslu á dúknum skal fara eftir leiðbeiningum framleiðanda hans þar um. Skörun og afskurður, sem og öll önnur rýrnun dúks skulu innifalin í einingaverði verktaka. Verktaki skal með góðum fyrirvara leggja fyrir verkkaupa upplýsingar um þann jarðvegsdúk sem hann hyggst nota.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Magn er mælt í fermetrum (m<sup>2</sup>), og er það áætlað. Endanlegt uppgjör fæst af mælingu yfirborðs og kennisniðum. Einingarverð skal innifela allan tækja- og vinnukostnað eins og hér hefur verið lýst, allan flutning á efni og efniskostnað.*

#### 4.1.2 Þéttur dúkur

Þar sem gegndræpt styrktarlag er lagt upp að lóðréttu steyptu yfirborði og hætta er á að vatn geti komist úr gegndræpu styrktarlagi að steyptum mannvirkjum skal leggja þéttan dúk upp að steyptum flötum í samræmi við fyrirliggjandi teikningar áður en styrktarlag verður lagt. Þéttur dúkur skal vera takkadúkur eða sambærilegt efni samþykkt af eftirlitsaðila. Festingar og skörun skal fara eftir leiðbeiningum framleiðenda.

### **Magntölur og uppgjör:**

*Magn er mælt í fermetrum ( $m^2$ ), og er það áætlað. Endanlegt uppgjör fæst af mælingu yfirborðs og kennisniðum. Einingarverð skal innifela allan tækja- og vinnukostnað eins og hér hefur verið lýst, allan flutning á efni og efniskostnað.*

#### **4.1.3 Jarðefnislög í regnbeði**

##### **Drenlag**

Drenlag er lagt í botn regnbeða á dýpt, breidd og þykkt eins og lýst er á teikningum. Efni í drenlag má vera með sömu eiginleika og lýst er í lið 4.1.2 fyrir gegndræpt styrktarlag.

Mikilvægt er að sjá til þess að fínefni komist ekki í drenlag við framkvæmd og skal því ganga úr skugga um að jarðvegsdúkur sé lagður skv. kafla 4.2.4, að afrennsli frá nærliggjandi svæðum komist ekki í efnið meðan verið er að leggja það og að uppbygging regnbeða fari fram eins seint í framkvæmdaröð og hægt er.

Ekki er nauðsynlegt að þjappa efnið en sjá skal til þess að steinar skorðist vel saman svo að efri lög setjist ekki þannig að ójöfnur myndist á yfirborði.

##### **Síulag**

Síulag skal lagt yfir drenlag með breidd og þykkt eins og lýst er á teikningum. Eftirfarandi síukröfur á milli drenlags og ræktunarlags, þar sem gildir að  $d_{P60\%} \leq 3 \times d_{P10\%}$ , skulu vera uppfylltar sem hér segir, þar sem  $d$  (mm) táknar korna- eða möskvastærð,  $P$  táknar sáldur (%), gróft táknar grófasta hluta grófgerðara efnisins og smátt táknar fínasta hluta smágerðara efnisins:

$$d(\text{gróft})_{P15\%} \leq 5 \times d(\text{smátt})_{P85\%}$$

Þessum kröfum verður mætt með því að setja sérstakt lag á milli laganna, síulag, sem skal vera 50 mm þykkt. Notast má við efni í síulag með sömu eiginleika og lýst er í lið 4.1.1 fyrir gegndræpan í lagnarsand.

Mikilvægt er að sjá til þess að fínefni komist ekki í síulag og skal því ganga úr skugga um að jarðvegsdúkur sé lagður skv. kafla 4.2.4, afrennsli frá nærliggjandi svæðum komist ekki í efnið meðan verið er að leggja það og að uppbygging regnbeða fari fram við heppileg veðurskilyrði, litla úrkomu og eins seint í framkvæmdaröð og hægt er.

## 5 FJARSKIPTALAGNIR LJÓSLEIÐARANS

### 5.0 ALMENNT

Verkið er í aðalatriðum fólgið í því, að verktaki skal leggja í skurði rör og setja niður brunna. Innifalið í öllum verkliðum er að sækja efni á vöruhótel og flytja það á verkstað ásamt geymslu og gæslu þess á verkstað. Kalla skal til innmælingarmann Ljósleiðarans áður en skurðum er lokað.

#### 5.0.1 FRAMLAG VERKKAUPA

Eftirtalið efni mun verkkaupi leggja til verksins:

- Fjölpípurör með ídregnum smápípum, Ø50
- Heimtaugarör, Ø14 mm eða Ø10 mm
- Þverunarrör Ø110 og Ø50 Samsetningar fyrir fjölpípurör og smápípur
- Lok fyrir fjölpípurör og smápípur
- Viðvörunarborði eða jarðvegshlíðarplötur
- Inntakskassar
- Jarðbrunnar (hellur eru undanskildar)
- Upplýsingaskilti verksvæða

Efni lagt til af verkkaupa verður afhent eftir því sem verkinu miðar áfram. Allt annað efni til verksins skal vera innifalið í tilboðsverðum.

Verkefnastjóri Ljósleiðarans pantar efni af vöruhótelu í samráði við verktaka. Verktaki skal leggja fram skriflega beiðni um pöntun efnis og tilgreint magn til verkefnastjóra með 3 virkra daga fyrirvara.

Efni er afhent verktaka á Vöruhótelu Eimskipa við Sundahöfn. Við afhendingu skal verktaki yfirfara hvort rétt efni sé afgreitt, í réttu magni og hvort það sé í lagi. Afrit af vörupöntuninni fylgir afgreiðslu vöru og skal verktaki geyma þessi afrit.

Verktaka er ekki heimilt að taka hluta af pöntun af vöruhótelu.

Afhending efnis er háð opnunartíma hótelsins sem er 8:00 – 16:00 virka daga.

Afgreiðsluferill Vöruhótels:

- Efni sem er pantað fyrir hádegi verður til afhendingar fyrir hádegi næsta virka dag.
- Efni sem er pantað eftir hádegi verður til afhendingar síðdegis næsta virka dag.

Efni sem verkkaupi leggur til er á ábyrgð verktaka strax eftir móttöku þess. Verði efni, sem verkkaupi leggur til, fyrir hnjaski eftir að það er komið í vörslu verktaka ber verktaki á því alla ábyrgð.

Verktaki skal sækja efnið innan tveggja daga frá pöntun. Ef efnið er ekki sótt innan tveggja daga verður það skráð inn á lager aftur og skal verktakinn þá greiða kostnað vegna innskráningarinnar.

Að verki loknu skal verktaki skila inn efnisafgöngum til Vöruhótels Eimskipa ásamt skilavörublaði sem hann fær frá verkefnastjóra Ljósleiðarans. Starfsmenn Eimskips yfirfara ástand efnis og magn og skrá efnið inn á Vöruhótelu.

## 5.1 LAGNING RÖRA

Í fjölpípurörin hefur framleiðandinn komið fyrir þeim fjölda smápípa sem Ljósleiðarinn hefur óskað eftir. Smápípur eru af mismunandi gildleika, hafa mismunandi lit og númer. Til að tryggja rétt vinnulag við samsetningu og greiningu ljósleiðararöra skal verktaki leita upplýsinga hjá verkkaupa áður en framkvæmdir hefjast.

Sérstök handáhöld þarf til þessarar röravinnu. Verkkaupi krefst þess að við verkið verði ekki notuð önnur áhöld og tæki og að þau standist þær tækni- og gæðakröfur sem verkkaupi og framleiðandi gerir. Verktaki skal sjálfur útvega sér slík sérhæfð áhöld og skal allur kostnaður innifalinn í tilboðsverðum.

Pípuefni ásamt tengistykkjum er lagt til af verkkaupa sbr. kafla 1.1.1. Verkáfanga telst ekki lokið nema innmælingum á rörum og rörendum sé lokið. **Ef lagnakerfi hefur ekki verið innmælt að fullu þegar skurði hefur verið lokað mun verkkaupi fara fram á að grafið verði niður á lagnakerfi til að hægt sé að klára innmælingar.**

### 5.1.1 Röralögn

Verktaki skal leggja tilgreind rör í skurði skv. sniðmyndum og ganga frá endum þeirra á tilskilinn hátt.

Fjölpípurörin verða fyllt af smápípum með þeirri uppröðun sem við á hverju sinni. Við útlögn röra skal verktaki leggja til og nota keflavagn sem ber kefli og tryggir snúning þess við útdrátt af því. Verktaki skal tryggja að rör rúlli rétt af kefli þannig að rör verði ekki fyrir tjóni við útlagningu.

Öllum endum röra skal loka með þar til gerðum lokum til varnar því að sandur, grús og önnur óhreinindi komist inn í pípurnar. Skal lokun fara fram strax og pípa hefur verið tekin í sundur. Á þetta við hvort heldur sem pípan er á geymslusvæði, útlögð á skurðbakka eða eftir niðurlögn í skurð. Minnstu óhreinindi eða bleyta úr jarðvegi sem kemst inn í smápípu getur hæglega valdið viðnámsaukningu í henni, sem gerir ókleift að blása ljósleiðara í pípuna. Endurtekinn misbrestur leiðir til athugasemdar í ferilskrá verktaka við mat Ljósleiðarans. Verkáfangi röra telst ekki greiðsluhæfur fyrr en lokun hefur verið staðfest af eftirlitsmanni.

Við útdrátt röra af keflum skal gæta ýtrustu varfærni þannig að ekki myndist snúningsátak á rörið og gæta skal þess að útdráttur fari fram það rólega að bæði fjölpípurör og smápípur náí að aðlagast afréttingunni án þess að afmyndast, falla saman eða slitna. Eftir því sem útdráttur fjölpípuröra fer fram við lægri útihita því meiri verður hættan á afmyndun eða sliti á smápípum við útdrátt. Neðri mörk miðast við 0°C.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta fara fram skyndikannanir á gæðum einstakra verkþátta á meðan á verki stendur. Þar á meðal að blástursprófa smápípur. Þótt skyndikönnun leiði ekki í ljós neitt ábótavant við verkþáttinn, friar það verktaka ekki við þeirri ábyrgð sem verksamningur þessi krefst.

Við útlögn röra skal verktaki tryggja að kröfur framleiðanda um lágmarks radíus (mestu beygju) á rörum verði uppfylltur og forðast skal allar ónauðsynlegar beygjur á lögninni. Ef lögn er laus við öll óhreinindi á innra yfirborði pípa sýnir reynslan að beygjur á pípunni valda mestum erfiðleikum í blæstri ljósleiðara í smápípurnar. Jafnframt geta beygjur á röralögninni valdið aukinni deyfingu á ljósflutningi ljósleiðarans og torvelað verkkaupa að uppfylla kröfur um mörk deyfingar ljósmerkis á milli tengistöðvar og einstakra heimila.

Þegar fjölpípurör er lagt í brunn skal endi fjölpípurörsins, smápípur og heimlagningar ná í mótlægan brunnvegg, sbr mynd 5.1. Minnkar það líkur á að rör og pípur dragist út úr brunninum vegna jarðrasks í nálægð við hann eða vegna hitabreytinga.

Verktaki skal tryggja að nýting fjölpípuröra og smápípa verði eins góð og kostur er. Aldrei skal leggja út lengri rör í skurð en ýtrasta nauðsyn krefur og mun eftirlitsmaður rita í dagskýrslu og tilkynna verktaka skriflega á verkfundi ef hann telur misbrest á. Endurtekinn misbrestur leiðir til athugasemdar í ferilskrá verktaka við mat Ljósleiðarans.

Þegar fyrirbyggjandi eru hlífðarrör (t.d. í gatnaþverunum eða ídráttarrörum í inntaki húsa) sem kerfislögn ljósleiðarar er dregið í skal sérstaklega gætt að lokun rörenda til að ekki komist óhreinindi inn í pípur.

Þegar heimtaugarör liggja saman í skurði skal þeim raðað kerfisbundið í skurðbotn þannig að þveranir séu lágmarkaðar. Fléttun lagna í skurði eru óheimilar og skal þess sérstaklega gætt að smáhlykkir séu ekki á rorum. Sé botnbreidd meiri en 100 mm skal taka heimtaugarör saman í knippi og binda saman á 1,5 m bili með plastböndum eða sambærilegu. Ekki má strekkja saman rorin heldur gefa kost á mishreyfingu þeirra m.a. vegna hitaþenslu.

### **Greiðslur:**

*Greitt er fyrir lengdarmetra (m) í fullfrágenginni lögn fjölpípuröra og heimlagningaröra.*

### **5.1.2 Ídráttarrör**

Verktaki skal leggja Ø 50mm og 110mm ídráttarrör m.a í götuþverunum og þar sem eftirlitsmaður fyrirskipar að leggja slík rör. Ídráttarrör skulu lögð í grafinn skurð og frágangur allur fylgja forsendum hvers verkliðar er varðar þjöppun og legu.

Verktaki skal leggja ídráttarrörið í skurðsnið og stilla lengd þess til samræmis við þverunarlengd. Samsetningar ídráttarröra ásamt tengingum við múffutengi eða inntak brunna, skulu þannig framkvæmdar að ídráttur geti farið fram án skemmda eða fyrirstöðu. Draga skal tilgreindar kerfislagnir ljósleiðara í gegnum ídráttarrör.

### **Greiðslur:**

*Greitt er fyrir lengd (m) fullfrágenginna ídráttarlagna.*

## **5.2 Brunnar**

Þar sem brunntákn er sýnd á teikningu skal verktaki í samráði við eftirlitsmann staðsetja og koma fyrir brunnum í jörð. Brunnar eru byggðir á einingum sem verktaki skal setja saman í samræmi við forsendur framleiðanda. Við samsetningu skal tryggja gæði festinga og þéttleika frágengins brunns gagnvart jarðefnum, jafnt í kassanum sjálfum, við inntök lagna og við lok.

Við niðursetningu brunna skal verktaki afla sér upplýsinga um væntanlega yfirborðshæð frágengins yfirborðs og miða dýpt á frágangshæð á lokum brunna við hana. Ef endanleg yfirborðshæð er ekki þekkt skal verktaki ganga frá hæð brunns í samráði við starfsmann Ljósleiðarans. Tákn brunna á teikningu sýna hvernig brunnur skal snúa.

Verktaki skal grafa fyrir brunnum í samræmi við frágangssnið teikninga og þjappa undirlag í samræmi við burðarkröfu hveðrar einingar. Að frágangi ljósleiðararöra inn í brunn loknum skal fylla að brunnum með sandi og frostfríu þjappanlegu fyllingarefni. Þjöppun skal gerð í 300 mm lögum og vera í samræmi við kröfur framleiðanda um frágang til að varanleiki og stöðuleiki sé tryggður við aðstæður á hverjum stað.

### **Brunnar, 900x600**

Brunnar eru með tvískiptu járnsteypuloki sem gert er fyrir 12,5 eða 40 tonna áraun. Rammar eru þeir sömu fyrir báðar gerðir járnloka. Stærð brunna er l x b x h=900 x 600 x 650 mm. (að innanmáli).

Undir brunna skal leggja sex stk 60x400x400 mm hellur á frostfrítt undirlag sem hefur verið rétt af að fullu og þjappað.

Göt í brunna fyrir fjölpípu- og fóðurrörum skal bora úr einingum í samræmi við fjölda í hverju tilviki og gæta þess að brúnir séu sléttar og skaðlausar. Þetta skal milli inntaksröra og brunns til þess að tryggja að óhreinindi berist ekki inn í brunn. Við ákvörðun inntaksstaða fjölpípu- eða fóðurröra inn í brunn skal stuðst við grunnmynd 1. um kerfisuppröðun inntaka í brunn. Almenn regla er að inntök skuli vera á mótlægum göflum og við mótlæga hlið brunna. Fjölpípu- eða fóðurrör sem koma inn í brunn skulu ganga 50 mm inn í brunn og sett í inntaksgöt merkt 1 fyrir t.d fjölpípu og 2 fyrir heimtaugarör og svo framvegis. Gæta skal þess að rörendi fjölpípu eða fóðurröra í brunni sé láréttur og hornréttur á inntaksgafl og að smápípurör sé óskemmd í brunni. Verktaki skal hreinsa öll óhreinindi og efnisafganga úr brunni við verklok, svo hann sé hreinn og snyrtilegur.


Almennt gildir að þar sem fjölpípu- og heimtaugarör koma inn í brunn skulu rörendar enda á sama stað í brunni. Heimtaugarör skulu snyrtilega bensluð saman á 150 og 550 mm bili inni í brunni og 600 mm utan við brunn. Heimtaugarör sem koma beint í brunn skulu sett í gegnum fóðurrör Ø50/600. Í hvert fóðurrör skal settur sá mesti mögulegi fjöldi heimtaugaröra sem hægt er áður en nýtt fóðurrör er sett. Fóðurrör skal staðsetja í næsta ónotaða númer inntaka á gafl brunns eftir fjölpípurör og ná 50 mm inn í brunn. Setja skal tróð í ytri enda fóðurröra þegar heimtaugarör hafa verið dregin í þau til lokunar á jarðefni.

Öllum rörendum skal lokað með töppum strax og rör eru klippt sundur til að hindra sand og önnur óhreinindi í að komast inn í rör, meðan unnið er með þau í skurðum og opnum jarðvegi. Tryggja skal að það séu endatappar á smápípurörum og heimtaugarörum þegar þeim hefur verið komið fyrir í brunni.


Verktaki skal kennimerkja öll fjölpípurör og heimæðarör sem lögð eru inn í brunna. Merking skal á óyggjandi hátt sýna hvaðan hvert rör kemur s.s. með heiti þess brunns sem rörið kemur frá eða heimilisfang húss, með götuheiti og húsnumeri, (inntakskassa). Merkingar skulu vera þannig gerðar að þær máist ekki af og að þær þoli raka, til dæmis gulur brother borði. Við verklok skal settir tappar í göt sem eru í brunnlöki.

Ekki má fylla að brunni fyrr en eftirlitsmaður hefur samþykkt frágang hans og lagna utan við og í brunni.

**Brunnur Ljósleiðarans 900x600, leiðbeinandi frágangsmýndir**



Eftirfarandi reglur skal hafa í huga við staðsetningu röra inn í brunna:



**Mynd 5.1: Grunnmynd brunns**



Verktaki skal hreinsa öll óhreinindi og efnisafganga úr brunni við verklok, svo brunnur sé hreinn og snyrtilegur. Áður en lok er sett á brunn skal verktaki ganga frá stálkanti sem er efst á plastbrunnum og stilla af í hæð. Ganga skal þannig frá brunnum að hægt sé að komast í þá aftur og gæta þess að tappa sem fylgja með lokunum séu settir í götin sem eru á lokunum. Ekki skal þó setja tappa í brunnlok fyrr en eftirlitsaðili frá Ljósleiðaranum hefur samþykkt brunninn.

Áður en brunni er lokað skal eftirlitsmaður samþykkja lokafrágang í brunni og skal það skráð í dagskýrslu eða úttektarblöð. Vísun í dagskýrslu/úttektarblað skal fylgja greiðslukröfu vegna brunns.

Hver brunnur sem settur er á fyrirliggjandi fjölpípulagnir fær 10% álag ofan á einingaverð verktaka óháð fjölda lagna sem brunnur tengist.

Verkáfanga telst ekki lokið nema innmælingum á brunnum sé lokið. **Ef lagnakerfi hefur ekki verið innmælt að fullu þegar skurði hefur verið lokað mun verkkaupi fara fram á að grafið verði niður á lagnakerfi til að hægt sé að klára innmælingar.**

### **Magntölur og uppgjör:**

*Greitt er fyrir hvern (stk) fullfrágenginn og úttekinn brunn, óháð fjölda inntakslagna.*

## 6 FRÁGANGUR TORGS

### 6.0 ALMENNT

Um er að ræða fullnaðarfrágang svæðis í grónu hverfi og skal verktaki huga vel að góðri umgengni á verkstað og í nágrenni hans.

Verktaka er bent á að kynna sér vel allar aðstæður svo og teikningar áður en hann mælir fyrir einstökum verkhlutum. Komi í ljós misræmi milli teikninga eða milli teikninga og verklýsingar lóðarhönnunar skal leitað álits hönnuða og eftirlitsmanns verkkaupa.

Verktaki skal vanda alla hæðarsetningu á svæðinu og tryggja að vatnshallar og annar frágangur sé í fullu samræmi við teikningar. Komi upp vafaatriði á verktíma eða óvænt atriði sem kalla á breytingar skal leita til eftirlitsmanns sem jafnframt leitar álits lóðarhönnuðar.

### 6.1 JARÐVINNA

#### 6.1.0 Almennt

Allur gröftur og grúsarfyllingar vegna götu, gangstétta og regnbeða er tilgreindur í kafla 2.2 og 4.1. Gröftur fyrir undirstöðum götugagna er tilgreindur í lið 6.1.3.

Verktaki jafnar svæðið eftir því sem hæðir á núverandi lóð gefa til kynna.

Ef um aðlögun að frágengnu umhverfi, t.d. vegum, gangstéttum eða núverandi lóðamörkum er að ræða og slík aðlögun hefur í för með sér breytingar á hæðum og þar með magntölum, skulu verktaki og verkkaupi sannreyna breytingar með mælingum.

*Liðurinn er án verðs.*

#### 6.1.1 Grúsarfylling

Jarðvinna og grúsarfyllingar vegna gatna, gangstétta og regnbeða er tilgreind í kafla 2.2 og 4.1.

Magntölur í tilboðsskrá þessa liðs eru einungis fyrir aukalegt jöfnunarlag og fyllingu í rör undir holtagrjót í beðum.

*Magntala er m<sup>3</sup> fyllingar. Í tilboðsskrá er gerður greinarmunur á jöfnunarlagi og fyllingu í rör undir holtagrjót í beðum.*

*Einingaverð skal innifela efni og fullnaðarfrágang jöfnunarlags og fyllingar.*

#### 6.1.2 Gröftur fyrir undirstöðum

Verktaki skal grafa holur og koma fyrir undirstöðum samkvæmt teikningum og sundurliðun í magntöluskrá: 1. undirstöður bekkja í „Snáknum“, 2. hjólastanda fyrir rafvædd hjólastæði og 3. fyrir undirstöður holtagrjóts í gróðurbeðum, 4. Undirstöður rafhlaupahjólastæða og 5. Undirstöður fyrir sorptunnur.

Áður en verktaki gengur frá fyllingu og yfirborði skal hann koma fyrir þessum undirstöðum:

1. Undir fætur bekkja er gert ráð fyrir 40x40x8 cm hellum, sem sitja á grúsarfyllingu neðan við sandlag með snjóbræðslu.

2. Undirstöður fyrir „smart hjólastæðum, sem framleiðandi skaffar. Undirstöðum skal koma fyrir ofan á fullþjappaðri grús. Áður en fyllt er að undirstöðum skal koma fyrir rafmagnstenginum á milli allra hjólastæðanna sjá teikningu 208.
3. Plaströrum í – 300-400mm og um 600-700mm löng, sem verða nýtt sem stólpar undir holtagrjót í gróðurbeðum í Snáknum. Rörin skulu staðsett ofan á burðarhæfan botn í beðum og grúsarfyllt, einnig skal þjappa grús utan um rörin í 30cm hæð áður en gróðurmold er sett í beðin. Efri brún röra skal vera 150-200mm undir endanlegu yfirborði og tryggt að þau komi ekki í ljós þegar jarðvegur sígur í beðunum.
4. Undirstöður fyrir rafhlaupahjólastæði skal koma fyrir við sitt hvorn endann á hverri 5 stæða einingu. Framleiðandi skaffar undirstöðurnar en í þeim er gert ráð fyrir rafmagnsröri til að tengja við stæðin.
5. Verktaki skal steypa undirstöðu fyrir borgar sorptunnum samkvæmt teikningu 209. Botnstykki tunnunnar boltast við undirstöðuna, en hellulagt er að steypa rammanum.

*Magntala er stk hola ásamt undirstöðunum frágengnum: hellu, undirstöðum rafhlaupa- og hjólastæða og röri/ hólki – 400x 600mm ásamt undirstöðu sorptunnu, sundurliðað í magntöluskrá*

*Einingaverð skal innifela gróft ásamt röri með grúsarfyllingu og öðrum tilgreindum undirstöðum niðurkomnum fullfrágengnum*

### **6.1.3 Forsteyptar einingar fyrir götutré**

Verktaki skal útvega og koma fyrir steypum gróðuramma fyrir götutré í stærðinni 1550x1550mm sjá teikningu 207.

Um er að ræða forsteyptar einingar sem settar eru saman á staðnum. Á einingunum er innfelldur 12mm skrúfgangur á hverju horni eininganna. Tveir á efri horni og einn að neðan. Einingarnar eru 8cm þykkar og skulu forsteyptar einingar þola þann ytri jarðþrýsting sem þær verða fyrir þannig að eining geti staðið án aðstoðar innri jarðþrýsings (jarðvegi innan í beði) án þess að falla saman eða aflagast. Eining þarf einnig að geta borið stálrist skv. teikningum arkitekts og skal ending á lausnum sem valdar eru hafa amk 25 ára endingu án viðahalds, vera sterkbyggðar og traustar. Þar með talið steypa og sú steypuhula sem valin er á steypustyrktarstangir og festingar fyrir rist.

Einingarnar þjóna tvennum tilgangi annars vegar að skapa rótarrými fyrir götutré og hins vegar að vera burðarhæfur rammi fyrir stálrist í kringum tréin. Magntölur fyrir stálamma er undir lið 6.3.1 í magntöluskrá.

Undir fætur á steypueiningum skal koma fyrir hellum í stærðinni 30x30x8cm. Grúsarfyllt er að fótum í um 10 cm hæð. Áður en grúsarfyllt er að einingunum að utanverðu skal setja hrossatað og gróðurmold í hólfin og leyfa moldinni að flæða á milli fótanna út fyrir rammann. Þetta er gert til að tryggja að rætur geti einnig teygst sig út fyrir rammann á seinni vaxtarstigum.

*Magntala er stk samsettar steypueiningar ásamt hellum undir fætur sundurliðað í magntöluskrá. Gróðurmold er ekki innifalin í þessum lið*

*Einingaverð skal innifela gróft ásamt niðursetningu eininganna og samsetningu, tilbúinni fyrir gróðursetningu trjáa og frágang á ristum .*

#### **6.1.4 Gróðurmold í trjábeðum**

Verktaki skal útvega gróðurmold í trjábeð. Gróðurmoldina skal meðhöndla á eftirfarandi hátt:

Þykkt gróðurmoldarlags í trjábeðum skal vera minnst 50 cm

Endanleg gróðurmoldarblanda skal vera loftrík og létt og með pH-gildi (sýrustig) á bilinu 5-7.

Blanda skal húsdýraáburði í beðin og skal miða við að nota 15 m<sup>3</sup> á hverja 100 m<sup>2</sup> í beðum og í samsvarandi hlutföllum við hvert stakt tré. Húsdýraáburðurinn skal vera laus við hálm og önnur óhreinindi.

Blanda skal lífkolum í moldina og skulu þau vera 10% af heildarmagni moldarinnar, sjá magntöluskrá.

Vinna skal jarðveginn með skóflu og/eða tætara þannig að moldin sé mildin og áburður blandist vel.

Gæta skal að því að ekki myndist dældir eða óþarfa ójöfnur við útlagningu moldarinnar.

Alla grasrót skal fjarlægja úr beðunum.

Áður en gróðursett er skal blanda í efsta lag beðanna með tætara u.þ.b. 20 kg af áburðarkalki á hverja 100m<sup>2</sup> (nákvæmt magn fer eftir sýrustigi moldarinnar) og 5 kg af þrífosfati á hverja 100m<sup>2</sup>. Áburðurinn skal tæta vel saman við moldina áður en gróðursett er.

Endanleg lögun gróðurbeða er sýnd á sneiðingum, en beðin í „Snáknum“ eru jafnframt regnbeð og er yfirfall staðsett í hverju beði.

Yfirborð moldarlags í trjábeðum í Snáknum er 10cm neðar en yfirborð hellulagnar umhverfis beðin. En beðin halla einnig inn að miðju.

*Magntala er rúmmetrar moldar ásamt lífkolum og miðast við 50cm þykkt lag í trjábeðum og undir götutré.*

*Einingaverð skal innifela gróðurmold, lífkol, áburð og jarðvinnslu þ.e. beð fullfrágengið og tilbúið til gróðursetingar.*

#### **6.1.5 Hrossatað í góðurbeðum**

Undir gróðurmoldarlagi skal gera ráð fyrir 30cm þykku lagi af hrossataði sem blanda skal með 10% vikri og 15% lífkolum. Hrossataðið skal vera laust við hálm og önnur óhreinindi. Efnunum skal blanda vel saman með skóflu eða tætara, þannig að úr verði létt loftrík blanda.

*Magntala er rúmmetrar sundurliðað í hrossatað, vikur og lífkol og miðast við 30cm þykkt lag neðst í trjábeðum og 20cm neðst í beðum undir götutré.*

*Einingaverð skal innifela blönduna fullunna og niðurkomna sem neðsta lag í moldarbeðum.*

## 6.2 FRÁGANGUR YFIRBORÐS

### 6.2.0 Almennt

Um er að ræða fullnaðarfrágang á yfirborði 1.áfanga Hlemmsvæðis. Verkið þarf að vanda vel og er þess krafist að skrúðgarðyrkjumeistari eða verktaki með mikla reynslu innan skrúðgarðyrkju sinni daglegri verkstjórn.

Ef upp kemur ósamræmi í teikningum miðað við núverandi staðreyndir skal bera það undir eftirlitsmann sem kallar til lóðarhönnuð ef með þarf.

### 6.2.1 Hellulögn

Hellumynstrið í heild sinni byggir á mynstri sem endurtekur sig frá litlum hellum upp í stærra, þar sem prinsippið er að minnstu hellurnar eru þar sem gert er ráð fyrir þjónustuvegi með akstursálagi.

Öll hellulögn á svæðinu er lögð ofan á snjóbræðslu.

Ofan á grúsarfyllingu komi 7cm af grófum sandi þar sem gert er ráð fyrir snjóbræðslu. Gæta skal þess vel að aka ekki með þung tæki út á þessi svæði eftir að rörin hafa verið lögð. Varað er við að nota traktorsgröfur eða önnur slík tæki til að dreifa sandi á rörin.

#### Gæðakröfur varðandi hellur

Prófanir á hellum skulu gerðar samkvæmt dönskum staðli DS 400 þar sem því verður við komið. Frostþol er prófað eftir NORDTEST METHOD MT BUILD 209. Hellurnar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Beygjuþol með 400 mm spennuvídd og línulöstun á miðju skal vera stærra en 4 MPa. 5 hellur sem valdar eru af handahófi úr magni afhentu sama dag, teljast þó uppfylla kröfur um beygjuþol þó ein hafi minna beygjuþol en 4 MPa, enda sé meðaltalsbeygjuþol hellnanna stærra en 4,5 MPa.

Mesta frávik frá fyrirhugaðri lengd eða breidd skal vera minna en 2 mm.

Mesta frávik frá fyrirhugaðri þykkt skal vera minna en 2 mm.

Mesta frávik frá réttsskeið sem lögð er á slitflöt eða kant hellu skal vera minna en 3 mm.

Hornskekkja skal vera minni en 3 mm á 500 mm.

Hellur fullnægi byggingarreglugerð varðandi alkalíkröfur.

Yfirborð hellnanna skal vera slétt, vel þétt og áferðafallett og laust við útfellingar

Frostþol skal athugað samkvæmt NORDTEST METHOD NT BUILD 209. Nota skal 3% NaCl upplausn, 28 frostþýðu-hringi og skal flögnun vera minni á 0,5 kg/m<sup>2</sup> sé tekið meðaltal 5 sýna. Ekkert sýnanna skal hafa meiri flögnun en 0,6 kg/m<sup>2</sup>.

Verkkaupi geri kröfur um að helluframleiðandi hafi staðist ofangreindar prófanir undanfarin misseri sem staðfestist með vottorðum frá Rb.

Verktaki skal í viðurvist eftirlitsmanns senda sýnishorn til styrkleikaprófs minnst tvisvar sinnum meðan á verkinu stendur fari verkkaupi fram á það.

#### Gæðakröfur varðandi hellulögn

Hellur skal leggja þannig að þær hvíli á öllum fletinum og hvergi komi mishæðir á hellubrúnum. Gæta skal þess sérstaklega þar sem hellur leggjast að kanti, tröppum eða malbikuðum fleti að þær hafi minnst 15 mm yfirhæð.

Á sama hátt skulu niðurfallsristar í hellulögn vera 15 mm lægri en aðliggjandi hellur. Jafnframt skal verktaki tryggja að vatn renni örugglega í niðurföll. Í þessu verki eru niðurföll/ svelgir staðsett í regnbeðum og tryggja skal að yfirborðsvatn komist óhindrað að þeim. Millibil milli hellna skal vera 3mm, þannig að línur verði beinar. Í millibil skal strá sandi sem vökvist vel niður í rifurnar strax eftir að hellurnar eru lagðar.

NB. Verktaki skal athuga nákvæmar stærðir hellanna og endurskoða málsetningar miðað við þær niðurstöður í samráði við hönnuði og eftirlitsmann.

Verktaki ber ábyrgð á hellulögn í eitt ár frá afhendingu.

Þar sem þess er þörf skulu hellur sagaðar. Verð fyrir sögun komi í lið 6.2.4

*Magntala er bæði sýnd í stykkjatali og fermetrum af 8cm þykkum hellum.*

*Í magntöluskrá eru magntölur sundurliðaðar eftir hellustærð og lit . Lagning snjóbræðslu og söndun er í magntölum lagnahönnuða.*

*Einingaverð skal innifela fullrágengna hellulögn ofan á sandlag með snjóbræðslu. Verð fyrir sögun komi undir lið 6.2.4.*

### **6.2.2 Hellulögn - stórar sérsteypar**

Stærstu hellurnar í eru lagðar inn í mynstur af millistórum hellum þar sem einungis er reiknað með gangandi umferð.

Stærstu hellurnar í módúlum þarf að sérsteypa og er reiknað með járnbentri blautsteypu, sjá teikningu VSÓ nr. 1.51.

Tryggja skal sérstaklega að undirlag sé jafnt og engar misfellur í yfirborði undirlags sem geta skapað spennu í hellunum.

Gera þarf ráð fyrir að stóru hellurnar séu lagðar niður með sogklukkum og við niðursetningu þarf að taka tillit til snjóbræðslulagna undir hellum.

Verktaki skal leggja fram sýnishorn af hellunum áður en vinna við lagningu hefst og skal verkkaupi samþykkja framleiðsluna áður en lagning hellanna hefst.

*Magntala er stk*

*Í magntöluskrá eru magntölur sundurliðaðar eftir hellustærð og lit. Lagning snjóbræðslu og söndun vegna hennar er í magntölum lagnahönnuða.*

*Einingaverð skal innifela fullrágengna hellulögn ofan á snjóbræðslu. Verð fyrir sögun komi undir lið 6.2.4.*

### **6.2.3 Náttúrusteinn grágrýti**

Á hellulögðu yfirborði í Snáknum skal leggja sagaðan náttúrustein (grágrýti). Steinninn skal sagaður í 6cm þykkt og stærðir eru breytilegar frá stærstu steinum í um 80x80cm niður í minnstu steina um 30x30cm. Fella skal steinana vel saman og skulu fúur að jafnaði ekki vera stærri en 1cm.

Í millibil skal strá sandi sem vökvist vel niður í fúurnar strax eftir að hellurnar eru lagðar.

*Magntala er fermetrar.*

*Einingaverð skal innifela steinninn sagaðan í einingar og niðurkominn með frágenginni fúu.*

#### 6.2.4 Sögun á hellum

Ekki má steypa í glufur á hellulögn. Hellur skulu sagaðar þar sem þess gerist þörf t.d. til aðlögunar að húsum, stöplum, brunnum, og þar sem teikningar gera ráð fyrir því.

*Magntala er sagaðir lengdarmetrar í hellulögn, sem ekki verður hjá komist að saga. Ekki verður greitt fyrir sögun sem stafar af ónákvæmni verktaka í útsetningum.*

*Einingaverð skal innifela allan tækja- og vinnukostnað við verkliðinn*

#### 6.2.5 Sögun á náttúrusteini

Reynt skal að fella steininn sem best að jöðrum og köntum, en gera þarf ráð fyrir að sum staðar gæti þurft að saga steina til aðlögunar. Ekki má steypa í glufur á steinlögninni.

*Magntala er sagaðir lengdarmetrar í steinlögn, sem ekki verður hjá komist að saga. Ekki verður greitt fyrir sögun sem stafar af ónákvæmni verktaka í útsetningum.*

*Einingaverð skal innifela allan tækja- og vinnukostnað við verkliðinn*

#### 6.2.6 Kortenstálkantur ofan á steiptum vegg

Þar sem hellulögn endar við gróðurbeð í Snáknum skal koma fyrir stálkanti ofan á steiptum vegg. Stálkanturinn styður við hellulögn og myndar 10cm kant niður í gróðurbeð sem jafnframt er regnbeð. Stálið skal beygja í vinkel í stærðinni 170x100x6mm sjá deili í teikningu 205.

Mikilvægt er að steiptur veggur sé í nákvæmri hæðarsetningu miðað við yfirborð, þannig að hellur endi í réttri hæð miðað við kantinn (lagðar með 15mm yfirhæð við kantinn sjá hellulögn 6.2.1). Stálið má ekki mynda brún við hellulögn, þar sem yfirborðsvatn þarf að ná að renna fram af kantinum í regnbeðin. Gert er ráð fyrir að sjóða hornin saman á staðnum.

Eftirlitsaðili skal taka út hæð á steiptum veggjum áður en stálkanti er komið fyrir ofan á honum. Stálvirki snáksins situr á þessum sama vegg og þarf að koma fyrir áður en gengið verður frá yfirborði.

Stálvinkillinn er festur við vegginn með 10mm boltum, sjá teikningu VSÓ nr. 1.52

*Magntaka er í lm í tilbúnum kortenstálkanti*

*Einingaverð skal fela í sér, allt efni og vinnu við formun stálsins ásamt uppsetningu kantsins á staðnum*

#### 6.2.7 Holtagrjót stök í gróðurbeðum

Í regnbeðum skal koma fyrir stökum holtagrjóts steinum samkvæmt teikningu 201.

Steinarnir skulu sérvaldir og snúa veðruðu hliðinni upp, þar sem skófir og mosi njóta sín á þeim. Til að steinarnir sökkvi ekki og hverfi ofan í moldina í beðunum skal koma fyrir grúsarfylltum rörum sjá kafla 6.1.2. Rörinum skal komið þannig fyrir að steinarnir sitji um 15cm neðar en yfirborð beðsins, til að tryggja að rörin verði ekki sýnileg þegar moldin sígur í beðunum. Hönnuður DLD skal taka út staðsetningu roranna ásamt útliti og stærðum steinanna.

*Magntaka er stk sundurliðað eftir stærðum í magntöluskrá.*

*Einingaverð skal fela í sér, flutning og niðursetningu steinanna. Grúsarfyllt rör sem undirstöður eru undir lið 6.1.2.*

### **6.2.8 Forsteypt þrep**

Við inngang suðvetsanvert á Laugarvegi skal leggja tvær raðir af forsteyptum tröppueiningum eins og fram kemur á teikningum. Undirlag skal vera 80 cm grús, þjöppuð eins og undir hellulögn. Uppstig hverrar einingar er 155 mm og framstig er 340 mm, auk þess sem hverju þrepi skal halla fram um 15‰ (5 mm), þannig að lágmarks vatnshalli sé í þrepunum. Tröppurnar eru með innsteyptri snjóbræðslu.

*Magntaka er í stk í mismunandi lengdum sundurliðað í magntöluskrá*

*Einingaverð skal innifela þrepin niðarkomin og fullfrágengin og tengd við snjóbræðslu.*



## 6.3 BÚNAÐUR Á LÓÐ

### 6.3.0 Almennt

Gera þarf ráð fyrir uppsetningu á stálvirki og bekkjum í Snáknum, en það mannvirki verður boðið út sérstaklega. Auk steyptra veggja sem undirstöður fyrir snákinn þarf að gera ráð fyrir undirstöðum fóta á bekkjum sjá lið 6.1.2. Uppsetning stálsins í Snáknum þarf að eiga sér stað áður en gengið er endanlega frá yfirborði í snáknum og jöðrum hans. Verktakar þurfa því að samræma framkvæmdir að þessu leiti.

Annar búnaður á svæðinu snertir frágang við götutré, rafvædd rafhlaupa-og hjólastæði, sorptunna og klakka til að fyrirbyggja akstur inn á hellulögn að austanverðu. Sjá eftirfarandi kafla

*Þessi liður er án verðs.*

### 6.3.1 Frágangur við götutré

Ofan á steiptan ramma fyrir götutré sjá lið 6.1.3 skal koma fyrir rist í kringum götutré sjá teikningu 207. Berandi grind úr ryðfríu stáli er fest ofan á steipta rammann. Grindin er burður fyrir ristina og jafnframt stuðningur við hellulögn í kringum rammann. Stálistin í stærðinni 1500x1500mm situr ofan á rammanum ásamt grind sem myndar stuðning fyrir tréð sjá mynd.



Myndin sýnir grind sem stuðning við tré, ristin er sambærileg nema ferköntuð í stærðinni 1500x1500mm

Koma skal fyrir drenbarka með götum 50mm breiðum sem tengist við kringlótt op á grindinni. Barkinn er lagður umhverfis hnausinn á trjánnum eins og teikning 207 sýnir.

*Magntölur eru sundurliðaðar í magntöluskrá í stykki eininga og lengdarmetra í barka.*

*Einingarverð innifelur allan kostnað við efni og uppsetningu*

### 6.3.2 Hjólagrindur – „smart lausn“

Setja skal upp 10 hjólagrindur eins og teikning 208 sýnir. Verktaki skal skaffa verksmiðjuframleiddar hjólagrindur sambærilegar þeim sem sýndar eru á ljósmynd hér að neðan. Einingarnar sitja á steiptum undirstöðum sem framleiðandi /söluaðili hjólastandanna skaffar, magntölur fyrir undirstöður eru undir lið 6.1.2.

Stæðin eru rafvædd og er gert ráð fyrir tengingu upp í hvert stæði í gegnum undirstöður. Sjá einnig rafmagnsteikningu VSÓ nr. 5.13.

Hellulögn leggst að staurunum eins og teikning 208 sýnir og sökkull er alveg hulinn undir yfirborði.



Myndin sýnir rafvætt hjólastatíf með öruggri læsingu, sem verktaki skal skaffa. Ath hellulögn leggst að stöpli sjá teikn 208

